



Lífið eftir Bessastaði

Ólafur Ragnar Grímsson segir frá því sem á daga hans hefur drifið undan-farið ár, í fyrsta viðtalinu sem hann veitir eftir að hann lét af embætti forseta Íslands. ➔ 26



Þyngsti dómur í 23 ár Thomas Möller mun afplána erlendis. ➔ 4



Innblástur frá Íslandi Sigga Heimis og ný vetrarlína. ➔ 36



Ferðist fótgangandi Werner Herzog gefur ungu fólki ráð. ➔ 40

PLÚS 2SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015



ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á upphaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér

365
365ASKRIFT.IS

Nýtt

AstaOmega

Íslenskt Astaxanthin með Omega-3 úr þörungum



Sjá sölustaði: keynatura.is


Haust vetur & vor 2017-2018

Bæklingur fylgir blaðinu í dag



Heimsferðir

Veður



Austlæg átt, 5-13, og rigning austan til í dag, en annars hægari breytileg átt. Rigning með köflum norðanlands en stöku skúrir suðvestan til. Styttir upp að mestu um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 54

Hækka verð til sauðfjorbænda

LANDBÚNAÐUR Kaupfélag Skagfirðinga hyggst greiða 13 prósent hærri verð fyrir kjöt frá sauðfjorbændum en áður hafði verið tilkynnt. Þetta kemur fram í frétt frá KS. Lækka átti verðið til bænda um 35 prósent frá fyrra ári en nú er ljóst að sú lækun verður ekki svo mikil.

„Þetta er meðal annars gert á grundvelli heldur betri rekstrarhorfa en lagt var upp með í sumar,“ segir KS og vísar til hagstæðara gengis evru en verið hafi. „Aðstoð ríkisvaldsins við sauðfjorbændur er óljós og óvissa í stjórnmálum. Sauðfjorbændur eru því í miklum vanda,“ er þó undirstrikað í tilkynningunni. „Mikilvægt er að hið opinbera styðji áframhaldandi átaksverkefni í útflutningi dillakjöts. Það skilar mestum árangri við þessar aðstæður.“ – gar

Gunnar kveður í mikilli sorg

STJÓRN MÁL „Ég kveð flokkinn minn með mikilli sorg en sáttur við framlag mitt til hans,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson alþingismaður í ávarpi á Facebook þar sem hann segir frá úrsögn sinni úr Framsóknarfloknum, sem hann kveðst hafa starfað fyrir frá sex ára aldri. Framhaldið ákveði hann á næstu dögum.

„Einhver annarleg öfl virðast hafa tekið forystu í flokknum, öfl sem ég hef líklega ekki verið nógu undirgfinn,“ skrifar Gunnar.

Eftir úrsögn Gunnars í gær sögðu bæði formaður og gjaldkeri stjórnar Framsóknarfélags Skagafjarðar af sér embættum sínum. – gar



Gunnar Bragi Sveinsson

Bleika slaufan til hjálpar



Fjölmennti var við afhjúpun nýrrar útgáfu Bleiku slaufunnar hjá Krabbameinsfélaginu í gær. Viðhafnarútgáfa slaufunnar var næld í Vigdísí Finn-bogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands og verndara félagsins. Sjö konur til viðbótar fengu slaufu að gjöf. Einar Káráson rithöfundur keypti fyrstu slaufuna, sem hönnuð er af Ásu Gunnlaugsdóttur. Söfnunarfé áttaksins rennur til Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VG tapaði 19,5 milljónum

STJÓRN MÁL Vinstrihreyfingin grænt framboð var rekin með 19,5 milljónum króna tapi í fyrra. Flokkurinn greiddi þá 37 milljónir í baráttuna fyrir alþingiskosningarnar 2017.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi VG námu tekjur flokksins í fyrra 71 milljón en útgjöld 89,7 milljónum. Í árslok 2016 átti VG 17,4 milljóna eignir en skuldaði 21 milljón.

VG fékk samtals 6,7 milljóna framlög frá 45 fyrirtækjum. Í þeim hópi voru sjávarútvegsfyrirtækin HB Grandi, Brim og Samherji og Kaupfélag Skagfirðinga. – hg

89,7

milljónir króna fóru í útgjöld hjá Vinstri grænum í fyrra.

Utankjörfundur fer fram í Smáralindinni

Um næstu helgi hefst utankjörfundaratkvæðagreiðsla í Smáralindinni. Hingað til hefur hún verið í Perlunni og Laugardalshöll dagana fyrir kosningar. „Sjoppulegt“ segir borgarfulltrúi en eigendur Kringlunnar segja ekkert pláss þar.




Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fyrir alþingiskosningarnar 28. október fer fram í Smáralind frá og með laugardegnum 7. október. Þangað til verður hægt að greiða atkvæði á skrifstofu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. Þetta er í fyrsta sinn sem hægt verður að greiða atkvæði í verslunarmiðstöðinni frá því að hún var opnuð árið 2001. Atkvæðagreiðslan verður vestan til á 2. hæð verslunarmiðstöðvarinnar, skammt frá versluninni H&M.

Síðustu ár hefur utankjörfundaratkvæðagreiðslan farið fram í Perlunni og þar áður í Laugardalshöll, en ekki reyndist unnt að fá afnot af húsnæði þar í þetta skiptið.

„Þetta er bara á besta stað og auðvelt aðgengi, segir Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar. Menn geti verslað og kosið í sama húsinu. „Þú getur farið í ræktina og hreinsað hugann og kosið á eftir,“ segir hann.

Ekkí eru allir jafn hrifnir. „Mér myndist meiri bragur á því að hafa þetta eins og verið hefur, en þetta er skammur fyrirvari og menn hafa þurft að sníða sér stakk eftir vexti. En ég vona að þetta verði bara í þetta eina skipti og finnst þetta sjoppulegt,“ segir Magnús Már Guðmundsson, borgarfulltrúi í Reykjavík.

En hvers



Það er ágætt pláss til þess að taka á móti fólki í vesturenda Smáralindar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vegna að fara með utankjörfundaratkvæðagreiðsluna í Smáralind frekar en aðrar verslunarmiðstöðvar? „Ég held að ástæðan fyrir þessu hljóti að vera sú að þeir í Smáralind hafi nóg af lausu pláss til að láta undir svona atburð. Við hér í Kringlunni höfum ekkert pláss fyrir svona,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reita, stærsta eiganda Kringlunnar. Hann hafði ekki heyrt af ákvörðun sýslumannsins þegar

blaðamaður náði tali af honum í gær. „Ég held að við munum ekki óska skýringa á því af hverju þeir fengu þetta enda hlýtur útskýringin að felast í rýminu sem menn hafa undir þetta,“ bætir

Guðjón við. jonhakon@frettabladid.is

Hvað er utankjörfundur?

Kveðið er á um utankjörfundaratkvæðagreiðslur í tólfkafla laga um kosningar til Alþingis. Þar segir að kjósandi, sem ekki geti sótt kjörfund á kjördegi, hafi heimild til þess að greiða atkvæði utan kjörfundar. Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Þá segir að atkvæðagreiðslan skuli fara fram hjá sýslumönnum, í aðalskrifstofu sýslumanns eða útibúi; sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetri embættis fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans.

Haust vetur & vor 2017-2018

Bæklingurinn er kominn út

Fylgir blaðinu í dag

Heimsferðir

HÚSGAGNABÆKlingurinn OKKAR ER KOMINN ÚT!

Af því tilefni veitum við **20%** kynningarafslátt af öllum húsgögnum, rúmum, dýnum, sængum og koddum.

Ekki missa af þessu einstaka tilboði!

Athugið! Gildir aðeins 28. september til 4. október 2017



20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM,
RÚMUM, DÝNUM, SÆNGUM
OG KODDUM




www.rumfatalagerinn.is

Tilboðin gilda 28.09.17 - 04.10.17

TÖLUR VIKUNNAR 24.09.2017-30.09.2017

7,1

milljarður var aflaverðmæti íslenskra skipa í júní. Það er 21,9% minna en í júní 2016. Fiskafli íslenskra skipa í tonnum talið var þó 26% meiri en í júní 2016, eða tæp 53 þúsund tonn.



200

milljónir króna hefur hópur fjárfesta lagt íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Teatime til. Index Ventures, sem fjárfesti meðal annars í Facebook, Skype, Candy Crush og Clash of Clans, leiðir fjárfestinguna.

2,5

milljónir króna greiddi Ríkisútvarpið Guðmundi Spartakusi Ómarsyni í miskabætur fremur en að láta reyna á fréttáflutning sinn fyrir dómstólum.



457.600

voru gistinætur á hótélum í ágúst. Er það 2% aukning miðað við ágúst 2016. 53% gistináttanna voru á höfuðborgarsvæðinu.

16

milljarðar króna var samfélagslegur kostnaður af umferðarslysum á helstu stofnæðum í kringum höfuðborgarsvæðið á árunum 2012 til 2016.



2

frumvörp urðu að lögum á síðasta þingfundi fyrir kosningar.

Þrjú í fréttum Hroki, Wintris og Hæstiréttur

Anna Lára Pálsdóttir

kennari í Vík

kennir útlendingum þar íslensku. Hún segir nánast bara útlendinga í þjónustustörfum á svæðinu. Íslendingar kvarti undan þessu á Hótel Kótlu þar sem Anna Lára starfar. „Ég hef oftast einu sinni orðið vitni að því að það er komið fram við fólk að hroka af því að það talar ekki íslensku.“ Engir Íslendingar séu hins vegar til að sinna störfunum.



Helga Vala Helgadóttir

lögmaður

lýsti áhyggjum af viðhorfi Hæstaréttar til þolenda heimilisofbeldis. Dómstóllinn hafnaði kröfu konu um að fyrirverandi sambýlismanni yrði gert að vika úr réttarsal meðan hún gæfi skýrslu. „Það er ekki eins og maðurinn hefði ekki átt þess kost að taka til varna þótt fallist yrði á kröfuna.“



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

alþingismaður

sagðist fyrir löngu vera búinn að gera hreint fyrir sínum dyrum. Wintrismálið hefði sannað að hann hefði alltaf haft heildarhagsmuni almennings að leiðarljósi og jafnvel verið tilbúinn að farna hagsmunum eigin fjölskyldu.



Thomas afplánar utan Íslands

Thomas Möller Olsen var dæmdur í 19 ára fangelsi fyrir morð og fíkniefnasmygl í Héraðsdómi Reykjaness. Þetta er þyngsti dómur hérlendis í 23 ár. Áhersla er lögð á að erlendir borgarar afpláni í heimalandi sínu.

DÓMSMÁL Það var spennuþrungin andrúmsloft þegar dómur var kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn Thomasi Möller Olsen, sem ákærður var fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur og smygli á rúmum 20 kílóum af hassi.

Sakborningurinn var fjarstaddur, en Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari og Páll Rúnar M. Kristjánsson, verjandi Thomasar, höfðu komið sér fyrir í réttarsalnum í Héraðsdómi Reykjaness. Í salnum sat líka Brjánn Guðjónsson, faðir Birnu Brjánsdóttur, og fylgdist með því sem fram fór.

Dómararnir þrír gengu inn í salinn og dómsformaðurinn, Kristinn Halldórsson, las upp dóminn. „Hinn ákærði, Thomas Fredrik Möller Olsen, sæti 19 ára fangelsi.“ Að auki ber honum að greiða foreldrum Birnu samtals um átta milljónir króna í miskabætur. Þetta er þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp á Íslandi allt frá árinu 1994, þegar Hæstiréttur Íslands dæmdi Þórð Jóhann Eyþórsson í 20 ára fangelsi fyrir manndráp.

Eftir að dómþingi var slitið gekk saksóknari, Brjánn Guðjónsson og réttargæslumaður hans út. En verjandinn sat grafalvarlegur í bragði í sæti sínu um stund. En kom dómurinn honum á óvart. „No comment,“ sagði hann áður en hann yfirgaf salinn og kvaðst ekki ætla að veita viðtal að sinni. Hann hefur ekki upplýst hvort dómnum verði áfrýjað. Saksóknarinn ræddi við fjölmiðla þegar tími gafst til. „Það er ekki beint hægt að segja að þetta hafi komið á óvart,“ sagði Kolbrún.

Thomas Fredrik Olsen hefur undanfarið verið vistaður í fangelsinu á Hólmsheiði. Páll Winkel, fangelsismálastjóri segir að þegar



Brjánn Guðjónsson, faðir Birnu, faðmar Hönnu Láru Helgadóttur, réttargæslumann sinn og Sigurlaugu Hreinsdóttur, eftir að dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við leggjum mikla áherslu á að flytja ríkisborgara erlendra þjóða til síns heima í afplánun þegar það er mögulegt.

Páll Winkel fangelsismálastjóri



fullnaðardómur er genginn í málum norrænna ríkisborgara sem hljóta dóm hér á landi, séu þeir alla jafna fluttir til síns heimalands, þar sem þeir afplána dóm sinn.

„Það eru samningar milli Norðurlandanna þannig að ef að dómþolar óska eftir því að afplána í sínu heimalandi er orðið við því og það gerist tiltölulega hratt. Það sama gerist þrátt fyrir að dómþolar hafi ekki hug á að afplána í sínu heimalandi þegar um er að ræða ríkisborg-

ara Norðurlandanna, en það tekur hugsanlega lengri tíma. Við leggjum mikla áherslu á að flytja ríkisborgara erlendra þjóða til síns heima í afplánun þegar það er mögulegt,“ segir Páll

Páll segir að hingað til hafi Danir vistað Grænlandinga í Vestre Fængsel í Danmörku og í öðrum fangelsum þar. „Það eru opin fangelsi í Grænlandi en þeir eru að byggja nýtt fangelsi þar, sem verður tilbúið innan fárra ára.“ jonhakon@frettabladid.is

Hörð gagnrýni á bæjarstjórn eftir óhapp

AKUREYRI Unglingaráð körfuboltaeildar Þórs gagnrýnir bæjarstjórn Akureyrarbæjar harðlega í yfirlýsingu í gær.

Hættulegt óhapp varð í íþróttasal Glerárskóla á fimmtudaginn þegar körfuboltaæfing var að ljúka.

„Stálvír er heldur uppi annarri stóru aðalkörfunni í salnum slitnaði með þeim afleiðingum að hann sveiflaðist til með veggfestingunni, bolta og járn og skall í gólfid með miklum látum enda um þungt stykki að ræða,“ segir unglíngaráðið.

Iðkendur voru að ganga frá þegar óhappið varð og féll festingin niður skammt frá einum þeirra. „Það þarf ekki að spyrja að því hvernig hefði farið ef festingin hefði slegist í barn, þarna hefði getað orðið stórslys.“

Unglingaráðið kveðst hafa kvartað árangurslaust undan aðstöðunni við bæjaryfirvöld um árabíl. Hefur körfuboltadeildin sótt um að fá tíma í öðrum húsum vegna ástandsins og fékkst það staðfest á fimmtudag.



Frá leik Þórs gegn KR. Fréttablaðið/Eypór

Hvettur ráðið foreldra iðkenda til að láta í sér heyrna enda sé aðstaðan ekki boðleg.

„Þegar öryggi barna okkar er ógnað er ekki hægt að una lengur við. Unglingaráð körfuboltadeild-

arinnar mun ekki senda börn og ungmenni á æfingar í Glerárskóla meðan öryggi þeirra er ekki tryggt. Af þeim sökum falla niður allar æfingar í Glerárskóla á næstunni.“ – þea

22. október í 23 nætur

Frá kr. 139.955 m/ekkert fæði

Frá kr. 194.995 m/allt innifalið

Fleiri gistingukostir í boði

Sértilboð afsláttur allt að 30.000 kr. á mann

Eldri borgarar til **GRAN CANARIA**

Las Brisas Apartments

Netverð á mann frá kr. 139.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð m/2 svefnherbergjum.

Heimsferðir

„Sparnaður hættir aldrei að vera mikilvægur.“



Sparnaður er ómissandi þáttur í að hrinda draumum í framkvæmd.

360° ráðgjöf er þjónusta þar sem farið er yfir fjármálin þín frá öllum hliðum, stöðuna í dag og framtíðarmarkmið.

Kynntu þér 360° ráðgjöf á landsbankinn.is/360.

Henrietta Guðrún Gísladóttir
Viðskiptavinur Landsbankans





„Þarna hinumegin eru elskulegir nágrannar mínir, Elvar Þór Sigurjónsson og Elinborg Baldursdóttir. Hlakka til að hitta þau þegar það verður hægt,“ skrifaði bóndinn í Hólmi við þessa mynd á Facebook.

Innlyksa í Hólmi en nota traktor í neyð

Vatnavextir valda búsifjum í ferðþjónustu og landbúnaði á Suðausturlandi. Bændur óttast miklar skemmdir á tünnum. Margir eru innilokaðir og komast hvergi. Náttúruhamfarir eru að verða árvissar á svæðinu. Ferðamenn taka upp á ýmsu til að bjarga sér.

NÁTTÚRUHAMFARIR Magnús Guðjónsson og Guðrún Guðmundsdóttir, ferðþjónustubændur í Hólmi í Hornafirði sjá fram á mikið tjón vegna hamfaranna fyrir austan. Nánast fullbókað hafi verið. Allar tekjur af því falli niður í bili.

Túnin eru öll undir vatni og líklega illa farin. „Það er allt undir vatni núna og kemur ekki í ljós fyrr en áin er farin af þessu,“ segir

Magnús sem óttast að túnin verði eitthvað skemmd eftir þetta. Hjónin eiga land alveg inn að Fláajökli.

„Þar fór göngubrúin nýja og síðan fór gríðarlega stórt land sem er í okkar eign; hvarf bara. Áin hefur breitt úr sér framan við svokallað Jökulfell og skolað landinu hreinlega burt.

Ekki sé um ræktað land að ræða heldur sé verðmæti þess aðallega



Langbráður draumur heimamanna réttist þegar ný göngubrú var vígð árið 2014. Um samstarfsverkefni nokkurra íbúa í ferðþjónustu var að ræða. Brúnni hefur skolað á haf út og ekkert eftir nema einn laskaður stólpi.

falið í því að um fallett útivistarsvæði sé að ræða. „Þetta er gríðarlegt tjón á landi.“

Magnús telur framkvæmd, sem gerð var fyrir fimmtán árum, að nokkru leyti um að kenna.

„Það var settur upp varnargarður þarna upp frá árið 2002 til að varna því að áin færi í austur alveg innst. Áður en þessi garður kom þá fór mikið meira vatn austur líka. Rörin sem þeir stungu í garðinn taka bara við ákveðnu magni af vatni. Þegar vatnavöxtur verður mikill þá fer meira magn af vatni vestur, sem hefði annars farið austur og í Hleypilæk, þaðan síðan í Djúpa og þeim megin út eins og það gerði alltaf áður.

Aðspurður um öryggi íbúa í Hólmi segir Magnús alla nokkuð örugga, bæði menn og dýr.

„Við höfum náttúrulega verið lokað inni hérna en höfum nóg af nauðsynjum og erum ekkert illa haldin, en ég er búinn að prófa að fara á traktornum og get komist ef ég fer fyrir innan við bæina austan við mig og síðan út á veg. En þjóðvegurinn vestur er allur í sundur og ekki mögulegt að komast þá leiðina.“

Fé þeirra hjóna var komið í öruggt skjól áður en allt fór á kaf. „Ég var nú ekki staddur heima þegar þetta skeði en einn sveitungi minn, Bjarni Bergsson, var að verða búinn að smala fyrir mig túnið þegar ég kom heim.“ adalheidur@frettabladid.is

Hamfarir á hverju ári frá 2010

„Það hafa verið hamfarir hér nánast á hverju ári frá gosinu í Eyjafjallajökli og auðvitað fer þetta að hafa áhrif á verðlagningu hjá okkur,“ segir Sigurlaug Gissurardóttir bóndi sem rekur ferðþjónustu á Brunnhóli. Fjórutiu manns áttu bókaða gistingu hjá Sigurlaugu þegar vatnavextir hófust en nú eru öll rúm auð vegna hamfaranna. Aðspurð um áhrif hamfaranna á fjárfestingu í ferðþjónustunni segir Sigurlaug: Breytingin sem hefur orðið í vexti greinarinnar frá árinu 2010 til 2017 veldur því kannski að varkærni vegna náttúruhamfara hefur víkið fyrir bjartsýni vegna aukinnar eftirspurnar. En maður fer samt að velta fyrir sér hlutum eins og rekstrarstöðvunartryggingu vegna þessara tíðu hamfara hér.“

Hringvegurinn lokaður

Þjóðvegur 1 er lokaður bæði við Hólmsá á Mýrum, þar sem vegur er í sundur, og við Steinavötn í Suðursveit þar sem brúin er svo illa farin að byggja þarf nýja brú. Vegagerðin hefur þegar hafið vinnu við bráðabirgðabrú sem vera á tilbúin eftir eina viku.

Óku hringinn til að gista á Hellu

Ferðamenn á hamfararsvæðinu deyja ekki allir ráðalausir. Töluverður fjöldi ferðamanna var á svæðinu þegar vatnavextir hófust að sögn Orra Páls Jóhannssonar, landvarðar í Landmanna-laugum. „Við hittum Spánverja hér í gær sem voru að koma frá Höfn. Þeir áttu pantaða gistingu á Hellu og töldu algjörlega ótækt að breyta sínum ferðaplönnum þótt búið væri að loka veginum og fóru bara norður fyrir og allan hringinn til að komast þennan spotta.“

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 40 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 1 leyfi á Akureyri.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgangi í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is. Umsóknarfrestur er til og með 06.10.2017.

Samgöngustofa



Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

STEINBAKAÐ

EFTIR ALDARGAMALLI FRANSKRI
HEFÐ, DEIGIÐ ER LÁTIÐ HEFAST
Í 24 TÍMA FYRIR BAKSTUR

BAK
ARÍ
IÐ



Parísar Baguette, Súrdeigsbrauð, Súrdeigsbrauð með kúmeni,
Noixbrauð með trönuberjum & valhnetum, Bastillubrauð,
Rivolibrauð, Ólífu & ostabrauð og Tómat & ostabrauð.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vilja aukið innanlandsflug frá Keflavík

Ferðaþjónusta á jaðarsvæðum gæti fundið fljótt fyrir áhrifum af breyttu ferðamynstri okkar gesta. Þeir stoppa skemur og fara síður langt frá SV-horninu. Fyrir norðan segja menn að bæta þurfi samgöngur til að alvöru ferðaþjónusta þrífist í landshlutanum allt árið.

FERÐAÐNADUR „Ferðaþjónusta verður aldrei burðarás atvinnustarfsemi á jaðarsvæðum en hún er góð viðbót engu að síður og bætir mannlífið á stöðunum,“ segir Edward H. Huijbens, prófessor í ferðamálafræðum við Háskólann á Akureyri. Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands telur mikilvægt fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi að hægt verði að fljúga innanlands frá Keflavík.

Edward ræddi þar um stöðu ferðaþjónustu á svæðum fjarri Keflavíkurlugvelli á ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri um byggðir landsins á tímum breytinga. Í núverandi árferði þar sem hegðunarmynstur ferðamanna breytist muni svæði fjarst Keflavíkurlugvelli fara hvað verst út úr þeim breytingum.

„Ferðamönnum mun líklega ekki fækka hér á landi en hegðun þeirra breytist og ferðatíminn styttest. Þannig munu svæði sem fjarst eru suðvesturhorninu því finna mikið fyrir þessu breytta mynstri,“ segir Edward.

Árstíðasveiflur gistinátta eru mismunandi eftir landsvæðum. Til að mynda hefur ferðaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu færst í að vera heilsársíðnaður á meðan árstíðarsveiflurnar fjarri höfuðborginni eru mun meiri. Þannig er nýting innviða og fjárfestinga lítill yfir stóran hluta ársins.

Arnheiður Jóhannesdóttir, fram-



Ferðamenn arka um götur Reykjavíkur í fullum herklæðum. Tenging við aðra landshluta er sögð skorta tilfinnanlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

kvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir miklu máli skipta að flytja ferðamenn örugglega á Norður- og Austurland.

„Ég hef sagt lengi að ef á Norður-

landi eigi að þrífast alvöru ferðaþjónusta allt árið þarf samgöngur til. Það er ástæða þess að við erum að vinna með beint millilandaflug inn á þessi svæði,“ segir Arnheiður.

„Það er mikilvægt að flogið sé reglulega frá Keflavík á Ísafjörð, Akureyri og Egilsstaði því það hefur borið góðan árangur.“

Að mati Arnheiðar er gríðarmikil-

Það er mikilvægt að flogið sé reglulega frá Keflavík á Ísafjörð, Akureyri og Egilsstaði því það hefur borið góðan árangur.

Arnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands



Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri

vægt að dreifa ferðamönnum betur um landið og gengi krónunnar nú sé til trafala ef markmið er að flytja ferðamenn frá Keflavík út á land.

„Án þess að hafa skýr gögn fyrir framan mig hefur tilfinningin verið sú að raddir hafi verið hávarastar í Þýskalandi um hátt verð til Íslands. Sá kúnnahópur, Þjóðverjar, hefur verið mjög stór markaður fyrir Norðurland. Því gætum við á Norður- og Austurlandi fundið hratt fyrir áhrifunum af erfiðu gengi og styttri ferðalögum gesta okkar,“ segir Arnheiður. sveinn@frettabladid.is

Bein útsending á síðunni
facebook.com/folkidtv



HÁSKÓLABÍÓ

HAUSTÞING

Í DAG KL 14:00

Húsið opnar kl 13:00

Dagskrá

Þingsetning og ávarp formannsins Ingu Sæland

Ávarp: Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR

Ávarp: Vilhjálmur Birgisson formaður verkalyðsfélags Akraness

Oddvitar kjördæmanna kynntir.

Fundurinn ályktar.

Fyrirspurnir og stuttar umræður

ÞINGSLIT.

EINN FYRIR ALLA OG ALLIR FYRIR EINN



Allir velkomnir

Flokkur Fólksins



Formenn flokka útiloka Sigmund ekki fyrir fram



KOSNINGAR Þeir formenn flokka sem Fréttablaðið ræddi við í gær útiloka ekki ríkisstjórnarsamstarf við Miðflokk Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra. Fremur vilja þeir bíða og sjá stefnu flokksins, sem hefur ekki verið birt.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segist ekkert vita um stefnu Miðflokksins.

„Það hefur ekki komið fram fyrir hvað hann stendur. Ég ætla að gefa mér tíma til að sjá það. Við tókum afstöðu í þessu út frá málefnum,“ segir Katrín.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, tekur í sama streng.

„Ég hef ekki séð stefnu Miðflokks Sigmundar Davíðs þannig að ég teldi glannalegt að vera að alhæfa um fólk og stefnu áður en hún kemur fram,“ segir Logi og bætir því við að Wintrismálið hjálpi ekki möguleikum á samstarfi.

„Ég vil leyfa flokknum að njóta þess sannmælis að hann leggi fram stefnu sína áður en ég dæmi flokkinn. En iðrunarleysi Sigmundar Davíðs mun ekki hjálpa honum í viðræðum við aðra flokka,“ segir Logi enn fremur.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir að flokkurinn hafi sett sér þá stefnu að málefnið ráði för og því verði flokkar ekki útilokaðir fyrir fram.

„Það sem mun vega þyngst er hver stefnumunurinn verður á flokkunum. Ef svo vill til að hann tekur upp mjög frjálslýnda og viðsýna stefnuskrá, og er til í að berjast fyrir stöðugu gengi og lægri vöxtum, gæti verið kominn samstarfsgrundvöllur,“ segir Benedikt.

Smári McCarthy, þingmaður Pírata, segir flokkinn ekki hafa rætt Miðflokkinn, ekki hafi verið til efni til þeirrar umræðu. Hann segir Wintrismálið ekki hjálpa Sigmundi Davíð.

Iðrunarleysi Sigmundar Davíðs mun ekki hjálpa honum í viðræðum við aðra flokka.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar



„Það er ómögulegt að það mál, og það form síðferðisskorts sem birtist í því máli, muni ekki hafa áhrif á afstöðu okkar til samstarfs,“ segir Smári.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segist tilbúin að vinna með hverjum þeim sem vill útrýma fátækt á Íslandi.

„Við viljum afnema verðtryggingu, frítekjumark og okurvexti og útrýma fátækt og störfum með öllum þeim sem vilja hjálpa okkur að breyta þessu samfélagi,“ segir Inga.

EKKI NÁÐIST Í Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, Sigurð Inga Jóhannsson, formann Framsóknarflokksins og Óttar Proppé, formann Bjartrar framtíðar við vinnslu fréttarinnar.

Í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins sagðist Bjarni tilbúinn að vinna með öllum sem vilja halda áfram með þau góðu verkefni sem hafi verið unnin á undanförunum árum. Þá sagðist Sigurður Ingi vinna með þeim sem vildu meðal annars efla samgöngu-, heilbrigðis- og menntakerfið og bæta kjör þeirra sem lakast standa.

Óttarr sagðist ekki tilbúinn að vinna með þeim sem ala á hatri eða rasisma og sagði samstarf við Sjálfstæðisflokkinn ólíklegt. – þea



Fyrsta flokks fararskjótar.


Ferðaþjónustusýning hjá Mercedes-Benz atvinnubílum, Fosshálsi 1, laugardaginn 30. september frá kl. 12–16.

Við kynnum gott úrval ferðaþjónustubíla af ólíkum gerðum, frá fólksbílum upp í 69 sæta hópferðabíla. Skoðaðu hinar geysivinsælu Sprinter og Tourismo rútur í mörgum útgáfum, Setra TopClass VIP, sem er einn glæsilegasti hópferðabíll landsins og fjölmargar útfærslur af grindarbílum. Við tökum vel á móti þér.

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.





Málstofa um Smugudeiluna

Haldin í Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4, mánudaginn 9. október milli kl. 12 og 13.30

Í tilefni af útgáfu bókar Arnórs Snæbjörnssonar sagnfræðings um Smugudeiluna gangast Hafréttarstofnun Íslands og Bókaútgáfan Sæmundur fyrir málstofu í Sjávarútvegshúsinu að Skúlagötu 4, Reykjavík, fyrirlestrasal á 1. hæð, mánudaginn 9. október 2017 kl. 12 - 13.30.

Í upphafi málstofunnar flytur forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, stutt ávarp en Arnór Snæbjörnsson flytur síðan erindi og kynnir bók sína.

Að loknum fyrirspurnum og umræðum áritar höfundur bók sína og boðið verður upp á léttar veitingar.

Málstofustjóri er Tómas H. Heiðar, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS



Azazo fengið 154 milljónir frá ríkinu

Áhættufjárfestingarsjóðurinn NSA hefur sett alls 154 milljónir í fjárfestingu sína í hugbúnaðarfyrtækinu Azazo. Fór inn í hluthafahópinn árið 2009 en stjórnendur fyrirtækisins reyna að forða því frá gjaldþroti.

VIÐSKIPTI Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) hefur fjárfest í hugbúnaðarfyrtækinu Azazo fyrir 154 milljónir króna. Um er að ræða áhættufjárfestingasjóð í eigu ríkisins en eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag rambar fyrirtækið á barmi gjaldþrots.

NSA fór inn í hluthafahóp Azazo, þá Gagnavarslan, árið 2009 en fyrirtækið var stofnað tveimur árum áður. Það var þá til húsa á gamla varnarliðssvæðinu á Ásbrú í Reykjanesbæ og bauð upp á heildarlausn á sviði skjalamála og varðveislugagna. Sjóðurinn átti þá 20 prósent hlut, var þriðji stærsti hluthafinn, en er í dag stærsti eigandi þess með 17,2 prósent.

Eignir Azazo voru kyrrsettar af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku að beiðni Brynju Guðmundsdóttur, fyrrverandi forstjóra og stofnanda Azazo. Hún hefur stefnt félaginu fyrir dómstóla eftir að ráðningarsamningi hennar var rift í kjölfar mikilla deilna milli hennar og stjórnarmanna.

Í samtali við Fréttablaðið á miðvikudag sagðist Brynja hafna öllum ásökunum stjórnarinnar og meðal annars því að hún hafi haldið eftir upplýsingum um raunverulega stöðu fyrirtækisins sem tapaði í fyrra 633 milljónum.

Stjórnarformenn Azazo hafa undanfarin ár komið úr röðum NSA og verið starfsmenn sjóðsins. Núverandi stjórn fyrirtækisins var kjörin á hluthafafundi félagsins þann 27. júlí síðastliðinn áður en aðalfundur var haldinn 20. september.

Brynju var fylgt út úr húsakynnum Azazo þann 6. júlí eða sama dag og ráðningarsamningi hennar var



Höfuðstöðvar Azazo eru í Bæjarhrauni í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri Azazo - Gagnavörslunnar

rift. Var henni fylgt út af þáverandi stjórnarformanni fyrirtækisins, Agli Mássyni, sem þangað til síðasta sumar var fjárfestingastjóri NSA. Sá sem gegnir nú þeirri stöðu, Friðrik Friðriksson var ráðinn eftirmaður hans í byrjun júní og er nú stjórnarformaður Azazo.

Í nýjum ársreikningi fyrirtækisins, sem var skilað inn til Ríkisskattstjóra þann 19. september, er Egill aftur á móti enn skráður í stjórn félagsins sem og fjórir aðrir stjórnarmenn sem allir eru hættir. haraldur@frettabladid.is



ALVÖRU ATVINNUBÍLL

Dacia Dokker

VERÐ: **2.390.000 Kr.**

VERÐ ÁN VSK: **1.927.419 Kr.**

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5 l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bila.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516


BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Vesta

SÓFI MEÐ ENDALAUSA MÖGULEIKA



Vesta-einingasófi. Grænt Celine velour áklæði. Legubekkur + 1 sæti. L 191 x D 160 cm. 219.800 kr. Þennan sófa er hægt að sérpanta í mismunandi áklæðum og í nokkrum verðflokkum.

nýtt



Evora-púði. Ýmsir litir. 40 x 40 cm. 1 tala. 1.995 kr. 30 x 50 cm. 2 tölur. 1.995 kr.

nýtt



Woolworth-glas. Grátt eða glært. 20 cl. 995 kr./stk.

nýtt



Phoenix-sófi. 3ja sæta. Grátt áklæði. Reyklitaðir eikarfætur. L238 cm. 219.900 kr. 2,5 sæta. L188 cm. 189.900 kr.

nýtt



Esbern-púði. 40 x 40 cm. Geitaskinn. 12.995 kr.

nýtt



Lexington-ábreiða. Grátt mynstur. 130x170 cm. 5.995 kr.

nýtt



Skagway-glas. Blátt, brúnt eða grænt. 50 cl. 1.295 kr./stk.



nýtt



Derris-diskar. Matardiskur. Ø28 cm. 1.995 kr. Hliðardiskur. Ø21 cm. 1.795 kr. Skál. Ø15,5 cm. 1.795 kr. Bolli. 37cl 1.295 kr.



nýtt



Eurico-kaktus. Svartur 32,5cm. 5.995 kr.

nýir litir



Criss og Majestic-sessur. Ýmsir litir. 16.995 kr.

Tugir Rohingja hafa drukknað á flóttu

Að minnsta kosti 23 fórust og fjórutíu er saknað eftir að báti flóttafólks af þjóðflokki Rohingja hvolfði við strandir Banglades. Nærri hálf milljón Rohingja hefur flúið ofsóknir í Rakhine-héraði Mjanmar og tugir hafa farist á leiðinni til Banglades undanfarið.

MJANMAR Talið er að um sextíu flóttamenn af þjóðflokki Rohingja hafi farist þegar báti þeirra hvolfði við strönd Banglades. Rohingjarnir voru að reyna að flýja til Banglades frá Mjanmar en samkvæmt Sameinuðu þjóðunum gerir ríkisstjórn Mjanmar um þessar mundir þjóðernishreinsanir á Rohingjum, sem eru múslimar, í Rakhine-héraði ríkisins.

Sameinuðu þjóðirnar greindu frá slysinu í gær og sagði talsmaður þeirra að staðfest væri að 23 hefðu farist. Fjórutíu væri enn saknað og þeir því taldir af.

Tugir til viðbótar hafa dáíð undanfarnar vikur á leiðinni til Banglades en nærri hálf milljón Rohingja hefur flúið til ríkisins frá því átök brutust út í Rakhine-héraði þann 25. ágúst síðastliðinn. Gerðu skæruliðar úr röðum Rohingja þá árás á herstöð og svöruðu jafnt almennir borgarar, sem flestir eru búddistar, og hermenn árásinni með því að brenna bæi Rohingja og taka þá af lífi án dóms og laga, að því er mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur haldið fram.

Rohingjar hafa lengi sætt mismunun í Mjanmar. Er þeim neitað um ríkisborgararétt og þeir álitnir ólöglegir innflytjendur, burtséð frá því hvort þeir hafi fæðst í Mjanmar eða ekki.

Joel Millman, talsmaður Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar, sagði í



Sorgin heltók þennan Rohingja-múslima þegar hann sat yfir líki ungrar dóttur sinnar sem hafði drukknað á leiðinni frá Mjanmar til Banglades, en nokkur börn voru á meðal þeirra sem létust þegar bátinum hvolfði. NORDICPHOTOS/AFP

Samtali við BBC í gær að um áttatíu hefðu verið í bátinum. „Þeir sem lifðu slysið af segjast hafa verið í sjónum í alla nótt, án matar og drykkjar,“ sagði Millman og bætti því við að

nokkur börn hefðu verið á meðal hinna látnu.

Í samtali við Reuters sagði Abdul Kalam, einn flóttamanna að eigin kona hans, tvö börn og eitt barna-

barn hefðu drukknað. Þau hefðu ákveðið að flýja frá Rakhine-héraði eftir að vopnaðir búddistar stálu búfe þeirra og matarbirgðum.

Greint var frá því í gær að ríkis-

23

fórust þegar báti Rohingja á flóttu hvolfði við strendur Banglades.

stjórn Mjanmar hefði frestað heimsókn diplómata Sameinuðu þjóðanna til ríkisins um viku. Skýringin var sú að slæmt veður byði ekki upp á annað.

Ríkisstjórn Mjanmar hefur alfarid hafnað öllum ásökunum um að standa að þjóðernishreinsunum en alþjóðasamfélagið er á öðru máli.

Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, kallaði eftir því á fimmtudag að ríki heimsins ættu að hætta allri vopnasölu til Mjanmar þar til ríkisstjórnin tekur ábyrgð á gjörðum sínum. „Það ætti að koma þeim frá völdum sem hafa verið sakaðir um þessi brot og sækja þau til saka,“ sagði Haley.

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri SÞ, tjáði sig um ástandið á allsherjarþinginu fyrr í mánuðinum. Sagði hann að ofbeldið í Mjanmar væri orðið að algjörri martröð og kallaði eftir bættu aðgengi hjálpar- og mannúðarsamtaka að svæðinu en eins og er er það aðgengi verulega takmarkað. thorgnyr@frettabladid.is

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2018

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar, næringar, hreyfingar og tannverndar auk áfengis-, vímu- og tóbaksvarna.**

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.
- Árangursríkar áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.
- Árangursríkar forvarnir sem tengjast kynheilbrigði.
- Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði svefni og hreyfingu.
- Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.
- Verkefni sem tengjast nýsköpun á sviði forvarna og heilsueflingar.

Við úthlutun verður tekið mið af lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins, sbr. skjalið [Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri.](#) (Útg. 2016)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2017 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>.

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis. Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis - Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is



Dráttarvélalest ók inn í Barcelona til þess að hvetja borgara til þess að kjósa. NORDICPHOTOS/AFP

Meirihluti kys sjálfstæði

SPÁN Nærri öruggt þykir að meirihluti kjósenda muni greiða atkvæði með því að lýsa yfir sjálfstæði þegar Katalónar ganga til kosninga á morgun.

Er það vegna þess að flokkar sem andvígir eru sjálfstæði, og hafa um fjórutíu prósent þingsæta, hafa hvatt stuðningsmenn sína til að sniðganga kosningarnar.

Lítið er um skoðanakannanir í málinu en sú nýjasta sem Fréttablaðið fann birtist á katalónsku fréttasíðunni Ara þann 16. september síðastliðinn. Sögðust 44,1 prósent vilja sjálfstæði en 38,1 prósent ekki.

Spánverjar hafa itrekað lýst því yfir að kosningar morgundagsins séu ólöglegar og verða niðurstöður kosninganna því ekki virtar.

Jafnframt hafa Spánverjar sent þúsundir lögreglumanna til Katalóníu og hefur lögreglu verið skipað að gera öll kjörgögn upptæk.

Katalónar halda hins vegar ótrauðir áfram og reyna sjálfstæðis-

sinnar að verja kosningarnar.

Til að mynda keyrði dráttarvélalest inn í höfuðborgina Barcelona í gær og veifuðu bændurnir sem óku vélunum kjörseðlum og fána Katalóníu til þess að hvetja fólk til þess að mæta á kjörstað.

Bændurnir ætla sér að leggja dráttarvélum sínum fyrir utan kjörstaði víðs vegar um borgina á morgun. Hyggjast þeir gera það í þeim tilgangi að hindra aðgerðir lögreglu svo hún geti ekki gert kjörgögn upptæk.

Í ljósi sniðgöngu sambandssinna og aðgerða lögreglu má búast við því að kjörsókn verði dræm en, eins og áður segir, stórsigri sjálfstæðissinna.

Samkvæmt katalónskum lögum er yfirvöldum héraðsins heimilt að lýsa yfir sjálfstæði allt að 48 klukkustundum eftir að niðurstöður kosninganna koma í ljós.

Carles Puigdemont, forseti Katalóníu, sagði við BBC að ekki væri útilokað að sjálfstæði yrði ekki lýst yfir. „Ef til vill reynum við að setjast niður með spænsku ríkisstjórninni.“ – **þea**

ÁRÉTTING

Vegna fréttar sem birtist í Fréttablaðinu á bls. 8 þann 29. september undir fyrirsögninni „RÚV-sátt dýrari en allir

meiðyrðadómur“ skal það tekið fram að fyrirsögnin vísaði til meiðyrðamála síðustu fimm ára, en ekki frá upphafi.



VIÐ FRUMSÝNUM

NÝJAN VOLVO XC60

LAUGARDAG OG SUNNUDAG
REYKJAVÍK OG AKUREYRI
12.00 - 16.00



Framtíðin í öryggi

Nýr Volvo XC60 AWD er leiðandi í bílaöryggi auk þess að vera í forystu í umhverfisvænni tækni með 407 hestafla rafmagnaðri T8 vél sem eyðir aðeins 2,1 lítrum af bensíni per 100 km í blönduðum akstri á rafmagni eða bensíni.

Fjöðrunarkerfi með loftþúðum (aukabúnaður) og framúrskarandi hljómtæki gerir aksturinn ánægjulegan og þægilegan. Skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðafnum ásamt ríkulegum staðalbúnaði gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

Verð með dísilvél frá 6.790.000 kr.

Verð með T8 tvinnvél frá 7.490.000 kr.

MADE BY SWEDEN

Komdu og skoðaðu þennan tímamótabil og fáðu ljúffengan kaffibolla frá Kaffitári og sænska kanilsnúða. Taktu þátt í leiknum okkar – Þú gætir unnið frí afnot af nýjum Volvo XC60 í eina viku eða unnið glæsilegan fjarstýrðan Volvo XC90 leikfangabil.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



Haust vetur & vor 2017-2018

Bæklingurinn
fylgir blaðinu
í dag

**BÓKAÐU FERÐ
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

GRAN CANARIA



Jardin del Atlantico 🌴🌴+

Frá kr. 66.695 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 66.695 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 76.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 6. febrúar í 7 nætur.

FUERTEVENTURA



Broncemar Beach Aparthotel 🌴🌴🌴

Frá kr. 77.030 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 77.030 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 1. janúar í 10 nætur.

LA PALMA



Hotel La Palma Princess 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 173.595 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 173.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 206.575 m.v. 1 fullorðinn í herbergi. 22. janúar í 10 nætur.

LANZAROTE



Costa Mar Aparthotel 🌴🌴+

Frá kr. 72.045 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 72.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 94.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 15. mars í 9 nætur.

TENERIFE



Hotel Best Jacaranda 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 86.045 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 86.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 106.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 31. janúar í 7 nætur.

SIKILEY



Stökktu 🌴🌴🌴

Frá kr. 109.995 m/morgunm. innif.

Netverð á mann frá kr. m.v. 2 fullorðna í gistingu. 9. október í 10 nætur.

AGADIR Í MAROKKÓ



Golden Beach Apartment 🌴🌴🌴

Frá kr. 108.065 m/ekkert fæði inni.

Netverð á mann frá kr. 108.065 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 114.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 6. nóvember í 9 nætur.

MARRAKECH & AGADIR



Deildu dvölinni 🌴🌴🌴+

Frá kr. 131.595 m/hálft fæði innifalið

Gistu í 3 nætur í Marrakech og 6 nætur í Agadir. Netverð á mann frá kr. 131.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 6. nóvember í 9 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til breytinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEM / SA • NM8428



DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ



Jólaferð einnig bókanleg!

Puerto Plata Village 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 150.970 m/allt innifalið
 Netverð á mann frá kr. 150.970 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 161.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
 15. janúar í 10 nætur.

KÚBA



Einnig hægt að deila dvölinni!

Memories Varadero Hotel 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 213.095 m/allt innifalið
 Netverð á mann frá kr. 213.095 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 231.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
 5. febrúar í 10 nætur.

PERLUR KÚBU



Einstök sérferð!

Sérferð 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 319.995 m/morg.m./allt innif.
 Netverð á mann frá kr. 319.995 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat í Havana og allt innifalið í Trinidad & Varadero.
 5. febrúar í 10 nætur.

MADEIRA



Hotel Jardins d'Ajuda 🌴🌴🌴+

Frá kr. 138.295 m/morgunmat
 Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
 1 fullorðinn frá kr. 189.465 í herbergi.
 5. apríl í 4 nætur.

VALENCIA



Stökktu 🌴🌴🌴

Frá kr. 59.995 m/morgunmat
 Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
 12. október í 4 nætur.

LJUBLJANA



Stökktu 🌴🌴🌴

Frá kr. 69.995 m/morgunmat
 Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
 12. október í 3 nætur.

SEVILLA



Hotel Melia Lebreros 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 69.395 m/morgunmat
 Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
 9. nóvember í 3 nætur.

PÁSKASIGLING



Skemmtisigling 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 228.895
 Skemmtileg 6 daga ferð með viðkomu í Fenejum, Bari, Dubrovnik og Split. Netverð á mann frá kr. 228.895 m.v. 2 í klefa án glugga.
 27. mars í 5 nætur.

Fráfarandi stjórn enn sú skammlífasta

Verði stjórnarmyndunarviðræður langdregnar mun ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar verða sú meirihlutastjórn sem styst hefur setið. Drátturinn þarf að vera fjórir mánuðir svo önnur vinstristjórn Framsóknarmannsins Ólafs Jóhannessonar tapi titlinum.



2017

KOSNINGAR Líkt og kunnugt er verður gengið til þingkosninga eftir tæpan mánuð eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar lagði upp laupana. Þetta er ekki í fyrsta sinn og ekki hið síðasta sem ríkisstjórn springur. Fréttablaðið ákvað að rifja upp skammlífustu meirihlutastjórnir lýðveldissögunnar.

Í slíkri upprifjun verður hins vegar fyrst að ákvarða við hvaða mælikvarða skuli miða. Er rétt að miða við þá dagsetningu er ríkisstjórn tók fyrst við völdum eða lita til þess tíma sem leið frá kosningum og þar til hún sprakk? Skal seta í starfsstjórn talin með?

Í upprifjuninni nú, þar sem stiklað verður á stóru, verður miðað við þann dag sem ráðuneyti tók við stjórn og þar til nýtt ráðuneyti tók við. Tími í starfsstjórn telst því með. Að auki verður einblínt á stjórnir sem hafa haft meirihluta á þingi.

Stjórn Bjarna Benediktssonar yngri mun sitja í 41 viku hið minnsta. Miðað við forsendur samantektarinnar hefur engin stjórn setið skemur. Langar stjórnarmyndunarviðræður að kosningum loknum gætu forðað stjórn Bjarna frá titlinum skammlífasta stjórnin. johannoli@frettabladid.is

87 VIKUR OG 4 DAGAR Þingvallastjórnin

Geir H. Haarde, þá formaður Sjálfstæðisflokksins, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, mynduðu ríkisstjórn 24. maí 2007. Áður höfðu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur gengið hönd í hönd í sextán ár. Ríkisstjórnin hélt velli með eins manns meirihluta en Sjálfstæðismenn slitu samstarfinu og sömdu við Samfylkinguna.

Efnahagshrunið setti strik í það samstarf. Óánægja með ástandið var vægast sagt mikil. Þegar Alþingi kom saman til fundar í ársbyrjun 2009 safnaðist fólk saman á Austurvelli, barði búsáhöld, hrópaði slagorð og kveikti bál.

Á endanum, þann 25. janúar, tæpri viku eftir framhald þingfunda, afréð Samfylkingin að slíta samstarfinu og efna til minnihlutastarfs með Vinstri grænum.



Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins, og Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokksins, borða lifur á heimili þess síðarnefnda tveimur dögum eftir að stjórn Þorsteins Pálssonar sprakk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ólafur Jóhannesson og Dóra Guðbjartsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

58 VIKUR OG 3 DAGAR Vinstristjórn Ólafs II

Sú staða sem upp kom nú, að ríkisstjórn félli svo skömmu eftir að þing kom saman til fundar, er ekki einsdæmi í Íslandssögunni. Þann 11. október 1979 var þing sett en á þeim fundi tilkynnti Ólafur Jóhannesson, þá forsætisráðherra Framsóknarflokksins, að hann hygðist biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt.

Stjórn Ólafs samanstóð af hans eigin flokki, Alþýðuflokki og Alþýðubandalaginu. Tæpri viku fyrr hafði þingflokkur Alþýðuflokksins samþykkt að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu en það hafði verið afar skrykkjótt. Efnahagsástand í landinu var slæmt og átti eftir að fara versnandi. Ekki var boðað til þingkosninga þrátt

fyrir kröfu Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks þess efnis.

„[É]g persónulega tel óforsvaranlegt að efna til kosninga um hávetur, í svartasta skammdegi að kalla. Veðurguðirnir gætu orðið svo hliðhollir að þetta gæti tekist með skaplegu móti, en þó alltaf við erfiðleika að eiga í afskekktum sveitum. En veðráttu gæti líka orðið slík að kosningar á þessum tíma væru með öllu óframkvæmanlegar, og getur það átt við um kosningaundirbúning, framboðsfundi og kosningarnar sjálfar. Slíkar kosningar gætu orðið skrípamynd þar sem fjöldi fólks væri í reynd sviptur atkvæðisrétti,“ sagði Ólafur á þingsetningarfundinum.

Það varð úr að minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, varin falli af Sjálfstæðismönnum tók við.

64 VIKUR

Stjórnin sem sprakk í beinni Rúmum tveimur mánuðum eftir þingkosningar í apríl 1987 náðu Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur samkomulagi um að mynda ríkisstjórn undir forystu Þorsteins Pálssonar. Samstarfið var umdeilt og vildu vestfirskir Alþýðuflokksmenn ekki styðja stjórnina. Eftir átök haustið 1988 reyndist banabiti stjórnarinnar vera tillaga um lækun matarskatts og sex prósentu gengisfellinguna.


„Við erum hér í afar furðulegum sjónvarpsþætti. Þessir hlutir gerast rétt áður en maður er að ganga hingað inn. Það er afar ógæfulegt og vitanlega hlýtur sú spurning að vakna hvort það traust sé til staðar sem þarf til í ríkisstjórn,“ sagði Steingrímur Hermannsson, utanríkisráðherra í stjórninni, í beinni útsendingu á Stöð 2 kvöldið 16. september 1988. Hann og fjármálaráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, voru þá gestir í þætti Ólafs Friðriks-sonar og Helga Péturssonar og gáfu út dánarvottorð stjórnarinnar.

Minnihlutastjórnir skammlífastar stjórna

Fjórum sinnum hefur það gerst að minnihlutastjórnir hafa verið við völd. Þær hafa jafnframt verið þær skammlífustu. Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna sat aðeins í tæpar fimmtán vikur en náði kjöri á ný í kosningunum árið 2009.

16 vikur

Stjórn Ólafs Thors, sem tók við að loknum kosningum 1949 er sú skammlífasta. Stjórnarmyndunarviðræður gengu illa og á endanum settist Sjálfstæðisflokkurinn einn í stjórn. Enginn flokkur varði stjórnina heldur ætluðu þeir að taka afstöðu til hvers máls fyrir sig.



16 vikur og 4 dagar

Eftir að stjórn Ólafs Jóhannessonar féll árið 1979 tók við minnihlutastjórn undir forsæti Bene-

dikts Gröndal.

Tið þeirrar stjórnar lauk þegar Framsóknarflokkurinn, Alþýðubandalagið og hluti Sjálfstæðismanna mynduðu stjórn. Stjórnin var mynduð í trássi við vilja Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.



47 vikur og 3 dagar

Árið 1958 mynduðu átta manna þingflokkur Alþýðuflokksins minnihlutastjórn og fór Emil Jónsson fyrir henni. Nítján þingmenn Sjálfstæðisflokksins vörðu hana. Helsta mál stjórnarinnar var að breyta kjördæmaskipan landsins sem fram að þessu hafði verið afar hliðholl Framsóknarflokki.



ABENA

VIÐ HUGSUM Í LAUSNUM

Abena þvaglekavörur eru samþykktar af Sjúkratryggingum Íslands

Abena hjálparvörurnar við þvagleka fást í Rekstrarlandi og sérfræðingar okkar aðstoða við rétt val á þeim. Þessar vörur eru af öllum stærðum og gerðum svo auðvelt er að finna þægilega lausn sem hentar hverjum og einum.

Skírteinishafar geta leitað beint til Rekstrarlands til að fá Abena þvaglekavörur afgreiddar. Við sjáum um að koma vörum beint heim til notenda án aukakostnaðar.

Svörum fyrirspurnum fúslega í síma 515 1100 eða á heilbrigdi@rekstrarland.is
Verslunin í Vatnagörðum er opin kl. 9-18 alla virka daga.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

REKSTARLAND

PANTAÐU EXTRA
FYRIR 30. SEPT.
OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september



RENAULT
Passion for life

NÝR MEGANE

Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.



NÝR RENAULT MEGANE ZEN

1,5 DÍSil, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

VERÐ: 3.040.000 KR.



Þú færð EXTRA búnað á nýjan
Megane að verðmæti **300.000 kr.**

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphitun framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Simmar allra flokka



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Nýjustu skoðanakannanir benda til þess að nýr Miðflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sé nú þegar orðinn stærrí en Framsóknarflokkurinn. Hvað sem segja má um Sigmund verður ekki af honum tekið að hann vekur athygli hvað sem hann gerir. Enginn stjórnmálamaður hefur í seinni tíð, sennilega frá tímum Davíðs Oddssonar, haft sama lag á að gefa tóninn í umræðunni.

Því verður þó ekki haldið fram að Sigmundur Davíð sé fullkominn stjórnmálamaður.

Þvert á móti – hann er bæði þrasgjarn og hörundsár. Vilji hans til að kljúfa Framsóknarflokkinn sýnir jafnframt karaktereinkenni einleikarans. Framsóknarflokkurinn, sem Sigmundur hefur sagt að sé sér svo kær, er í hans huga ekki stærri en persóna Sigmundar Davíðs. Eins og knattspyrnuþjálfarinn Alex Ferguson sagði einhvern tíma um allt annan mann, þá virðist Sigmundur geta efnt til slagsmála í tómu húsi.

Það sem Sigmundur hefur hins vegar, og er sennilega ástæða þess persónufylgis sem hann þó nýtur, er pólitísk sýn.

Hann setur fram stórar hugmyndir, færir fyrir þeim rök og beitir sér fyrir því að þær komist til framkvæmda. Nægir að nefna skuldaleiðréttingu heimilanna, sem margir töldu ómögulegt að framkvæma, harða afstöðu gagnvart kröfuhöfum bankanna og afnám gjaldeyrishafta. Allt flókin pólitísk viðfangsefni þar sem Sigmundur setti fram hugmynd og sá til þess að hún kæmist til framkvæmda – hvað sem fólkí svo fannst um niðurstöðuna.

Að því leyti er Sigmundur allt að því einstakur meðal íslenskra stjórnmálamanna.

Því miður er alltof mörgum kollegum hans of tamt að gaspra eins og á sjálfstýringu í pólitísku tómarúmi. Þrasíð er þrasins vegna, ekki til að finna lausnir. Nýlegt dæmi eru ásakanir Pirata um barnanið í tengslum við samninga um dagskrá þingsins. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur, er eingöngu til þess fallinn að slá pólitískar keilur og þeim til vansa sem í hlut eiga.

Sama tilfinning kom upp þegar hlustað var á Brynjar Nielsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, á dögnum býsna yfir meintri hentistefnu lækna í kjaramálum. Honum fannst ósamræmi í því að lækna létu nú ekkert í sér heyra vegna þess að laun þeirra væru með því besta sem gerist í alþjóðlegum samanburði, ólíkt kveinstöfunum fyrir örfáum misserum þegar krónan var í lægd.

Brynjar minntist ekki á filinn í herberginu – íslensku krónuna. Örmýntina sem sveiflast eins og lauf í vindi og veldur því að forráðamenn íslenskra fyrirtækja geta aldrei gert vitrænar áætlanir. Sama á við um lækna. Laun þeirra sveiflast í takt við tiktúrur krónunnar. Lækna bera ekki ábyrgð á sveiflunum. Ábyrgðin er Brynjars og félaga hans á þingi.

Tillaga að einfaldri lausn á þessu væri upptaka evru eða annars gjaldeyris. Þingmaðurinn, sem vafalaust vill halda í krónuna, minntist hins vegar ekkert á það og reyndi ekki að færa rök fyrir því hvers vegna krónan væri ákjósanlegur gjaldmiðill. Þras, þrasins vegna. Engar lausnir.

Kannski væri betra fyrir okkur ef það væru Sigmundar í öllum flokkum.



Eins og knattspyrnuþjálfarinn Alex Ferguson sagði einhvern tíma um allt annan mann, þá virðist Sigmundur geta efnt til slagsmála í tómu húsi.



MEIRI HRADI, SKARPARI MYND OG BETRA VIDMÓT

APPLE TV Á 0 KR.

með 12 mánaða áskrift að völdum pökkum 365

Nánar á 365.is eða í síma 1817

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is 365

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Frelsi til að vera ósammála

Stundum velti ég fyrir mér hvernig okkur tókst að móðgast fyrir tíma samfélagsmiðla. Getur verið að allir hafi bara verið meira og minna sammála og í mesta lagi hafi einn eða tveir rökíð í fússi úr heita pottinum eða fermingarveislunni?

Við verðum nefnilega svo reið. Svo rosalega reið og stundum ósanngjörn. Við vitum alltaf hvað einhver annar var í raun að segja og við finnum hjá okkur ríka þörf til að ráðast á hann og benda viðkomandi á það hvað hann sé rosalega mikill fáviti með svakalega rangar skoðanir.

Það sem er verra, er að þetta er orðið eðlilegt. Það var ekki þannig. Mamma hefur oft sagt mér söguna af gömlum vini hennar sem henti í hana penna, rauk út og sagði að það væri ekki hægt að tala við hana af því að maðurinn hennar (pabbi minn) væri svo mikill kommúnisti. Yfirfært á samfélagsmiðla telst þetta bara eðlileg hegðun í dag.

Hvað er það sem dregur fram í okkur þörfina til að trú á það versta í fólkí? Sú víska að andstæðingar okkar eða sá sem er ekki sammála okkur, sé það vegna þess að hann sé vond manneskja? Þegar maður hugsar út í það, er þá ekki ólíklegt að vonda fólkí raðist alltaf á hinn enda pólitíska kvarðans?

Fjögurra vikna frekjakast

Þetta eru örugglega soltið barnalegar spurningar en ég held að við höfum gott af því að velja þeim fyrir okkur. Við erum nefnilega að fara í kosningar eftir nákvæmlega fjórar vikur. Og ímyndið ykkur hvernig ástandið verður þegar við tökum hefðbundna hálf árs kosningabaráttu og pökkum henni inn í 28 daga æðiskast á samfélagsmiðlum. Nú er ég enginn sérstakur spámaður en ég held að ég geti lofað ykkur því að það verður ekki skemmtilegt, í það minnsta ef síðustu dagar gefa einhvern forsmekk af því sem koma skal. Gífurlyri og yfirlýsingar um að þessir ætli ekki að leika við þennan og það komi ekki til greina



Ég held að það sé gott að hafa í huga að við þurfum ekki á því að halda að það sé talað niður til okkar og við skömmuð fyrir að hafa rangar skoðanir.

að þessir tveir vinni saman. Andrúmsloftið er eins og eftir þrotað rifrildi og kjósandinn ráfar um eins og ráðvillt skilnaðarbarn. En þetta getur ekki gengið svona. Það segir sig sjálf.

Stjórnmál snúast nefnilega um málamiðlanir. Innan skynsamlegra marka er ekkert til sem heitir rangar skoðanir og réttar. Maður getur verið sammála eða ósammála. Á því er töluverður munur. Í því felst frelsið. Já, og lýðræðið. Því þegar kemur að því að ná niðurstöðu þá verður hún til með því að ná sátt um leiðir með fólkí sem er ekki sömu skoðunar.

Ekki tapa gleðinni

Ég veit ekki um aðra, en ég hef í það minnsta ekki gaman af þessu. Mín pólitíska sannfæring er til dæmis ekki nógu sterk til að blokka einhvern á Facebook. Ef ég hef gert það þá er það frekar vegna þess að viðkomandi er bara svo sjúklega leiðinlegur.

Ég held að það sé gott að hafa í huga að við þurfum ekki á því að halda að það sé talað niður til okkar og við skömmuð fyrir að hafa rangar skoðanir. Við munum taka ákvarðanir sjálf um hvað við ætlum að kjósa og þær verða líklega byggðar á því hvernig við metum þá sem bjóða sig fram. Sem gæti verið hræðilegur misskilningur en það verður þá bara að hafa það. Miðað við síðustu misseri þá líður ekki á löngu áður en við fáum tækifæri til að skipta um skoðun. Þangað til – ekki tapa gleðinni.

BELFAST HANDAN VIÐ HORNID

Verð frá **12.990 kr.**

Sölutímabil 30. sept - 31. okt 2017.

Ferðatímabil 1. okt - 31. des 2017



Skreptu til Írlands í haust

Það er ljúft að bregða sér í helgarferð til Belfast. Flugid til höfuðstaðar Norður-Írlands er stutt og flugvöllurinn er bæði þægilegur og nálægt bænum. Hagstætt verðlag, áhugaverð saga, notalegir pöbbar og indælir íbúar taka á móti ferðalöngum. Dagsferð á slóðir Game of Thrones svíkur heldur engan.

Flugid er í samstarfi við Air Iceland Connect og flogid á Q400 vélum.



Hafa trú á Andra, FH og ÍBV

Fréttablaðið fékk sex spekinga á Stöð 2 Sport til að svara stærstu spurningunum fyrir lokaumferð Pepsi-deildar karla í dag. Hver tekur annað sætið, hver fellur og hvað endar Andri Rúnar með mörg mörk?

FÓTBOLTI Eyjamenn þekkja það vel að bjarga sér frá falli í lokaumferð Íslandsmótsins og gætu bætt enn einu björgunarfreykinu við í dag. Markametið, annað sætið og sæti í deildinni 2018 eru undir í lokaumferð Pepsi-deildar karla í dag.

Fréttablaðið hafði samband við menn í þremur þáttum: Stöð2 Sport um Pepsi-deildina, „Pepsi-mörkin“, „Síðustu 20“ og „Teignum“, og fékk þá til að svara þremur stærstu spurningunum í lokaumferðinni.

Samkvæmt þeim þá eru mestar líkur á því að FH-ingar nái í silfurverðlaunin, Ólafsvíkingar falli og að Andri Rúnar Bjarnason að minnsta kosti jafni markametið. Það má sjá svör þeirra hér á síðunni.

Eiga Eyjamenn til Martin í dag?

Frá því að þriggja stiga reglan var tekin upp árið 1984 hafa Eyjamenn bjargað sér í öll fjögur skiptin þar sem þeir hafa verið í fallbaráttu og ekki fallnir í lokaumferðinni.

Það er við hæfi að á aldarfjórðungsafmæli einnar eftirminnilegustu björgunarinnar í sögu deildarinnar mætist sömu lið á sama stað.

Fyrir 25 árum mættust ÍBV og KA í lokaumferðinni og áframhaldandi sæti í deildinni var undir. Martin Eyjólfsson var þá hetja Eyjamanna en hann kom inn á sem varamaður og skoraði tvö mörk í 2-1 sigri á KA á Hásteinsvöllinum. KA-menn urðu aftur á móti að sætta sig við fall.

Að þessu sinni eru nýliðar KA löngu öryggir með sæti sitt en heimamenn hafa aðeins eins stigs forskot á Viking úr Ólafsvík í baráttunni um síðasta örugga sætið.

Eyjamenn þurftu aftur á hetjudáðum Martins að halda í lokaumferðinni árið eftir (1993) og aftur skoraði hann sigurmarkið sem hélt

Stóru spurningarnar í lokaumferð Pepsi-deildar karla 2017

<p>Hörður Magnússon Pepsi-mörkin</p> <p>2. sætið</p>  <p>Inkasso</p>  <p>Lokamarkafjöldi Andra Rúnar 19</p>	<p>Hjörvar Hafliðason Pepsi-mörkin</p> <p>2. sætið</p>  <p>Inkasso</p>  <p>Lokamarkafjöldi Andra Rúnar 20</p>	<p>Tómas Þór Þórðarson Síðustu 20</p> <p>2. sætið</p>  <p>Inkasso</p>  <p>Lokamarkafjöldi Andra Rúnar 20</p>
<p>Óskar H. Þorvaldsson Pepsi-mörkin</p> <p>2. sætið</p>  <p>Inkasso</p>  <p>Lokamarkafjöldi Andra Rúnar 20</p>	<p>Reynir Leósson Pepsi-mörkin</p> <p>2. sætið</p>  <p>Inkasso</p>  <p>Lokamarkafjöldi Andra Rúnar 19</p>	<p>Guðm. Benediktsson Teignum</p> <p>2. sætið</p>  <p>Inkasso</p>  <p>Lokamarkafjöldi Andra Rúnar 19</p>



» ÍBV hefur aldrei fallið þegar liðið var í hættu í lokaumferðinni.

» 15 ár eru síðan FH var ekki í öðru tveggja efstu sætanna í deildinni.

» 11 mörk Andra Rúnar í síðustu 8 heimaleikjum.

liðinu í deildinni. ÍBV-liðið bjargaði sér líka í lokaumferðunum 2005 og í fyrra. Bæði liðin í fallhættu í ár gátu einnig fallið í lokaumferðinni fyrir ári síðan en voru þá í betri stöðu.

Fylkir sat þá í fallsæti fyrir loka-leikina og tap Árbæinga á KR-vellinum þýddi að úrslitin úr leikjum Eyjamanna (jafntefli við FH) og Ólafsvíkinga (tap fyrir Stjörnunni) skiptu ekki máli.

Skorað í átta leikjum í röð

Mikið er búið að skrifa um Andra Rúnar Bjarnason og markametið á síðustu vikum en Bolvíkinginn vantar enn bara eitt mark til að verða fimmti leikmaður sem skorar 19 mörk á tímabili í efstu deild.

Andri Rúnar skoraði ekki í síðasta leik norður á Akureyri en er nú á heimavelli þar sem hann hefur skorað í átta leikjum í röð og alls ellefu mörk í þessum átta síðustu leikjum.

Á móti kemur að Fjölnir er ásamt Stjörnunni eina liðið í Pepsi-deildinni sem Andri Rúnar hefur ekki skorað á móti í sumar. Liðin hafa að litlu að keppa og því gæti þetta snúist mikið um Andra og markametið.

Fjórtán ára tími á enda?

Valmenn fá Íslandsmeistaratitilinn afhentan eftir leik sinn á móti Víkingi en tvenn silfurverðlaunin verða annaðhvort afhent á KR-velli eða í Kaplakrika. Stjarnan og FH misstu bæði af Íslandsmeistaratitlinum en tryggðu sér Evrópusætið og berjast síðan um annað sætið í dag.

FH-liðið hefur verið meðal tveggja efstu í deildinni fjórtán tímabil í röð en Hafnfirðingar eru í þriðja sætinu á markatölu fyrir lokaumferðina. Stjörnumenn geta tekið silfrið annað árið í röð en þurfa að sækja KR-inga heim. FH-ingar taka á móti Blikum.

ooj@frettabladid.is

6.540 KR.

Á MÁNUÐI

ENGIN BINDING

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

6 stöðvar · 3 sundlaugar · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS

Nýjast

Pepsi-deild kvenna

Fylkir - Stjarnan 0-1
0-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (43.)

Valur - KR 3-0
1-0 Elin Metta Jensen (2.), 2-0 Elin Metta Jensen (9.), 3-0 Hlin Eiríksdóttir (71.)

Lokastaðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Þór/KA	18	14	2	2	44 - 15	44
Breiðablik	18	14	0	4	47 - 10	42
Valur	18	12	1	5	48 - 18	37
Stjarnan	18	10	3	5	36 - 19	33
ÍBV	18	9	6	3	33 - 21	33
FH	18	7	2	9	17 - 24	23
Grindavík	18	5	3	10	16 - 44	18
KR	18	5	0	13	15 - 41	15
Fylkir	18	2	3	13	13 - 36	9
Haukar	18	1	2	15	15 - 56	5

BJARKI BERST UM TITIL

Í gær varð ljóst að bardagi Bjarka Þórs Pálssonar og Quamer Hussain þann 7. september í London verður um Evrópumeistararitilinn í léttvígt hjá Fightstar bardagasambandinu.

Bjarki Þór er 3-0 sem atvinnu- maður í MMA en Hussain er 6-2. Annar hvor þeirra fær beltið frá Alfie Ronald Davis sem er búinn að semja við Bellator bardagasambandið.

„Þegar þetta var lagt á borð þá var ég varla að trúa því og ég var ekki lengi að samþykkja að gera þetta að titilbardaga. Ég er þarna að fara í minn fjórða atvinnubardaga og er strax að fá tækifæri til að berjast um titil. Hjá minni bardagasamböndunum er þetta einmitt svona að titlarnir geta losnað með skömmum fyrirvara þegar stærri samböndin koma og bjóða mönnum samning hjá sér,“ segir Bjarki Þór.

„Þetta breytir engu um minn undirbúning eða hugarfar til bardagans. Ég er algjörlega fókuseraður og er bara að einbeita mér á þann hátt sem ég myndi vanalega gera. Ég er tilbúinn að öllu leyti og hlakka til að eiga mína allra bestu frammistöðu þegar ég stig inn í búrið á laugardaginn.“

Helgin

Laugardagur:

08.50 F1: Timataka í Malasíu Sport
11.20 Huddersf. - Tottenham Sport
12.00 Forsetabikarinn Golfst.
13.25 Augsb. - Dortmund Sport 5
13.45 ÍA - Víkingur Ó. Sport 3
13.45 Valur - Víkingur R. Sport 2
13.45 ÍBV - KA Sport 4
13.50 Man. Utd. - Palace Sport
16.00 Laugardagsmörkin Sport
16.20 Chelsea - Man. City Sport
19.15 Pepsi-mörkin Sport
20.20 Pepsi-mörk lokaupp. Sport

Sunnudagur:

06.30 Formúla í Malasíu Sport 2
10.50 Arsenal - Brighton Sport
11.10 Sheff. Wed. - Leeds Sport 2
13.05 Everton - Burnley Sport
13.25 Hertha - Bayern Sport 4
13.30 Dolphins - Saints Sport 2
14.10 Barcelona - Palmas Sport 3
15.20 Newcastle - Liverpool Sport
16.00 Forsetabikarinn Golfst.
16.45 KR - Þór Þorl. Sport 3
17.00 Patriots - Panthers Sport 2
17.30 Messan Sport
18.40 R. Madrid - Espanyol Sport 4
19.00 Keflavík - Skallagrím. Sport 3
20.20 Broncos - Raiders Sport 2

Pepsi-deild karla í fótbolta:

L14.00 ÍBV - KA
L14.00 FH - Breiðablik
L14.00 Grindavík - Fjölnir
L14.00 Valur - Víkingur R.
L14.00 KR - Stjarnan
L14.00 ÍA - Víkingur Ó.

Undank. EM 2018 í handb.kvenna:
S15.00 Ísland - Danmörk

Meistarakeppni KKÍ í Keflavík:
S17.00 Karlar: KR - Þór Þorl.
S19.15 Konur: Keflavík - Skallagr.

Danir mæta í Höllina

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta spilar á morgun fyrsta heimaleikinn sinn í undankeppni EM 2018 þegar danska landsliðið mætir í Laugardalshöllina.

Íslenska liðið tapaði fyrsta leiknum sínum í undankeppninni úti í Tékklandi í vikunni (23-30) en á sama tíma unnu Danir sex marka sigur á Slóveníu.

Danska liðið endaði í 4. sæti á síðasta EM og verður meðal þátttakenda á HM í Þýskalandi í desember. Ísland hefur aldrei unnið Danmörku í leikjum A-landsliða kvenna.

„Við ætlum að byggja á því sem við gerðum vel í Tékklandi en Danir eru með eitt af fjórum bestu liðum Evrópu. Frábært lið með allar sínar stjórnur þannig að við þurfum að mæta enn grimmari og fá fólk til þess að koma og hvetja okkur áfram,“ segir Axel Stefáns-son landsliðsþjálfari í samtali við íþróttadeild.

„Við höfum farið í gegnum kynslóðaskipti undanfarin ár og erum enn í þeim fasa. Nú eru komnir enn yngri leikmenn og mér finnst þetta mjög spennandi staða hjá liðinu.“
– hbg



Stelpurnar á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Atvinnulóð - Haukahlíð 3

Til sölu er byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði að Haukahlíð 3 (lóð G á Hlíðarenda). Heimilt er að byggja allt að 17.500 m² atvinnuhúsnæði á 3-4 hæðum, auk 12.000 m² bílarkjallara á tveimur hæðum.

Lóðin er byggingarhæf og framkvæmdir á öðrum lóðum á Hlíðarendasvæðinu eru komnar vel á veg.

Skila skal skriflegu kautilboði á tilboðsblaði í lokuðu umslagi merkt „Haukahlíð 3“ til þjónustuværs Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 11. október 2017. Tilboð verða opnuð sama dag kl. 14.15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Úthlutunarskilmálar og tilboðseyðublað eru á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is/lodir



FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

Vandræðaskáldum er ekkert heilagt

Vandræðaskáldin **Sesselía Ólafsdóttir** og **Vilhjálmur B. Bragason** halda í tónleikaför. Þau verða á Ísafirði í kvöld og halda tónleika með yfirskriftinni „Vandræðaskáld vega fólk“. Þeim er ekkert heilagt og með beitrri þjóðfélagsádeilu fjalla þau um lífið og auðvitað pólitíkina.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Kolsvartur húmor Sesselíu Ólafsdóttur og Vilhjálms B. Bragasonar hefur vakið mikla athygli. Þau kalla sig vandræðaskáld og semja visur um lífið, ástina, samfélagið og pólitíkina. Nýlega sendu þau frá sér hárbetta vísu um Bjarna Benediktsson forsætisráðherra sem fer sem eldur um sinu á Youtube. Vísuna kalla þau Bjarnaverndarnefnd.

„Við höfum verið vinir frá því í menntaskóla og vorum bæði að læra úti í London, ég leiklist og leikstjórn í KADA (Kogan Academy of Dramatic Arts) og Vilhjálmur leikritun og leikbókmenntir í RADA (The Royal Academy of Dramatic

Art),“ segir Sesselía og segir þau hafa verið sitt í hvoru lagi að fíka við að semja tónlist. „Í eitt skiptið sem við hittumst ákváðum við að semja lag saman og skemmtum okkur gríðarlega við það. Svo fluttum við á svipuðum tíma heim til Íslands aftur og þá varð nafnið Vandræðaskáld til og í kjölfarið sýningin Útför – saga ambáttar og skattsvikara, þar sem við greindum uppruna okkar Íslendinga. Sú sýning naut mikilla vinsælda og var sýnd lengi á Akureyri og í kjölfarið sýndum við svo í Tjarnarbiói, en þess má til gamans geta að við snúum aftur í Tjarnarbiói nú 21. október með sýninguna Framhjá rauða húsinu og niður stigann,“ segir Sesselía. Sýningin er skrifuð af þeim og leikin í félagi við vinkonu þeirra Birnu Pétursdóttur undir fána atvinnuleikhópsins Umskiptinga og hefur hlotið góða dóma.



**VIÐ HÖFUM ALDREI
AUGLÝST OKKUR SEM
SKEMMTIKRAFTA EÐA
VEISLUSTJÓRA, HELDUR
HEFUR FAGNAÐARERINDIÐ
BREIÐST ÚT MANN AF
MANNI, EINS OG
KYNSJÚKDÓMUR.**

„Eftir Útför fóru okkur svo að berast fyrirspurnir um veislustjórn og skemmtanir og má eiginlega segja að það hafi undið upp á sig síðan, ekki sist fyrir tilstilli þeirra myndbanda sem við höfum sett á veraldarvefinn, svo sem LÍN og Áramótakveðjunnar,“ segir Vilhjálmur frá.

Þau segja vinskapi sinn byggjast á ást þeirra á ljóðum. „Við höfum bæði ort frá því að við vorum börn og unglingar og haft mikla ástriðu fyrir flutningi á ljóðum og texta. Tónlistin var svo rökrétt framhald, þar sem það er greiðasta leiðin til að koma textum á framfæri í nútímanum. Það eru margvíslegar ástæður fyrir því að við yrkjum, stundum sjáum við eitthvað í samfélaginu sem betur mætti fara, stundum er þetta tilraun til þess að fanga einhverja tilfinningu, en umfram allt viljum við skemmta fólk... og svo auðvitað þetta klassíska: Hvernig veit ég hvað mér finnst fyrr en ég heyri hvað ég hef að segja?“ segir Sesselía.

Vilhjálmur segir þeim almennt vel tekið. „Sem sannast ekki sist í því að við höfum aldrei auglýst okkur sem skemmtikrafta eða veislustjóra, heldur hefur fagnaðarerindið breiðst út mann af manni, eins og kynsjúkdómur,“ segir hann.



Sesselía og Vilhjálmur eru oftast til vandræða á Akureyri en nú ætla þau að ferðast um landið og breiða út boðskapinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Bjarnaverndarnefnd

Hvað gengur að hjá fólki, ég get þetta ekki lengur? Sjá þau ekki í alvöru hvað Bjarni er góður drengur?

Þau þískra bara og þúa og finna allt til ama, þau geta ekki sætt sig við hans pólitíska frama og grafa því upp smámál eins og Icehot og Panama,

eða þetta nýjasta sem mér finnst öllu verra, hvað með þó að pabb'ans hafi kvittað fyrir þerra? Og þó Bjarni hafi leynt því kallar ekki á hýðingar, svo hættið þessu, hættið þessu Bjarnaniðingar.

#bjarnaverndarnefnd
#höfumadeinslægra

Nú leggja þau í tónleikaferðalag. „Nú erum við að fara af stað með tónleikaferðalagið Vandræðaskáld vega fólk. Við byrjum á Ísafirði og ætlum að koma víða við, þó ekki sé búið að staðfesta allar dagsetningar enn, þar á meðal ekki í Reykjavík. Vega fólk snýst um grunnþætti lífsins, lífið sjálft, ástina og dauðann, þar leikum við okkur líka með margræðni þess að vega fólk, vera vegafólk og að vega fólk og meta,“ segir Vilhjálmur.

Þið fylgist grannst með samfélagsumræðunni og gerid grimmt gaman

að. Það er væntanlega af nógu að taka? „Já, eiginlega er svo mikið um að vera í samfélaginu að við gætum stöðugt verið að semja um það, en staðreyndin er að við verðum að vera dálítið vandlát til þess að þynna ekki út það sem skiptir mestu máli. Þar fyrir utan erum við líka að vasast í svo mörgu öðru og við hefðum engan tíma til þess ef við værum að semja samfélagslegar grínvisur alla daga,“ segir Sesselía en á meðal verkefna dúettsins er að setja upp Sjeikspír eins og hann leggur sig í Leikfélagi Akureyrar.

Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum

Úr 5. gr. skipulagsskrár Rannsóknarsjóðsins: Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2017 og skulu umsóknir sendar til Öldrunarráðs Íslands, Sóltúni 2, 105 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Anna Birna Jensdóttir, formaður stjórnar Öldrunarráðs. Fyrirspurnir sendist á netfangið oldrunarrad@oldrunarrad.is

Stjórn Öldrunarráðs Íslands

Öldrunarráð Íslands

Um helgina

TÍNDU SVEPPI

„Nú vaxa sveppir langt fram í september og allt þar til fer að frysta,“ segir Ása Margrét Ásgrímsdóttir sem er einna landsmanna fróðust um matsveppi í náttúru Íslands. Það má finna ullserk og furusveppi. Ullserkinn er að finna á túnnum, það þarf að tína hann fjarri umferðargötum. Furusveppinn í skógum, svo sem Heiðmörk.



FARÐU Í BÍÓ

RIFF – alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík er hafin og úrval feikigóðra mynda sem hægt er að velja um. 226 myndir frá 43 löndum verða sýndar á hátíðinni.

LESTU

Barnagæla eftir Leilu Slimane. Leila er fædd 1981 og er hratt risandi stjarna í heimalandi sínu, Frakklandi. Þessi ljóðræni sálfræðitryllir og glæpasaga hlaut hin virtu Goncourt-verðlaun í Frakklandi og er þýdd af Friðriki Rafnssyni.



ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR

LAGERSALA LÍN DESIGN

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

LAGERSALAN ER Í AUÐBREKKU 1, KÓPAVOGI

70-90%
AF ÖLLUM
BARNA-
FÖTUM

DÚNÚLPUR
BARNA
70%

NÚ 4.990 KR.
ÁÐUR 16.990 KR.

40-80%
AFSLÁTTUR

140X200
RÚMFÖT
SÝNISHORN
FRÁ
1.590 KR.

BARNAFÖT
FRÁ
150 KR.

RÚMFÖT
140X200
140X220
50-80%
AFSLÁTTUR

RÚMFÖT
200X200
200X220
50-70%
AFSLÁTTUR

BARNA HETTU
HANDKLÆÐI
FRÁ
490 KR.

GJAFAVÖRUR
FRÁ
290 KR.

SVUNTUR
FRÁ
490 KR.

Auðbrekka 1

Laugardag 10-17

Sunnudag 10-17

Lin
DESIGN



DC 6000

Sérlega vandaður leður-sófi. Svart áferðarfallegt Savoy split leður.

2,5 sæta: 193 x 99 x 83 cm

239.990 kr.

~~299.990 kr.~~

3ja sæta: 229 x 99 x 83 cm

269.990 kr.

~~339.990 kr.~~



CAZAR

Skemmtilegur hægindastóll. Svart PU-leður.

16.990 kr. ~~49.990 kr.~~



1. RikkiTikki filar, margar gerðir og stærðir. Verð frá (5 cm) **1.490 kr.** 2. Veggrósettur með klassísku mynstri frá Sophia, margar stærðir og litir. Verð frá **3.990 kr.** 3. VanillaFly hauskúpa úr jární, svört **16.990 kr.** 4. Hugsuðurinn, frá Sophia, nokkrir litir **11.990 kr.** 5. VanillaFly járnhestur 23 x 18 cm **12.990 kr.** 6. Broste nordic sea tebolli og undirskál **2.190 kr.**

L A Z B O Y

ODON



La-Z-Boy stóll í dökk- og ljósbrúnu áklæði. Stærð: 84 x 95 x 107 cm

69.990 kr. ~~109.990 kr.~~

L A Z B O Y

ODON



La-Z-Boy stóll. Svart leður. Stærð: 84 x 95 x 107 cm

99.990 kr. ~~149.990 kr.~~

L A Z B O Y

TRIPOLI



La-Z-Boy stóll í brúnu eða gráu Micro-fiber áklæði. St.: 87 x 98 x 110 cm

79.990 kr. ~~109.990 kr.~~

L A Z B O Y

RIALTO



La-Z-Boy stóll. Grátt eða svart áklæði. Stærð: 80 x 90 x 105 cm

89.990 kr. ~~109.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

139.990 kr.

~~169.990 kr.~~



HAVANA

Nettir og þægilegir stólar með snúningi. Slitsterkt áklæði. Litir: Ljós- og dökkgrár, rauður, ólív-ugrænn, orange og fjólublár.

54.990 kr. ~~69.990 kr.~~

HAVANA

Svart, rautt og ljósgrátt leður.

79.990 kr.

~~99.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

ÆVINTÝRALEGT HAUST Í HÖLLINNI

LOKAHELGI SEPTEMBERTILBOÐA



RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.



3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

49.990 kr. ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

39.990 kr. ~~69.990 kr.~~

AFSLÁTTUR

30.000
KRÓNUR

CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm



IDdesign

89.990 kr. ~~119.990 kr.~~



FREYJA

Borðstofustóll, brúnt PU leður með viðarfótum.

14.990 kr. ~~24.990 kr.~~



ALBERTA

Borðstofustóll, svart eða grátt PVC áklæði.

6.990 kr. ~~8.990 kr.~~



ASAMA

Borðstofustóll, svart eða hvítt PU leður.

11.990 kr. ~~13.990 kr.~~

IDdesign



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

149.990 kr.

~~189.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Ævintýralegt
haust í Höllinni
SPENNANDI SEPTEMBER

149.990 kr.

~~189.990 kr.~~

Þú finnur nýja bæklinginn okkar
á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Fær 2.000 gesti frá 50 ríkjum

Það hefur lítið borið á **Ólafi Ragnari Grímssyni** síðan hann lét af embætti forseta Íslands. Í viðtali við Fréttablaðið ræðir hann Hringborð Norðurslóða, kynni sín af Laurene Powell Jobs og stjórnskipulegar ákvarðanir forseta Íslands.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Við Íslendingar höfum ekki orðið mikið varir við Ólaf Ragnar Grímsson á opinberum vettvangi frá því að hann lét af embætti forseta í lok júlí í fyrra. Hann hefur verið á faraldsfæti undanfarna mánuði og segist núna upplífa meira frelsi en hann hefur gert um áratuga skeið.

„Þetta hefur að mörgu leyti verið mjög skemmtilegur og gefandi tími, þó að ferðalögin hafi kannski verið nokkuð mikil. Það var tekið saman í fjölskyldunni fyrir skömmu að á þessu rúma ári síðan ég hætti sem forseti væri ég búinn að halda fyrirlestra og ræður á ráðstefnum og þingum í 15 borgum í fimm heimsálfum,“ segir Ólafur Ragnar. Hann hefur undanfarna mánuði farið til Bandaríkjanna, Kanada, Evrópu, Rússlands, Kína, Kasakstan, Miðausturlanda, Afríku og Suður-Ameríku.

„Tíminn hefur því að mörgu leyti verið annasamari en hann var á tíðum meðan ég var á Bessastöðum. Þá tóku daglegar annir og föst verkefni forsetaembættisins ansi mikinn tíma. Það var oft erfitt að sinna meginmálum og höfuðáherslum sem ég hafði haft mikinn áhuga á og skipta Ísland miklu máli. En eftir að ég lét af embætti þá hef ég frelsi til að velja og hafna. Það eru ánægjuleg viðbrigði. Það er eiginlega í fyrsta skipti sem ég hef haft það vegna þess að meðan ég var þingmaður og ráðherra þá voru skyldurnar, kvöðin að vera á vettvangi dagsdaglega svo mikil að ég hafði ekki slíkt frelsi.“

Fjögur meginmálefni

Eftir að skyldum við forsetaembættið lauk hefur Ólafur Ragnar helgað sig fjórum meginmálefnum, sem hann hefur lengi haft áhuga á. Það eru í fyrsta lagi málefni á vettvangi Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle. Í öðru lagi hefur hann tekið þátt í samstarfi um baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Í þriðja lagi hefur hann haldið áfram að miðla af reynslu Íslendinga í þróun hreinnar orku, einkum jarðhita, og í fjórða lagi hefur hann komið að samstarfi um málefni hafsins.

Ólafur Ragnar segist hafa velt því mjög snemma á forsetaferlinum fyrir sér hvað Íslendingar myndu hafa fram að færa á nýrri öld. Hann sannfærðist um að það væri stórmál fyrir Ísland að um helmingur G20 ríkjanna væri kominn inn á vettvang Norðurslóða með einum eða öðrum hætti. Þá væri reynsla Íslendinga af nýtingu hreinnar orku og nýtingu sjávarauðlinda eitt það mikilvægasta sem við gætum haft fram að færa.

„Ég lærði það mjög fljótlega í mínum alþjóðlegu samskiptum að þegar þú ert kominn inn á fund með



Eftir að skyldum við forsetaembættið lauk hefur Ólafur Ragnar helgað sig fjórum meginmálefnum, sem hann hefur lengi haft áhuga á. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

leiðtogum annarra ríkja eða fyrirmennnum heimsins þá er ekki spurt: Ertu með 200 þúsund manns á bak við þig eða 200 milljónir? Er efnahagskerfið hjá þér stórt eða lítið? Það er fyrst og fremst spurt: Hefurðu eitthvað fram að færa sem skiptir aðra máli? Hefurðu einhverja reynslu eða þekkingu sem aðrir geta nýtt? Á 20.

öldinni má segja að efnahagslegur styrkur, hernaðarstyrkur og stærð hafi skipt máli. En á 21. öldinni skiptir fyrst og fremst máli í hverju þú ert góður. Hvaða þekkingu og reynslu hefur þú yfir að ráða sem getur reynst öðrum vel? Sérstaklega í veröld þar sem upplýsingakerfi heimsins hefur breyst með þeim ➔



ÞETTA HEFUR AÐ MÖRGU LEYTI VERIÐ MJÖG SKEMMTILEGUR OG GEFANDI TÍMI, ÞÓ AÐ FERÐALÖGIN HAFI KANNSKI VERIÐ NOKKUÐ MIKIL.

Rýmingsarsala bókaútgefenda í

Glæsibæ

NÚ Á
NÝJUM
STAÐ

ALLIR SEM
VERSLA
FÁ BÖK
AÐ GJÖF

BÆKUR
FRÁ
99 KR.

Allt að 90% afsláttur



Prjónabíblían
Verð: 2990 kr.



Dýrin
Verð: 999 kr.



Stærsta og
sniðugasta
myndaorðabók
í heimi
Verð: 990 kr.



Stuð vors lands
Verð: 1990 kr.



Súper Neó
Verð: 990 kr.



Eftirréttir Söllu
Verð: 490 kr.



Jólaandinn
Verð: 499 kr.



Nýja
tilvitnana bók
Verð: 1490 kr.

Dagana 14. sept. til 8. okt.
í Glæsibæ (þar sem Útilíf var áður til húsa)

Opnunartími 10-18
alla daga vikunnar

➔ hætti að þú getur lært af hverjum sem er í veröldinni, hvar sem þú ert í veröldinni.“ segir Ólafur Ragnar. Eftir að hann lét af embætti hefur hann unnið náð með forystufólki úr Silicon Valley og kynnst bæði Laurene Jobs (ekku Steve Jobs) og hennar nánasta samstarfsfólki. Laurene Jobs er stofnandi samtakanna Emerson Collective sem tekur þátt í Arctic Circle. Ólafur segir það afar áhugavert að vinna með þessu fólki. „Fólki sem hefur vaxið upp við það að ungrmenn í bílskúrum breyttu heiminum í krafti hugvitsins og tækni,“ segir hann. Þetta fólk hugsar talsvert öðruvísi en gert var á síðustu öld.

Þá hefur Ólafur Ragnar unnið náð með Conservation International sem eru ein af öflugustu umhverfissamtökum í veröldinni með höfuðstöðvar í Washington og um 1.600 starfsmenn um allan heim. Þau samtök eru líka orðin aðilar að Arctic Circle.

Stormasamur tími í stjórnmalum Það hefur dregið verulega til tíðinda í íslenskum stjórnmalum frá því að Ólafur Ragnar lét af embætti 31. júlí 2016. Gengið var til kosninga 29. október sama ár, ný ríkisstjórn mynduð tveimur og hálfum mánuði síðar. Nú á að ganga aftur til kosninga.

„Það er merkilegt ef við horfum yfir þetta rúma ár, að rifja upp að þegar ég hélt blaðamannafundinn á Bessastöðum vorið 2016 og mikil ólga hafði verið í samfélaginu lýsti ég því yfir að fram undan væri tími mikillar óvissu og óstöðugleika í íslenskum stjórnmalum. Ýmsir ypptu öxlu yfir þeim spádómi og töldu hann réttlætingu sem ég væri að búa til. Hann var einfaldlega byggður á greiningu sem sótt var í minn gamla akademíska feril og þeirri reynslu að fylgjast með stjórnmalum og þjóðmálum á Íslandi í nokkra áratugi. Þessi spádómur hefur, því miður, ræst með enn afdrifarikari hætti en ég átti von á fyrir rúmu ári. Að nokkru leyti eru ástæðurnar tengdar íslensku samfélagi en þær eru líka alþjóðlegar í eðli sínu,“ segir Ólafur Ragnar.

Hann bendir á að bæði í Bandaríkjunum og Frakklandi hafi komið á vettvang nýir forystumenn, Bernie Sanders í Demókrataflokknum og Donald Trump í Repúblikanaflokknum. Síðan náði Macron kjöri í forsetakosningunum í Frakklandi. „Enginn þeirra hafði forystustöðu innan flokkanna en allir náðu ótrúlega miklum pólitískum árangri og stuðluðu að gríðarlegri gerjun í stjórnmalum Frakklands og Bandaríkjanna sem fæstir höfðu séð fyrir,“ segir Ólafur. Hann segir að við Íslendingar séum, ásamt nokkrum öðrum þjóðum, staddir á þeim vegamótum að það sé mikil krafa um lýðræðislegar umbætur. Hún sé eðlileg og skiljanleg og eigi sér aðdraganda sem tengist bæði upp lýsingatækni, aukinni menntun og því að nýir hópar séu komnir fram



Ólafur Ragnar Grimsson var fimmti forseti lýðveldisins Íslands.



ÉG LÆRDI ÞAD MJÖG

FLJÓTLEGA Í MÍNUM

ALÞJÓÐLEGU SAMSKIPT-

UM AÐ ÞEGAR ÞÚ ERT

KOMINN INN Á FUND MED

LEIÐTOGUM ANNARRA

RÍKJA EÐA FYRIRMENNUM

HEIMSINS ÞÁ ER EKKI

SPURT: ERTU MED 200

ÞÚSUND MANNS Á BAK VIÐ

ÞIG EÐA 200 MILLJÓNIR?

á sviðið. Þessi lýðræðislega gerjun verði að fá svigrúm til að þróast. Hins vegar þurfi líka að vera stöðugleiki í stjórnkerfinu svo að árangur náist. „Þessi tvö markmið þurfa bæði að vera leiðarljós ef þjóðin ætlar með farsælum hætti að ná árangri. Verkefni þeirra sem eru núna á vettvangi hinna kjörnu fulltrúa er að reyna að sameina þetta tvennt. Að leyfa lýðræðislegri gerjun að fá framrás en glata ekki við það þeim stöðugleika og árangri sem þarf að ríkja í stjórnkerfi hvernar þjóðar,“ segir Ólafur.

Ætlar ekki að verða álitsgjafi

Ólafur Ragnar gegndi embætti forseta í 20 ár, lengur en nokkur annar forseti lýðveldisins. Hann var fyrsti forsetinn til að beita 26. grein stjórnarskrárinnar og vísa lögum, sem samþykkt höfðu verið á Alþingi, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það gerði hann fyrst eftir að Alþingi samþykkti fjölmiðlalög árið 2004 og síðan þegar Alþingi hafði samþykkt ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Ákvarðanirnar voru í öllum tilfellum gagnrýndar af forystumönnum þeirra ríkisstjórna sem sátu á hverjum tíma.

Í sumar var núverandi forseti, Guðni Th. Jóhannesson, gagnrýndur af almennum borgurum fyrir að hafa staðfest þá stjórnarathöfn Ólafar Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, að veita mönnum sem dæmdir höfðu verið fyrir alvarleg brot upp-reist æru. Ólafur Ragnar svarar því ekki hvað honum finnst um þá stöðu sem eftirmaður hans glímdi við. „Það var afdráttarlaus ákvörðun þegar ég lét af embætti að ég ætlaði ekki að vera álitsgjafi, hvorki um verk eftirmanns míns, stöðu hans og vanda né heldur daglega atburðarás á vettvangi stjórnmalanna,“ segir hann.

Ólafur Ragnar tekur hins vegar skýrt fram að ákvarðanir hans um að vísa fyrrgreindum stjórnarfrumvörpum í þjóðaratkvæðagreiðslu hafi byggst á traustum grunni og eflit lýðræðislegt vald þjóðarinnar.

„Það má kannski segja að það hafi verið þrjár meginþættir í stöðu forsetans sem margir töldu í upphafi minnar forsetatíðar vafasamt að ættu sér stjórnskipulegar rætur. Eg var alltaf ósammála þeim fullyrðingum og taldi mig hafa góðan akademískan grundvöll til að fullyrða að



ÉG VAR ALLTAF ÓSAM-

MÁLA ÞEIM FULLYRÐ-

INGUM OG TALDI MIG Hafa

GÓÐAN AKADEMÍSKAN

GRUNDVÖLL TIL AÐ FULL-

YRÐA AÐ ÉG HAFI HVERGI

FARIÐ ÚT FYRIR HIN

STJÓRNSKIPULEGU MÖRK.

ég hafi hvergi farið út fyrir hin stjórnskipulegu mörk,“ segir Ólafur Ragnar og bætir við að í dag ríki sátt um öll þessi atriði. „Í fyrsta lagi er núna almenn sátt um að forsetinn hefur þennan stjórnskipunarlega rétt og jafnvel skyldur að vísa málum til þjóðaratkvæðagreiðslu ef stór hluti þjóðarinnar óskar þess og telur það mikilvægt.

Í öðru lagi hefur skilningur minn á þingfrósréttinum núna nýlega verið staðfestur með afstöðu eftirmanns míns sem enginn hefur mótmælt, hvernig forsætisráðherrann annars vegar og forsetinn hins vegar komi að slíkrri ákvörðun.

Í þriðja lagi að nauðsynlegt væri, vegna breytts tíðaranda og breytts þjóðfélags og breyttra alþjóðamála, að forsetinn léti meira til sín taka í almennri umræðu en sæti ekki í umróti tímans bara högvær og þöggull á Bessastöðum. Heldur væri hann þátttakandi með þjóðinni í mótun framtíðarinnar. Þessi skilningur hefur ítrekað verið festur í sessi með margvíslegri framgöngu eftirmanns míns,“ segir hann.

Þá nefnir Ólafur Ragnar að hann sé sérstaklega ánægður með að á þessum 20 árum hafi þráðurinn frá einni ríkisstjórn til annarrar aldrei slitnað og stjórnarmyndanir hafi ávallt tekist í fyrstu tilraun. Slíkur stöðugleiki hafi skipt miklu, sérstaklega þegar þjóðin glimdi við óvænta og sögulega erfiðleika.

Mikið samtal hefur átt sér stað um stjórnarskrána á liðnum árum og hefur sú umræða síst minnkað í aðdraganda alþingiskosninga. „Ég er eindregið þeirrar skoðunar og hef lýst henni oft áður að núverandi stjórnarskrá sé í sjálfu sér alveg nægilega ljós. Skoði menn reynsluna og hvernig henni hefur verið beitt hefur stjórnarskráin reynst þjóðinni vel við erfiðar aðstæður og á ólíkum tímabilum,“ segir Ólafur. Hins vegar sé ekki þar með sagt að það megi ekki breyta ýmsu í stjórnarskránni. Þar nefnir hann að styrkja mætti heimildir um þjóðaratkvæðagreiðslur, skýra heimildir um þjóðareign á auðlindum og ákvæði varðandi náttúru og umhverfi.

„Það er fyrst og fremst atburðarásin á hverjum tíma sem sker úr um það hvort stjórnarskráin sé gagnleg eða ekki. Núverandi stjórnarskrá hefur ekki reynst hindrun við að knýja fram lýðræðislegan vilja þjóðarinnar. Það sáum við í þessum þjóðaratkvæðagreiðslum sem ég efndi til sem forseti. Það höfum við séð á undanförmum árum varðandi kröfurnar um þingrof og nýjar kosningar sem orðið hefur verið við. Ekki bara einu sinni heldur þrisvar.“

Ólafur Ragnar hyggst ekki blanda sér í umræðu um pólitísk dægurmál á næstunni. „Ég held að æskilegast sé að slík mál þróist með svo farsælum hætti meðal þjóðarinnar að það verði hvorki þörf né eftirspurn eftir því að koma aftur á vettvang. Það er einlæg ósk mín að það takist svo vel til við meðferð bæði grundvallarmála og annarra mála að það verði ekki kallað eftir því að fyrrverandi forseti fari að blanda sér í málin. Það er mikilvægt að þjóðin finni sér á hverjum tíma nýjar kynslóðir leiðtoga og forystumanna sem geta farsælega leyst úr vandamálum.“



Laurene Powell Jobs.

Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle

Um 2.000 manns frá 50 ríkjum hafa sótt þing Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle en næsta þing fer fram í Hörpu dagana 13.-15. október. Þar verða 135 málstofur með rúmlega 600 ræðumönnum og fyrirlesurum. Áhrifafólk viðsvegar að úr heiminum kemur þá til landsins. Lauren Jobs er ein þeirra. Framkvæmdastjóri Loftslagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna Patricia Espinosa verður líka viðstödd ráðstefnuna, hún flytur meginstefnuræðu á fyrsta morgni þingsins og útskýrir framhaldið varðandi Parísarsamkomulagið eftir ýmsar breytingar sem hafa orðið á síðustu misserum. „Þetta er fyrsta stóra alþjóðlega þingið þessarar tegundar sem haldið er eftir að Bandaríkjaforseti tók sína ákvörðun varðandi Parísarsamkomulagið,“ útskýrir Ólafur Ragnar. Trump ákvað í byrjun júní að draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu. Þá mun



ÞAD ER ÓLAFI RAGNARI

KAPPSMÁL AÐ ALMENN-

INGUR GETI SÓTT ÞINGIN

HÉR Á ÍSLANDI.

hans heilagleiki Bartholomew I, Patriarkinn af Ístanbul, flytja stefnuræðu sem að meginefni verður um verndun lífríkis jarðarinnar og baráttuna gegn loftslagsbreytingum. En Patriarkinn er, ásamt páfanum í Róm, einn af tveimur til þremur helstu leiðtogum hins kristna heims.

Ólafur Ragnar segist sérstaklega ánægður með þá öflugum sveit forystukvenna sem verður að þinginu. Auk Laurene Jobs nefnir hann sem dæmi þær Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands, Lisu Murkowski, öldungadeildarþingmann í Bandaríkjunum og formann orkunefndar öldungadeildarinnar, Ségolène Royal, sem var forsetaframþjóðandi í Frakklandi, orkumálaráðherra í síðustu ríkisstjórn og er nýskipaður sendimaður hins nýja forseta Frakklands í málefnum Norðurslóða.

En Ólafur Ragnar segir að það hafi jafnframt verið sér kappsmál að þingin hér á Íslandi væru opin almenningi. „Við höfum alltaf tekið frá ákveðinn fjölda sæta fyrir áhugasama Íslendinga þótt þeir gegni ekki forystustöðu á neinum vettvangi, hafi bara einlægum áhuga á mállefnum Norðurslóða eða þeim vísindum eða alþjóðmálum sem hér verða til umræðu,“ segir Ólafur Ragnar. Fólk geti þá skráð sig á þingið fyrir tiltölulega litla upphæð á vefslóðinni www.ArcticCircle.org og tekið fullan þátt í þinginu.

ERTU LÖNGU HÆTT/UR AÐ REYKJA EN SITUR UPPI MED SKEMMDIRNAR!



Supreme Demantshúðslipun + Intraceuticals "Hollywood-meðferð"

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Tilboð í október



Snyrtistofan Hafblík

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrti@snyrti.is • www.snyrti.is

VIÐ BORGUM LAUNIN OG SÍMREIKNINGINN!

Við hjá Póstdreifingu leitum að duglegu og ábyrgu fólki til að bera út blöð í þínu nágrenni milli klukkan 6 og 7 á morgnana.

Dreifing fer fram sex daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Við bjóðum glæsileg símafríðindi og blaðberar okkar sem nota Póstdreifingarappið í 30 útburðardaga í röð fá glæsilegt Garmin snjallúr.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarsíðu okkar www.postdreifing.rada.is.

Ef þetta er eitthvað sem gæti átt við þig sendu þá inn umsókn í dag og við munum hafa samband.

GARMIN  **vodafone** 



Hraundís við Rauðsgilið sem varð Jóni Helgasyni skáldi og prófessor í Kaupmannahöfn að yrkisefni, enda átti hann sín bernskuspör á staðnum. Stíginn niður í gilið hefur Hraundís klætt brúnum barrgreinum sem falla til eftir eiminguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lifir á því sem landið gefur

Hraundís Guðmundsdóttir, bóndi á Rauðsgili í Borgarfirði, stundar ekki hefðbundinn búskap og er heldur ekki týpísk hannyrðakona þó hún beri titilinn handverksskona ársins með sæmd. Hún er skógfræðingur og býflugnabóndi og býr til ilmkjarnaolíur úr eigin trjám.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Tveir hundar og húsfreyjan Hraundís taka á móti okkur Erni ljósmyndara á hlaðinu á Rauðsgili í Reykholtssdal. Bærinn stendur nánast á brún hins mikilfenglega Rauðsgils sem við byrjum á að líta yfir undir leiðsögn Hraundísar. Á leiðinni verða marglitar hænur á vegi okkar, þær skjótast undir runna en eiga heima í sætum kofa undir kletti. Í giliinu er hvammur með nokkrum ávaxtatrjám og þar er líka bergvatnsá sem Hraundís segir mikið búið að sullast í. „Manninum mínum sem ólst upp hér á bænum var stranglega bannað að leika sér í giliinu. En ég fór þá leið að leika mér þar sjálf með krökkunum okkar og þannig lærðu þau á það.“

Hraundís átti heima á Selfossi til átta ára aldurs, þá flutti hún með fjölskyldunni í Grundarfjörð en á Rauðsgili hefur hún búið í 20 ár með manni sínum, Birni Oddssyni sem er vélvirki í álverinu á Grundar-

tanga. Þau eiga fjögur börn samtals og tvö barnabörn. Þrjú elstu börnin eru í borginni við nám og störf en það yngsta á Akranesi í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Það er dóttirin Hekla. Sem leiðir hugann að nafninu Hraundís sem er sjaldgæft. „Ég bar það ein í 36 ár en nú erum við orðnar þrjár,“ segir húsfreyjan brosandí.

Í bakgarðinum er heilsað upp á býflugurnar. „Við byrjuðum að framleiða hunang árið 2010, þá vorum við tólf í því á Íslandi, nú erum við yfir hundrað,“ upplýsir Hraundís. Flugurnar eru á fullu að búa sig undir veturinn, ná sér í efni úr trjáberki til að loka öllum glufum á búunum. Nokkrar humlurnar eru á sveimi og freista inngöngu en er hent út um leið. „Það eru varnarflugur innan við, tilbúnar að verja búin ef einhver kemur óboðinn,“ bendir Hraundís á og segir humlurnar eiga sér bú til að liggja í dvala í í vetur. Allt í einu birtist stór og loðin kisa, svört og hvít, önnur tveggja á heimilinu, að sögn húsfreyjunnar. „Við erum líka stundum með tvö svín á sumrin í túninu, það er mun betri matur af frjálsum svínum en hinum og þau eru líka einstaklega

skemmtilegar skepnur,“ segir hún.

Þau hjón hafa alltaf stundað vinnu utan heimilis, að sögn Hraundísar, þó áttu þau fáeinir kindur til að byrja með og byrjuðu í skógrækt 2001. „Við erum að gróðursetja í 135 hektara land og erum langt komin með það. Það fara 19.000 plöntur niður þetta árið.“

Þá er komið að sérstökustu búgreininni á bænum – ilmkjarnaolíugerð. Hraundís fór alla leið til Arizona árið 2015 til að læra hana. „Ég var með eigin nuddstofu hér í dalnum í mörg ár og blandaði þá ilmkjarnaolíum í nuddolíur. Þar kviknaði hugmyndin að því að framleiða þær sjálf. Mig langaði að læra um jurtirnar og að nýta jörðina mína. En ég felli ekki trén til að ná úr þeim olíunni, bara kvista þau og laga til í skóginum í leiðinni.“

Í gamla mjólkurhúsinu á bænum er Hraundís með 420 lítra pott sem hún eimar jurtirnar í. „Eimingin gerist með gufu sem leidd er í pottinn og leysir olíuna úr plöntunum, hún flýtur ofan á og endar í litlum skiljara utan á pottinum. Þar tappa ég vatni undan þeim,“ lýsir hún. Segir barrtrén gjöfulust af olíu enda eimi hún átta tegundir. „Það er



Eimingarpotturinn gegnir lykilhlutverki við að ná olíunum úr jurtunum.



Horn í gamla mjólkurhúsinu þar sem húsfreyjan er með olíuframleiðsluna.



Hraundís vigir nýju sögina, þvilíka græju.



Byflugurnar skapa verðmæti á Rauðsgili.

mismunandi eftir plöntum, veðri og vindum hversu mikil olía er í þeim, jurtir eru dyntóttar eins og veðrið. Ég eimaði til dæmis stútfullan pott af vallhumli um daginn og fékk bara ellefu millilítra af olíu. Birkið gefur líka vöðu lítið, því miður, en það er æðisleg olía. Ég yrði bara að selja hana svo dýrt af því ég fæ svo lítið. Ilmurinn af oliunum er ólíkur eftir tegundum og líka virknin.“

Næst er það skógarferð í jeppanum. Hundarnir eru fyrstir upp í bílinn. „Passið ykkur á gaddavirnum, ég er búin að skemma marga flik á honum,“ segir Hraundís aðvarandi þegar við komum á staðinn. Hún er sjálf nýbúin að fjárfesta í nettri keðjusög og buxum sem hún segir ekki hægt að saga í gegnum. „Þær voru heldur ekki ódýrar,“ tekur hún fram, kankvís. Hlíðin er alsett trjágróðri á mismunandi skeiði. Við erum í lundi frá 2006 og Hraundís vigir þar nýju sögina, alsæl, því hingað til hefur hún látið litla hand-sög duga.

A leið heim á hlað aftur forvitnast ég um vinnu hennar á Hvanneyri, þaðan var hún nýkomin þegar við mættum. „Ég er í hálfu starfi sem skógræktarráðgjafi og það var eins gott að þið komuð ekki á morgun því þá hefði ég verið farin í Dalina. Þar er mikil skógrækt og ég er oft þar á þessum árstíma.“ Sem sagt alltaf svinandi? „Ég þarf að minnsta kosti ekki að láta mér leiðast,“ segir hún brosandi. „En reyni samt að taka því rólega í svartasta skammdeginu. Á þeim tíma á maður heldur ekki að kvista tré.“

Oliurnar hennar Hraundísar



Oliurnar sem Hraundís framleiðir hafa mismunandi eiginleika eftir tegundum. Hér er minnst á nokkra þeirra.

- Stafafura:** Sveppa- og bakteríu-drepani.
- Lindifura:** Góð við lungnavanda.
- Bergfura:** Gegn kvefi.
- Sitkagreni:** Gegn bólgum og verkjum.
- Svartgreni:** Örvar sogæðakerfið.
- Fjallapínur:** Við sveppasýkingum.
- Hvítþínur:** Upplifgandi.
- Síberíu- og Balsampínur:** Örva einbeitingu.
- Einir:** Góður við gigt.
- Hvannafræ:** Gegn meltingarvanda.

Oliurnar má líka nota til þrifa á þvottavél, uppvottavél og þurrkara og að sjálfsögðu sem hífylilm.

Á vefsíðunni hraundis.is. eru frekari upplýsingar um framleiðsluna og hvar hún fæst.

Dagur Konfúsíusarstofnunar, 2. október 2017

Málþing um Kína



Í tilefni dags Konfúsíusarstofnunar verður haldið málþing um Kína við Háskóla Íslands, mánudaginn, 2. október. Valinkunnir kínverskir fræðimenn munu flytja erindi um kínverska heimspeki, efnahagsmál, samfélagsmál og utanríkisstefnu.

Dagskrá

Í Þjóðarbókhöllu, fyrirlestrarsal í anddyri:

- 10:00 11:00 – setning og fyrirlestur Yang Huilin, prófessor í heimspeki við Renmin háskóla: The reflection of globalization in Chinese metaphysical grammar.
- 11:00 – 11:50 fyrirlestur Peng Gang, prófessor í hagfræði við Renmin háskóla: China's economic growth and contemporary poverty.

Kaffihlé

- 12:10 – 13:00 fyrirlestur Shi Yinhong, prófessor í alþjóðastjórnsmálum við Renmin háskóla: An effect of Trump and more: The emerging retrenchment of China's strategic posture.
- 13:00 – 13:50 fyrirlestur Jin Canrong, prófessor í alþjóðastjórnsmálum við Renmin háskóla: China's foreign strategy and policy.

14:00 - 15:30 hlé.

Í veröld – húsi Vigdísar, fyrirlestrarsal á jarðhæð.

- 15:40 – 16:30 fyrirlestur Huang Weiping, prófessor í hagfræði við Renmin háskóla: The China's Story based on economic data.
- 16:40 Lokaathöfn: Kvinnakór Háskóla Íslands flytur lög á íslensku og kínversku. Léttar veitingar í boði Konfúsíusarstofnuna rinnar Norðurljósa.

Aðgangur ókeypis, allir hjartanlega velkomnir!

Slysið breytti öllu

Alvarlegt slys í hestaferð árið 2011 varð vendipunktur í lífi **Stefaníu Steinsdóttur**. Eftir langt bataferli og andlega vanlíðan fann hún nýjan tilgang og hóf guðfræðinám. Nú er hún nýr prestur í Glerárkirkju á Akureyri og getur miðlað af reynslu sinni.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Við Stefania stöndum á miðju kirkjugólfi Glerárkirkju og virðum fyrir okkur litríka sólargeisla sem kastast af steindum gluggum kirkjunnar. Stefania tekur til máls.

„Lífsreynsla mín í kjölfar hestaslyss sumarið 2011 varð til þess að ég dreif mig í guðfræðina,“ segir Stefania. „Við vorum þrettán konur saman í hestaferð. Við erum á leið úr Baugaseli [Baugasel er eyðibýli í Barkárdal inn af Hörgárdal] og erum aftur á leið til byggða þegar hestur sem ég er á hrasar og ég dett af baki. Ég fæ mikið höfuðhögg og ligg þar í nokkurn tíma. Lífið tók U-beygju þennan örlagaríka dag.“

Það tók hana dágóða stund að ranka við sér og fá máttinn aftur. Skemmdir á hjálmi Stefaniu gáfu til kynna að hún hefði fallið á hnakk-

ann af miklu afli. Samt sem áður, af þrjósku og harðfylgi, stóð hún upp og kom sér heim. Á þessum tíma bjó hún á Neðri-Rauðalæk í Hörgárdal, sinni bústörfum þar sem fé og hross voru meginundirstaðan og vann fullan vinnudag hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

„Á þessum tíma viðurkenndi ég ekkert að það væri eitthvað að mér, kastaði upp fyrstu tvo sólarhringana og þegar höfuðverkurinn hætti ekki ákvað ég að láta kíkja á mig. Þá er bara tekin mynd af höfðinu á mér og ég send heim með þeim skilaboðum að ég ætti að vera góð eftir tvær vikur. Þetta væri bara heilahristingur.“

Svefnleysið tók toll

Dagarnir liðu og lítið breyttist. Höfuðverkurinn ágerðist og myrkríð tók yfir. Hún lá í rúminu og gat ekkert gert til að lina þjáningarnar. „Ég grenjaði bara af verkjum og svaf ekki vegna verkjanna. Síðan ákvað ég að leita mér sjálf hjálpar sem endaði á því að hálsliðirnir voru myndaðir,“ segir Stefania. Þá kom í ljós að hálsliðir höfðu fallið saman. Tveimur mánuðum eftir slysið var hún komin í endurhæfingu á Kristnes, sem staðsett er miðja vegu milli Akureyrar og Hrafnagils.

Hún lýsir því hvernig hún einangradist smátt og smátt. „Ég gat ekki hitt vinkonurnar, sinnt vinnu, heimilislífi eða áhugamálum. Mínir nánustu átta einnig erfitt með að heimsækja mig á þessum tíma því það sást mjög vel á mér hversu kvalin ég var. Ég svaf ekki og lá að mestu í rúminu að farast úr verkjum. Þetta var ekki góður tími,“ segir Stefania.

„Ég var á Kristnesi þar til í febrúar árið 2012 og var útskrifuð í raun þaðan án þess að vera nokkuð betri. Ég var á lyfjum á þeim tíma og var bara dofin. Sjúkraþjálfun á þeim tíma virkaði stundum og stundum ekki. Þarna fann ég að mér leið mjög illa andlega. Það var mjög erfitt að vera útskrifuð af Kristnesi með þeim orðum að það gæti tekið mig allt að fimm árum að ná styrk. Þarna var tilhugsunin erfið, að þurfa að vera svona slæm í fimm ár. Ég vissi ekkert út í hvað ég var að fara. Ég var komin á biðlista á Reykjalund en ég sá ekki hvernig ég átti að fara í gegnum lífið svona.“

Þegar ég slasast voru börnin mín sex ára og tíu ára. Sonur minn var að byrja í skólanum þennan veturinn. Mér fannst það óbærilegt að hafa ekki verið til staðar á þeim tíma. Ég kemst svo inn á Reykjalund vorið 2012 algerlega buguð. Þar tek ég ákvörðun um prestsnámið.“

Það var á þessum tíma sem Stefania sökk í hlyldýpi sársaukans.

„Það er ótrúlega sorglegt að hugsa til þess núna að mér hafi líðið svona illa. Það er rosalega sorglegt. Á sama tíma á ég mun auðveldara með að skilja þessa tilfinningu og það hjálpar mér sem prestur í dag. Maður sér allt svart, maður sér ekkert ljós og maður sér ekki tilgang með neinu. Ég á tvö yndisleg börn og að maður virkilega geti hugsað svo myrkar hugsanir í þeirri stöðu að vera tveggja barna móðir er mjög sorglegt.“

Á tímabili sá ég ekki tilganginn. Ég hef svo sannarlega kynnst myrkrinu.“



Áverkarnir voru alvarlegir eins og sjá má á þessari mynd.



Á TÍMAPUNKTI SÁ ÉG EKKI TILGANGINN. ÉG HEF SVO

SANNARLEGA KYNNST

MYKRINU.

... heldur hafa ljós lífsins

Það var á myrkasta degi Stefaniu sem hún á endanum fann ljóstýruna og tók ákvörðun um að fylgja því. Og fylgir því enn. Í ritningunni, sem hún predikar nú yfir fermingarbörnum Glerárkirkju, segir Jesú að hann sé ljós heimsins. Sá sem fylgi honum muni ekki ganga í myrkrinu heldur hafa ljós lífsins.

Það á svo sannarlega við um Stefaniu sem ákvað á þeim tíma að venda kvæði sínu í kross, hætta bústörfum á Neðri-Rauðalæk í Hörgárdal og hefja nám í guðfræði við Háskólann á Akureyri. „Ég fann fyrir nærveru Guðs þegar mér leið hvað verst og

síðan þá hef ég ákveðið að tileinka honum líf mitt. Ég var svo sem trúuð áður en slysið átti sér stað. Bæði kom ég í sunnudagaskóla hingað í Glerárkirkju og ég sótti í trúna þegar dauðsföll börðu dyra í fjölskyldunni. Hins vegar þegar ég horfi til baka þá hefur líf mitt breyst gríðarlega mikið síðan fyrir slys.“

Stefania segir það skipta máli að geta miðlað af eigin reynslu og geta skilið líðan fólks sem gengur í gegnum sama myrkr, sömu andlegu angist, og hún þurfti að kljást við. Mikilvægt sé fyrir alla þá sem eiga við erfiðleika að stríða að muna að halda í vonina og trúna og leita að hjálpinni.

„Ljósíð er einmitt sterkt fyrir mér, dýrmætt og þakkarvert. Ég lit á þetta núna þannig að ég er þakklát fyrir að hafa kynnst þessu. Án þess þó að maður óski neinum þess að þurfa að ganga í gegnum svona erfiðleika. Þessa reynslu get ég nýtt mér í því starfi sem ég er í núna sem þjónandi prestur. Það skiptir svo miklu máli að tapa ekki voninni. Ljósíð mun alltaf sigra myrkríð. Sama hversu erfiðar stundir þú upplifir í lífinu þá hjálpar vonin og trúin okkur áfram.“

Komin aftur heim

Stefania er nú komin aftur heim norður og sest að í Eyjafirðinum ásamt maka sínum, Hrafnhildi Eyþórsdóttur, en saman eiga þær fimm börn. Hún hefur ekki fundið fyrir höfuðverkjum í langan tíma, en þarf þó að takast á við öllu hversdagslegri hausverk sem fylgir því að vera stór fjölskylda í húsnæðisleit. Í millitíðinni býr fjölskyldan á Myrká í Hörgárdal hjá foreldrum Stefaniu.

Eftir að Stefania fór í sterasprautur og aðgerð á hálsi hefur líf hennar tekið stakkaskiptum. „Ég hef oft sagt það að ég væri til í að skipta um afmælisdag. Að afmælisdagurinn minn sé dagurinn þegar ég fór í aðgerðina. Á þeim tímamarki fékk ég líf mitt aftur. Því má með sannri sega að ég eigi tvo afmælisdaga,“ segir Stefania og bætir við kímum: „Ég verð tveggja ára í vor.“



LUX DAGUR!

Það er **LUX-dagur** á RIFF á morgun, sunnudag, tileinkaður LUX kvikmyndaverðlaunum Evrópuþingsins. Sendiherra ESB flytur stutt ávarp fyrir sýningu myndarinnar Western kl. 17:30 í Háskólabíói.



riff.is



25



**ANDLITSMÁLUN
FYRIR BÖRNIN**

AFMÆLISHÁTÍÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



**25 MEEEETRA
AFMÆLISKAKA!**



**150 AFMÆLISTILBOÐ
20-50% AFSLÁTTUR**



**25 FYRSTU
SEM VERSLA FÁ
JBL GO BLUETOOTH
HÁTALARA!**



**APPELSÍN OG KRISTALL
FRÁ ÖLGERÐINNI**



**NAMMIGLÆÐNINGUR
FRÁ NÓA SIRÍUS**

**24" HÁSKERPUSKJÁR
AÐEINS 50 STK!**



18.995

ASU-VS247HR

FRUMSÝNING!

27" 240Hz LEIKJASKJÁR

ASUS



99.995

ASU-PG258Q

**15 CORSAIR VÖRUR Á
25-50% AFSLÆTTI!**

CORSAIR



**100 STK AF
LOGITECH LEIKJAMÚS!**

logitech

5.995

3.995

LOG-G300S

**150 AFMÆLI
TAKMARKA
20-50% A**

TÖLVU

**100 STK. 8" SPJALDTÖLVA
33% AFSLÁTTUR!**



14.995

9.995

NEX-NX8QCT16

EPSON



**24-44%
AFSLÁTTUR AF
15 EPSON VÖRUM!**

**ÞRÁÐLAUS FJÖLNOTAPRENTARI
Á 33% AFSLÆTTI!**

EPSON

EPS-XP342

11.995

7.995



1.895

995

SDI-SDCZ50016G

**150 STK. SANDISK
16 GB MINNISLYKILL
Á 47% AFSLÆTTI!**

RAPOO



**RAPOO LYKLABORÐ OG MÝS
25% AFSLÁTTUR!**

AÐEINS EIN VARA Á MANN ÞAR SEM VÖRUR Í TAKMÖRKUÐU MAGNI 150 EÐA FÆRRI



acer
25.000 - 60.000
 KRÓNA AFSLÁTTUR AF
15" ACER
 NITRO BLACK EDITION

steelseries

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STEELSERIES VÖRUM

LISTILBOÐ
AÐ MAGN!
AFSLÁTTUR
LISTINN

25 CORSAIR LEIKJASTÓLAR!

~~69.995~~
44.995

PHILIPS

acer
 13,3" ÖRÞUNN ACER
 Á 25% AFSLÆTTI

~~79.995~~
59.995

PHILIPS 40" CURVED 4K SKJÁR
40.000 KR. AFSLÁTTUR
AÐEINS 5 STYKKI!

~~169.995~~
129.995

RAZER
25 - 50% AFSLÁTTUR
20 RAZER VÖRUR

RAZER
 50 STK. KRAKEN 7,1 CHROMA
35% AFSLÁTTUR

22.995
14.995

RAZ-RZ0401250100R3M1

50.000 KRÓNA AFSLÁTTUR
 AF ÖLLUM 17" ACER ASPIRE 7
FARTÖLVUM!

TOSHIBA CANVIO ÁLFLAKKARAR
100 STK. Á 30% AFSLÆTTI!

8.395
 1TB ~~11.995~~

11.895
 2TB ~~16.995~~

Sótti íslenska landsliðið í hönnun

Nú stýttist í að nýjasta jólalína IKEA, eða réttara sagt vetrarlína, komi í verslanir. Það vill svo skemmtilega til að sú lína er innblásin af Íslandi og nokkrir íslenskir hönnuðir lögðu sitt af mörkum við gerð hennar.

Guðný
Hrönn
gudnyhronn@365.is



Sigga Heimis iðnhönnuður hafði umsjón með gerð vetrarlínu IKEA fyrir árið 2017 en línan er innblásin af Íslandi og einkennist af gráum tönnum og hreinum línunum. Sigga hefur unnið lengi hjá IKEA. „Ég er búin að vera viðloðandi IKEA í mörg ár en með hléum. Ég var að vinna sem hönnuður á sínum tíma. Svo varð ég svokallaður „creative leader“ árið 2013, þessi starfstíll hljómar svo asnalega á íslensku: skapandi leiðtogi,“ segir Sigríður, kölluð Sigga, og hlær.

„Ég fór í smá pásu frá IKEA og tók starfi hér heima. En ég sagði því starfi upp fyrir um tveimur vikum til að fara aftur út til IKEA. Þetta er nefnilega ofboðslega skemmtilegur vinnustaður. Við erum svo stórt fyrirtæki og ég tel að IKEA geti haft svo mikil áhrif og breytt því hvernig fólk í heiminum lifir.“



Sigga Heimis er himinlifandi með nýja vetrarlínu IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



hjá IKEA. Og það er alveg ótrúlega gaman að fá að stýra svona verkefni og ég tala nú ekki um þegar maður getur náð í landslið okkar í hönnun og notað það. Núna veit allt IKEA-teymið líka miklu meira um Ísland og ég er ofboðslega stolt. Íslensku hönnuðirnir stóðu sig vel.“

Spurð nánar út í vetrarlínuna segir Sigga að um afar stóra línu sé að ræða. „Jóla- og vetrarlínur IKEA eru flóknari en aðrar línur. Þessi lína hefur til að mynda að geyma um 240 vörunúmer, það er mjög mikið. Venjulega eru um það bil 35 vörunúmer í hverri línu,“ útskýrir Sigga sem segir afar fjölbreyttar vörur vera í línunni, svo sem bókunarvörur, textílvörur, ljós og alls kyns smávöru. „Þetta eru ekki bara rauðar kúlur og kertir sko,“ segir hún og skellir upp úr.

Vinna tvö ár fram í tímann

Sigga segir vandasamt að hanna jóla- og vetrarlínur IKEA, ekki bara vegna þess að þær eru stórar, heldur einnig vegna þess að þær þarf að byrja að vinna mjög snemma. „Þær vörur sem eru að koma í verslanir núna, þær voru teiknaðar fyrir um það bil tveimur árum. Það er alltaf unnið langt fram í tímann og það tekur að lágmarki tvö ár fyrir vöru að koma í búið frá því að hún er teiknuð fyrst upp. Við erum til dæmis búin að vinna línu fyrir jólin 2018.“

Er ekkert erfitt að vinna svona langt fram í tímann? „Jú, það er svolítið skrytið. Það er smá spes að vera að teikna jóla- og vetrarlínur í mars,“ segir Sigga og hlær. „Maður verður að vera klókur og safna innblæstri snemma. Sama á við um sumarvörur, maður er að teikna einhverjar sólhlífar og sumardrykki, í nóvember.“

Við gerð jólalínu þarf líka að huga að ólíkum hefðum á milli landa. Við reynum auðvitað að þjóna sem stærstum hóp. Jólahefðir eru auðvitað mismunandi og þess vegna er ég fegin að þessi lína er ekki beint tengd við jólahátíðina eða trúarlegar hefðir heldur frekar vetrartímann eins og hann leggur sig.“

Aðspurð hvernig henni líði við að sjá vetrarlínuna nú þegar hún er tilbúin kveðst Sigga vera himinlifandi. „Ég er mikið fyrir einfaldleika í hönnun, tímaleysi og að leyfa efni og áferð að njóta sín. Og þannig er vetrarlínan,“ segir Sigga sem mun klárlega skreyta heimili sitt hátt og lágt með munum úr nýjstu vetrarlínu IKEA.



**NÚNA VEIT ALLT IKEA-
TEYMIÐ LÍKA MIKLU
MEIRA UM ÍSLAND OG ÉG
ER OFBOÐSLEGA STOLT.**

Hugmyndin var að fara norðarlega á hnöttinn

Þegar hugmyndavinna fyrir jóla- eða vetrarlínu IKEA fyrir þetta ár fór í gang kom fram uppástunga um að fara norðarlega á hnöttinn að sögn Siggu. „Þá benti ég nú á að ég væri frá Íslandi sem væri ansi norðarlega og teyminu fannst það sniðugt, að vinna með íslenskan tón,“ segir Sigga aðspurð hvernig það kom til að vetrarlínan er innblásin af Íslandi.

Sigríður fór þá í það að velja íslenska hönnuði til að vinna hluti í línuna og þau Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir gullsmíður, Ragnheiður Ósp Sigurðardóttir vöruhönnuður, Bergþóra Guðnadóttir fatahönnuður, Reykjavík Letterpress og Ingibjörg Hanna Björnsdóttir lögðu til dæmis sitt af mörkum. Það voru samtals átta hönnuðir sem unnu tillögur en hlutir eftir Jón Helga Hólmgeirsson, Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur og Þórunni Arnadóttur fóru alla leið og eru í jólalínunni í ár. „Þetta er ástríða hjá mér, að koma hæfileikaríkum íslenskum hönnuðum að



Gráir tónar einkenna vetrarlínu IKEA þetta árið.



Kynningar:
Margt smátt, Penninn,
Winston Living,
Cintamani, MS, Kaffitár,
Snúran, IceWear

Fyrirtækjagjafir

LAUGARDAGUR 30. SEPTEMBER 2017



Vuoto-pakkinn er unninn í samstarfi við Ragnar Frey Ingvarsson sem stundum hefur verið nefndur faðir sous vide á Íslandi. MYND/ERNIR

Vuoto er jólagjöfin í ár

Margt smátt býður upp á fyrirtækjagjafir í úrvali. Fyrirtækið hefur látið sérhanna veglega starfsmannajólagjöf í samstarfi við Lækninn í eldhúsinu sem enginn ætti að verða svikinn af. ➔2

Framhald af forsiðu →

Sous vide tækið hefur átt miklum vinsældum að fagna að undanfögnu en með því má útbúa dýrindis mat sem er á pari við það sem gerist best á góðum veitingastöðum. Sous vide tæknin byggir á þekktri eldunar- aðferð sem flokkast undir svokallaða hægeldun eða „slow cooking“ en þá er maturinn eldaður undir vatnsþrýstingi við fyrirfram-ákveðið hitastig. Aðferðin hefur lengi verið notuð á veitingahúsum en er nú á allra færi.

„Við fengum Ragnar Frey Ingvarsson, öðru nafni Lækninn í eldhúsinu, til liðs við okkur við að útbúa skemmtilegan pakka í kringum sous vide-tækið. Hann hefur kynnt sér tæknina í þaula og hefur stundum verið nefndur faðir sous vide á Íslandi,“ segir Árni Esra Einarsson, markaðs- stjórnari Margt smátt. „Við völdum, með aðstoð Ragnars, sérstaklega vandað tæki sem er engu að síður einfalt í notkun. Mótörinn er öflugur og þó það sé ekki stórt um sig getur það haldið hita á tuttugu lítrum af vatni. Eins völdum við í það sérlega gott hitaelement sem heldur nákvæmlega þeim hita sem ætlast er til. Tækið kemur í sérútbúinni eigulegri öskju sem hægt er að geyma það í. Því fylgir síðan vegleg matreiðslubók frá Lækninum í eldhúsinu og eldunar- leiðbeiningar um við hvaða hita- stig skal elda tiltekið hráefni og hve lengi,“ útskýrir Árni en hann segir marga einmitt velta því fyrir sér þegar þeir byrja að nota tækið. „Matreiðslubókina köllum við Dr. Sous vide en í henni er að finna uppskriftir að kjöti, fiski, græn- meti og eftirréttum enda hægt að elda hvað sem er með sous vide. Þar er meðal annars að finna besta crème brûlée sem Ragnar gerir og ýmislegt fleira.“

Gjöfin hefur fengið nafnið Vuoto sem á ítölsku þýðir vakúm en eins og þeir sem þekkja til vita er hráefnið eldað í lokuðum „zip lock“ plastpokum. Þó útkoman með sous vide sé eins og best verður á kosið segir Árni eldun- araðferðina í raun sáraeinfalda og sérlega hentuga fyrir byrjendur. „Það er í raun ekki hægt að klúðra eldamenskunni með sous vide.“

Vuoto-pakkinn fæst eingöngu hjá Margt smátt ef frá er talið Kjötkompaníið í Hafnarfirði. „Það er sérverslun þekkt fyrir gæði og ákveðinn gæðastimpill fyrir okkur að þeir skuli taka tækið inn.“

Margt smátt sér um starfs- mannagjafir frá a til ö sé þess óskað. „Við tökum að okkur að pakka þeim inn og gera þær þannig úr garði að hægt sé að dreifa þeim beint til starfsmanna,“ upplýsir Árni. Þó Margt smátt sé ekki verslun í sjálfu sér fæst þar líka ýmiss konar önnur gjafavara. „Þeir sem fá jólagjöf frá okkur geta skipt og valið á milli fimm annarra gjafa enda er það svo að sumir eiga hlutinn fyrir auk þess sem erfitt er að finna gjöf sem hentar öllum.“ Að sögn Árna er meðal annars hægt að velja ípróttatösku sem inniheldur snyrtitösku frá Cerutti, vandaðar úlpur, bakpoka, Samsonte ferðatöskur og margt fleira.

Allar nánari upplýsingar er að finna á margtsmatt.is



Öllum jóla- gjöfum frá Margt smátt er hægt að skipta.



Tækið er sérlega vandað. Því fylgir matreiðslubók eftir Lækninn í eldhúsinu og leiðbeiningar um hve lengi skal elda tiltekið hráefni og við hvaða hitastig.

Matreiðslubókina köllum við Dr. Sous vide en í henni er að finna uppskriftir að kjöti, fiski, grænmeti og eftirréttum enda hægt að elda hvað sem er með sous vide.



Árni segir tækið henta bæði byrjendum og lengra komnum. MYNDIR/ERNIR

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Við hjá Epal hjálpum þér að velja réttu
gjöfina fyrir þig og þitt starfsfólk.

- Mikið úrval
- Góð verð
- Fagleg ráðgjöf
- Frí innpökkun

Epal hefur boðið upp á faglega
þjónustu og gæða vörur í 40 ár

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

Nánari upplýsingar veitir Þórey í síma 568 7733 eða: thorey@epal.is



GEORG JENSEN

by Lassen.
Copenhagen

LAKRIDS
BY JENSEN & BULLOV

Joseph
Joseph

ROSENDAHL

Glaðningur í krukku

Í leynivinaleikjum, sem verða sífellt útbreiddari, er gott að velja sér þema til að ramma gjafir og uppákomur inn. Það auðveldar og afmarkar valið og er einfaldlega smart.



Leynivinaleikir verða sífellt vinsælli í aðdraganda jóla og eru teknir upp í einhvers konar mynd á stórum jafnt sem smáum vinnustöðum og víðar. Þeir eru til í ýmsum útfærslum en rauði þráðurinn er að þátttakendur draga leynivín sem þeir eiga að gera dagamun í tiltekinn tíma. Sumir eiga auðvelt með að láta sér detta sniðugar gjafir eða uppákomur í hug á meðan öðrum vex það í augum. Þá getur verið sniðugt að velja sér þema til að ramma hlutina inn og afmarka valið.

Hér er hugmynd! Gefðu allar gjafirnar í krukku

Byrjaðu á því að finna til mismunandi krukkur. Þú getur ýmist notað sultukrukku að heiman eða splæst í nýjar. Þær fást í ólíkum stærðum og gerðum í hinum ýmsu búsaðal- og föndurverslunum og eru eigulegar einar og sér. Þannig verða umbúðirnar að gjöf í sjálfu sér og þú þarft ekki að vera með samviskubit yfir því að bæta á pappírslóðið fyrir jólin.

Krukkurnar má svo fylla með eftirfarandi:

(athugið að listinn er langt frá því að vera tæmandi)

- Konfekti
- Fallegu jólaskrauti á tréð
- Heimagerðum smákökum – einni af hverri sort
- Nýjum piparkökumótum
- Batterísknúnum ljósaseríum – kemur vel út á skrifborðinu
- Sælgæti
- Fallegri orðsendingu
- Ljóði
- Heimagerðri sultu, pestói, súkkulaðibúðingi eða öðru góðgæti



Með því að gefa gjöf í krukku má draga úr pappírslóðinu fyrir jólin. Umbúðirnar eru þá líka gjöf í sjálfu sér og koma að öðrum notum þegar innihaldið hefur verið nýtt.


 SMÁRALIND

GJAFAKORT
SMÁRALINDAR

GEFÐU ÓTELJANDI
MÖGULEIKA



ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS



Fallegt þrívíddarloftljós frá Bulbing.



Skemmtilegur borðlampi í þrívídd frá Bulbing.



Flottir pappahnettir frá Palomar.



Pen Cubebot frá Areaware koma í þremur stærðum og nokkrum litum.

Fallegar vörur í pakkann

Mikið úrval fallegra gjafavara fæst í verslunum Pennans Eymundsson um land allt. Bækur og ferðatöskur hafa lengi verið vinsælar og á hverju ári bætast við nýjar og skemmtilegar gjafavörur.

Fyrirtækjaþjónusta Pennans hefur í mörg ár boðið fyrir starfsmenn sína, bæði jólagjafir og alls konar tækifærisgjafir. Einnig er mikið um að fyrirtæki kaupi gjafir fyrir erlenda gesti sem koma hingað á fundi eða ráðstefnur, segir Jóhann Gunnarsson, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu Pennans. „Það hefur verið allur gangur á því hvað fyrirtæki hafa verið að kaupa fyrir starfsmenn sína. Bækur hafa alltaf verið vinsælar en einnig ferðatöskur, en þar erum við með mikið úrval frá stórum og öflugum birgjum. Við erum einnig með mikið og gott úrval af flottum hönnunarvörum frá Vitra og svo eru auðvitað flottir pennar alltaf vinsælir í gjafapakkanum.“

Þær gjafir sem hafa verið vinsælastar undanfarin ár að sögn Jóhanns eru ferðatöskur og bækur. „Þessar gjafir eru alltaf jafn vinsælar. Á hverju ári bætast síðan við nýjar og skemmtilegar vörur sem eru kannski vinsælar í tvö til þrjú ár, en bækur og ferðatöskur eru alltaf klassískar fyrirtækjagjafir sem ganga ár eftir ár og gleðja starfsmenn.“

Skemmtilegar nýjungar

Meðal helstu nýjunga í ár nefnir Jóhann þekktar hönnunarvörur frá hinu bandaríska Areaware ásamt nýja vörumerkinu Bulbing, sem framleiðir skemmtileg þrívíddarloftljós og -lampa. „Við þetta má bæta geysivinsælu og fallegu



hnattlíkónunum og pappahnettunum frá Palomar. Penninn Eymundsson býður upp á fjölbreytt úrval fallegra gjafavöru á breiðu verðbili.“

Starfsmenn fyrirtækjaþjónustu Pennans taka vel á móti viðskiptavinum. „Við tökum vel á móti þeim starfsmönnum fyrirtækja

Kertastjakar í mörgum litum.

„Á hverju ári bætast síðan við nýjar og skemmtilegar vörur sem eru kannski vinsælar í tvö til þrjú ár, en bækur og ferðatöskur eru alltaf klassískar fyrirtækjagjafir sem ganga ár eftir ár og gleðja starfsmenn.“

sem taka ákvarðanir um kaup á gjöfum til starfsmanna og bjóðumst til að senda allar gjafir til viðkomandi fyrirtækis. Markmið okkar er að hafa kaupferlið eins einfalt og auðvelt fyrir fyrirtækin og hugsast getur.“

Hægt er að skoða úrvalið á www.penninn.is og í verslunum Pennans Eymundsson á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

Hnöttur frá Palomar.



Margrét Dalmar vörustjóri og Jóhann Gunnarsson sölustjóri. MYND/VILHELM



Einstakar gjafir sem gleðja

Jólapakki með persónulega valinni gjöf úr Winston Living hittir beint í hjartastað. Fagurkerarnir Charlotte og Jón í Winston Living dekra við hvern pakka og hjálpa fyrirtækjum að velja réttu gjöfina.

Okkur þótti tímabært að leyfa Íslendingum að njóta þess besta í sænskri hönnun,“ segir Charlotte Áström sem opnaði dyrnar að Winston Living með eiginmanni sínum Jóni Kjartanssyni fyrir tveimur árum. Verslunin er hlaðin dýrindis gjafavörum, lífsstílsvörum, húsgögnum og lífrænum snyrtivörum.

Charlotte er sænsk og vel kunnug heillandi hönnunar- og handverkshefð Svía.

„Á Íslandi er geysilegur áhugi fyrir skandinavískri hönnun. Svíar eru sterkir hönnuðir og sænsk hönnun er heimsþekkt. Við Jón vorum með mörg vörumerki í huga sem aldrei áður hafa verið fánleg hólendis en eru mjög þekkt á hinum Norðurlöndunum,“ segir Charlotte, innan um glæsilega, notalega og heimilislega muni Winston Living.

Þau Charlotte og Jón fluttu heim til Íslands fyrir fjórum árum og leggja mikla áherslu á að finna einstakar vörur sem ekki fást annars staðar.

„Í upphafi vildum við fyrst og fremst bjóða upp á sænska hönnun og 80 prósent af því sem fæst í Winston Living eru sænsk merki, þótt hér megi einnig finna vörur frá Danmörku, Bandaríkjunum og París. Okkur þykir skemmtilegt að hér megi finna eitthvað einstakt í stað þess sem allir aðrir eru með. Það eykur líka á ánægju þess að gefa að velja persónulega gjöf sem á engan



Hjónin Jón Kjartansson og Charlotte Áström eru eigendur Winston Living.

sinn líka,“ segir Charlotte.

Í tilefni tveggja ára afmælis Winston Living er verslunin flutt í nýtt og glæsilegt rými á tveimur hæðum í miðbæ Reykjavíkur. Innangangur er bæði frá Hverfisgötu og Laugavegi, í gegnum Hljómalindarreitinn.

„Hér má finna sérvalið úrval af innanhúshönnun og nú margverðlaunuð dönsk húsgöng frá Friends & Founders; allt frá náttborðum, stólum, marmaraborðum, speglum og lömpum. Einnig fylgihluti og hvers kyns heimilispunt; bakka, kertastjaka, mottur og púðaver og lífsstílsvörur eins og tóskur, ermannappa, armbandsúr og lífrænar snyrtivörur frá Björk & Berries,“



Í Winston Living fást nú húsgögn frá Friends & Founders.

segir Charlotte um ríkilegt úrvalið í Winston Living, þar sem hægt er að finna ótal frestandi gjafir í jólapakka fyrir konur og karla.

„Winston Living er töfrandi verslun þegar kemur að heillandi gjafavörum sem hittir í mark. Við höfum yndi af því að hjálpa fyrirtækjum við val á gjöfum til

starfsmanna og viðskiptavina og njótum þess að finna hentugar lausnir og setja saman skemmtilega pakka að óskum hvers og eins. Sumir vilja gefa stórt og aðrir minna og við mætum óskum allra með úrvali hugmynda. Þá hafa gjafabréf í Winston Living notið mikilla vinsælda, en þá getur sá sem gjöfina

þiggur valið sér eiginlega hluti að eigin vali.“

Winston Living er á Hverfisgötu 32 og Hljómalindarreit. Vefverslun er á winstonliving.is og hægt að fylgjast með á Facebook og Instagram undir Winston Living.



Lífrænar snyrtivörur frá Björk & Berries. MYND/EYÞÓR



Húsgögn og fylgihlutir fást í úrvali í Winston Living.



Handgerðir Kimono sloppar úr 100% lífrænni bómull og lífrænar snyrtivörur frá Björk & Berries



Waffle Blanket ábreiða og sængurföt úr steinþvegnu líni frá Tell Me More og handgerð púðaver frá Chhatwal & Jonsson



Ýmsir litir af Kin kertastjökum frá Skultuna, 3 saman í fallegri gjafaöskju

Glæsilegar fyrirtækjagjafir

Winston Living býður upp á glæsilegt úrval gjafavara og faglega þjónustu. Við hjálpum þér að velja réttu gjafirnar fyrir þitt fyrirtæki en einnig hafa gjafabréfin okkar notið mikilla vinsælda. Endilega hafið samband í s. 859 7040 eða sendið tölvupóst á winston@winstonliving.com.



Messing hitaplattar frá Skultuna



Töskur úr leðri og striga



Gloria kertastjakar

Skultuna ermahnappar og dömu- og herraúr frá Knut Gadd



Gott að gefa, himneskt að þiggja

Það er afskaplega gaman að fá glæsilega gjafakörfu með góðgæti eins og ljúffengu súkkulaði til að gæða sér á eða bjóða öðrum.

Nýttu þér þessa einföldu og aðgengilegu aðferð til að minna á þig og færa gleði inn í tilveruna, t.d. hjá traustum viðskiptavinum eða góðu starfsfólki.

Sérmerkt sælgæti er einnig skemmtileg leið til að efla viðskiptatengsl, til að bjóða á fundum eða senda góðum viðskiptavinum.

Við útbúum gjafakörfur eftir þínum óskum, hafðu samband við þjónustuver Nóa Síriusar í síma 575 1800 eða sendu fyrirspurn á noi@noi.is



Konfektikassar

Nóa konfekt á ríkan sess í hugum Íslendinga og ekki að ástæðulausu.



Sérmerktar öskjur

Konfektöskjur Nóa Síriusar í sérmerktum umbúðum, t.d. með merki fyrirtækis eða skilaboðum sniðnum að þínum óskum.



Gjafakörfur

Blanda af ýmsu sælgæti í fallegri gjafakörfu.



Sírius rjómasúkkulaði



1 kg konfekt



Öskjur



Sírius rjómasúkkulaði með Bismark



Sírius súkkulaðirúsinur


NÓI SÍRÍUS



Cintamani jólf fram undan

Breitt vöruúrval einkennir vörur Cintamani og því mjög heppilegur kostur þegar gjafir til starfsmanna eru valdar. Nýja vörulínan hefur fengið frábærar viðtökur í verslunum undanfarið.

Nýja vörulínan frá Cintamani hefur fengið frábærar viðtökur en hún kom í verslanir nýlega. Þeir stílar sem hafa komið inn staldra ekki lengi við og seljast fljótt upp, segja þeir Tomasz Þór Veruson rekstrarstjóri og Jónas Freyr Guðbrandsson, sölustjóri hjá Cintamani. „Þegar nýtt hönnunarteymi undir stjórn Heiðu kom til starfa fyrir rúmum 18 mánuðum var hafist handa við að hanna og framleiða nýja vörulínu. Afraksturinn hefur mátt sjá í verslunum undanfarið og mun halda áfram á næstunni,“ segir Tomasz. „Það eru því spennandi tímar fram undan. Ekki má gleyma að við erum að taka inn nýjar peysur sem henta vel sem starfsmannafatnaður dagsdaglega. Sú hefð hefur ávallt verið sterk hjá íslenskum fyrirtækjum að bjóða starfsfólki sínu upp á sérstaka vinnupeysu. Það eru því Cintamani jólf fram undan,“ bætir Jónas við.

Helsti kostur varanna sem Cintamani býður upp á er breitt vöruúrval sem í boði er hverju sinni, segja þeir félagar. „Við bjóðum upp á flíkur af öllum stærðum og gerðum fyrir bæði kynin. Því ættu mannauðs- og starfsmannastjórar að finna gjafir við allra hæfi hjá okkur. En ef ske kynni að það gangi ekki upp þá bjóðum við upp á fullan skila- og skiptirétt sem starfsmenn geta nýtt sér. Þannig koma fyrirtæki til móts við alla starfsmenn sína.“



Margir möguleikar

Vinsælustu gjafir þeirra undanfarin ár hafa verið þykkar og góðar úlpur, ullarföt og fylgihlutir. „Allt eru þetta flíkur sem henta flestum og því auðvelt að gleðja starfsfólk með þeim. Hvort sem um ræðir aðalgjöf eða eitthvað litid sem auka-gjöf með öðru þá er hægt að finna það hjá okkur. Það hefur t.d. verið vinsælt undanfarið að gefa eitthvað litid aukalega með hinum vinsælu matarkörfum, t.d. sokka, húfur eða vettlinga.“

Það getur verið erfitt að velja á milli vara Cintamani og hver og einn starfsmaður hefur ólíkar þarfir. „Þess vegna höfum við boðið

fyrirtækjum að kaupa gjafakort hjá okkur upp á fasta upphæð sem starfsmaður getur nýtt í það sem honum hentar best. Þetta fyrirkomulag hefur gefið mjög góða raun undanfarið.“

Öll fyrirtæki, stór og smá, eru velkomin í heimsókn til Cintamani í Austurhraun 3 þar sem starfsmenn fyrirtækisins fara yfir þarfir hvers og eins, afhendingartíma, merkingar o.fl. Í framhaldinu er unnið tilboð og sýningarsett er útbúið.

Allar nánari upplýsingar og tilboð er hægt að nálgast á netfanginu sala@cintamani.is eða í síma 533 3800.

Tomasz Þór Veruson (t.v.) og Jónas Freyr Guðbrandsson hjá Cintamani.

MYND/EYÞÓR

Úrvalið er mikið og allir finna eitthvað við sitt hæfi.



Við bjóðum upp á flíkur af öllum stærðum og gerðum fyrir bæði kynin.




snapchat/cintamani.is + facebook/cintamani.iceland + instagram/cintamani_iceland
bankastræti + kringlan + smáralind + austurhraun + akureyri + www.cintamani.is



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS GJÖF SEM LIFNAR VIÐ

GJAFAKORTIÐ ER Í FALLEGUM UMBÚÐUM, GILDIR
Á SÝNINGU AÐ EIGIN VALI OG RENNUR ALDREI ÚT.



Fólk hefur þörf fyrir umbun

Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur segir velliðan á vinnustað að miklu leyti á ábyrgð stjórnenda. Bregðast þarf skjótt við vandamálum og umbuna starfsfólki fyrir vel unnin störf.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Það er hlutverk yfirmanna að vera vakandi fyrir velliðan starfsfólks á vinnustaðnum. Eitt af grundvallaratriðunum er að unnið sé strax með þau mál sem koma upp. Oft hamlar átaka-fælni því að þetta sé gert, sem er miður. Átök eru góð ef þau leiða til úrvinnslu," segir Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur.

„Það eru auðvitað til alls konar stjórnendur. Sumir geta verið harðstjórar, hlusta lítið sem ekki neitt á starfsmenn og loka á umræður svo fólk þorir ekki að tjá sig. Það stuðlar að streitu og kvíða. En óskrifuðu reglurnar, það er hvernig við gerum hlutina, mótár menningu og starfsanda vinnustaðarins. Oft eru það hinir duldu áhrifaþættir sem ráða hvort starfsmönnum líður vel í starfi eða ekki. Hreinskiptin tjáskipti eru forsendur þess að hægt sé að taka á málum og finna sanngjarnar lausnir.

Stjórnendur mega ekki hygla einum á kostnað annars. Þeir þurfa að gæta þess að starfsálagið sé ekki íþyngjandi og einhverjir séu til dæmis undir meira álagi en aðrir.



Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur segir yfirmenn þurfa að vera vakandi fyrir liðan starfsfólks.

Hvatakerfi geta verið vandmeðfarin. Til dæmis þar sem enginn má vera dragbítur á sameiginlega frammistöðu er hætt á að þeir starfsmenn innan starfshópsins sem ekki standa sig nógu vel verði fyrir þrýstingi og aðkasti. Hvatakerfi geta, ef ekki er staðið rétt að málum, verið mikill streituvaldur. Stjórnendur þurfa að vera vakandi



fyrir því hvort einhverjum einstaklingi líði illa og skulu vekja aðra til meðvitundar um það sama.“

Skriptir máli að umbuna starfsfólki?

„Ég held að það sé alltaf til góðs að gera vel við fólk,“ segir Marteinn. „Umbun hefur mikið að segja og fólk þarf að finna að það sem það

gerir sé metið að verðleikum. Fólk hefur mikla þörf fyrir hvata í starfi. Umbunin getur verið í formi þess að stjórnandinn hrósi starfsmönnum, veiti kaupauka þegar starfsmenn ná tilteknum árangri en gæta verður þess að starfsmenn fái ekki bágt fyrir ef þeir mæta ekki væntingum.

Hægt er að umbuna starfsmönnum með ýmsum hætti, gefa þeim

„Umbun hefur mikið að segja og fólk þarf að finna að það sem það gerir sé metið að verðleikum.“

leikhúsmiða eða annað í þeim dúr. Mörg fyrirtæki niðurgreiða til dæmis heilsurækt og er það beggja hagar. Það er svo margt sem hægt er að gera. Grunnatriði er að hlusta vel eftir hvað það er sem starfsfólkið sækist eftir, að auk jólagjafa sé til dæmis munað eftir afmælisdögum og svo framvegis.“

Marteinn segir daglegt vinnuumhverfi skipta miklu máli, vinnuástöðu og hljóðvist. „Notaleg kaffiástaða er mikilvæg og að ekki sé hávaði, truflun eða þrengsli í vinnurýmiinu. Góðir stólar eru nauðsyn og að hitastigið í vinnurýmiinu sé þægilegt. Huga þarf að öllum streituvöldum. Lélegt upplýsingaflæði er ætíð uppspretta streitu og álags og slæmt skipulag er dragbítur á árangur. Óskýrar starflýsingar orsaka miskilning og allt slíkt stuðlar að kvíða. Ef kerfið er þannig skipulagt að það yfir undir streituálag þarf að laga kerfið fyrst, síðan skal sinna einstaklingunum,“ segir Marteinn.

Fyrirtæki og verslanir

Haust- og jólalínan komin í hús

Tímabókanir í sýningarsal í síma 575 0200

Opið 8.00-17.00



Jóla-kúlur íce 4 teg. 8 cm



Glerkúpull m/viðar-bortn 25x45 cm



Spegill íron 90x155 cm



Alu. Hreindýr á viðarfæti 38 cm



Fur teppi ílen 130x170 cm



Draumafangari 2 teg. 27x90 cm



Lukt Shiny silfur 46 cm Stainless steel



Svanur á vegg hvítur 45 cm



Stóll Flauel bleikur 72x65 cm



Heildsölu dreifing

DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is



LAUGARDAGUR 30. SEPTEMBER 2017

Helgin



Adalbjörg Þórðardóttir myndlistarkona opnar í dag sýninguna Skuggsjá konu í Galleríi Fold. Hún málar skemmtilega skugga en er líklega þekktust fyrir svanamyndirnar sínar. ➔4



Anna Gréta hefur öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin.

Margföld orka og laus við magavandamál

Meltingarensímin frá Enzymedica eru nýjung á íslenskum markaði en öflug ensím bæta meltinguna og gefa okkur aukna orku ásamt því að losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg.

Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefnt fæðuóþol.

Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósan. Meltingarensímin eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Þar drepast einnig flestar örverur

sem geta fylgt með matnum en magasafinn sem er mjög sterk saltsýra sér um þá vinnu. Hvert ensím hefur svo mjög sérstakt (afmarkað) hlutverk og þau virkjast hver við sitt hita- og sýrustig (pH-gildi).

Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef að við borðum of mikið og/eda að samsetning matarins er slæm en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara

magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur.

Margföld orka og laus við magavandamál

Segja má að hún Anna Gréta hafi öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur

Framhald á síðu 2 ➔



Jurtir, steinefni og vítamín

SOLARAY
KOSTFÍLSKUD
Spektro
Multi-Vita-Min[®]
Det optimale kosttilskud med urter og sporstoffer
Opløses på mindre end 20 minutter
100 KAPSLER

Fæst í næsta apóteki eða heilsuvörverslun

Með inntöku getur fólk skilað meira frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan

Framhald af forsiðu →

náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og gladari eins og gefur að skilja. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásinn eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið viðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsvíði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kvíðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla



Ég er ekki lengur útblásinn eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.

Anna Gréta

að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreyfni og veliðan.

Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnaræðilegu ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím á bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím á bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.



Loksins á Íslandi – söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum

Enzymedica meltingarensím innihalda öflug enzimblöndu sem auðvelda meltingu, auka orku og draga úr einkennum fæðuóþols. Ensím eru án fylliefna, bindiefna eða annarra flæðiefna. 100% vegan hylki.

- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrir.

Með inntöku getur fólk skilað meira frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega

hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

Byltingarkennd ensím

Artasan kynnir til leiks ný og afar öflug meltingarensím frá Enzymedica. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á aðferð sem kallast Therablend en þá er blandað mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH-gildum og ná þau þannig að

melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Sólustaðir: Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Solveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sólumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsón, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

ENZYMEDICA® – Meltingarensím

Öflug ensím sem auðvelda meltingu, auka orku og draga úr einkennum fæðuóþols

Digest Gold

- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- Gegn fjölbætum meltingarvandamálum
- Handhafi Vity* verðlaunanna 10 ár í röð.
- Inniheldur ATP (ATP, Magnesium Citrate, Coenzyme Q10, Phytase).

Digest Spectrum

- Hentar vel þeim sem glíma við ýmis fæðuóþol.
- Hentar allri fjölskyldunni.
- Stýður meltingu á glúteini, laktósa, kaseini, próteini og fenól, sem og grænmetis og bauna.
- Viðurkennt af Autism Hope Alliance.

Digest Basic

- Bætir meltingu og frásog næringarefna.
- Gegn ónotum, lofti og uppþembu.
- Henta einnig fyrir börn.

Digest

- Tvöfalt meiri styrkur en í Digest Basic.
- Eykur orku.
- Litil hylki sem auðvelda inntöku.



*Sú vara sem smásalar kjósa oftast sem bestu vöru ársins í hverjum flokk

TIMEOUT

HAUSTTILBOÐ

STÓLL + SKEMILL

KR. 286.000

FULLT VERÐ KR. 357.600



CONFORM®



Asterix 3ja sæta sófi kr. 276.900



Cupid Marble
kr. 15.700

Cupid Black
kr. 23.400



Karetta stóll
kr. 88.600



Cast vasar
kr. 5.490



Glory púðar
kr. 6.700



Flower Lounge stóll
kr. 93.800

er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi kvenna og karla. Candida í meltingarvegi getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti.

Einkenni Candida sveppsins geta meðal annars verið munnangur, fæðuþjól, pittingur, skapsveifur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál. Kolbrún Hlin Hlödversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa.

„Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pitting þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursyrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursyrugerla þar sem það virkar



langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

Bio-Kult Candéa er öflug vörn gegn Candida sveppnum á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Candéa hylkin fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna



Unnur segir notkun á Bio-Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurtekin óþægindi af Candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.



Kolbrún Hlin Hlödversdóttir mælir með því að taka inn Bio-Kult Candéa til að bæta meltinguna og losa fólk við óþægindin sem geta fylgt notkun sýklalyfja.

Stuðlar að líflegra og fallegra hári

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurr og slitid. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljá á hárið og finn að það hefur þyknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.



Selma Björk Grétarsdóttir.

Ný uppfinning

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur edlilegum lit, hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsí, kísli og B-vítamínunum.

Hair Volume styrkir og þykkir hárið. Selma hefur góða reynslu af notkun þess.



Sleipiefni fyrir elskendur úr lífrænum innihaldsefnum

Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum efnum og hafa hlotið lífræna vottun. Sérstök sleipiefni fyrir fólk í barn-eignarhugleiðingum eru nú einnig fáanleg.

Of eiga konur sem eru komnar á breytingaskeiðið, hafa nýlega eignast barn, verið í meðferð við krabbameini eða glimt við langtíma veikindi við þurrk í leggöngum og slímhúð að stríða. Yes-línan er sérstaklega hönnuð fyrir þær konur. Margrét Mjöll Sverrisdóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes-sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar um heim. „Ummæli neytenda um vöruna hafa verið mjög jákvæð og hafa læknað í Bretlandi einnig mælt með því að konur sem eiga við þurrk að stríða í leggöngum noti vöruna,“ segir hún. Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum innihaldsefnum, meðal annars Aloe

vera, flax extract og guar gum og hafa hlotið lífræna vottun frá The Soil Association í Bretlandi. Sleipiefnin innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina. Þau klístrast ekki, eru rakagefandi fyrir slímhúðina og þau má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir. „Yes-sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem má nota með gúmmíverjum,“ útskýrir Margrét og bætir við að einnig sé fáanlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignarhugleiðingum. Pakkinn inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglosunarpróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Yes sleipiefnin eru laus við:

- Glycerin
- Hormóna
- Glycols / Parabena
- Rotvarnarefni
- Ilmfefni
- Silíkon
- Jarðolíuefni
- Argínín
- Önnur ertandi efni fyrir húð svo sem grapefruit seed extract



FULL BÚÐ AF FALLEGUM HAUSTVÖRUM

Stærðir 14-28 eða 42-56

Sjáðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu við í verslun okkar að Fákafeni 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is



2.990 kr
Stærðir 42-54



4.990 kr
Stærðir 44-56



13.990 kr
Stærðir 42-54



6.990 kr
Stærðir 42-50



4.990 kr
Stærðir 42-54



15.990 kr
Stærðir 42-56



19.990 kr
Stærðir 44-54



4.290 kr
Stærðir 42-56

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Við erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is

- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt
& Selt

Til sölu



SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst
1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel
og steikur. www.myranaut.is s. 868
7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Skólar &
Námskeið

Námskeið

ICELANDIC & ENGLISH F.
FOREIGNERS - ENSKA

ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III.
ENGLISH f. Adults/ ENSKA f.
Fullorðna: I,II,III. Start/Byrja: 2/10,
30/10, 27/11 - 2018: 8/1, 5/2, 5/3,
2/4, 1/5. 4 weeks/vikur x 5 days/
daga. 2 - 5 students/nem. Morn/
Aftern/Evening. Morgna/Siðd/
Kvölds: www.iceschool.is - ff@
icetrans.is - Fulloðinsfræðslan-
IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 /
8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við
endurtökupróf og akstursmat.
S. 893 1560 og 587 0102, Páll
Andrésson.

Heilsa

Nudd

FERÐANUDD

Menntaður nuddsérfræðingur
biður uppá nudd heim til þín eða
hvar sem er. Nánari upplýsingar á
heimasíðu: www.mobile-massages.
com eða í síma: 7612295

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK

133 fm bíl með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir
í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is

Hönnun



HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar
af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast
verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða
kjartangardars@gmail.com

Atvinna

Atvinna í boði

DEVITOS PIZZA

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu
og pizzabakara. Dagvinna,
Kvöldvinna
Uppl. í s. 833 8434

Allar tölvuviðgerðir
ásamt Ipad og Iphone
viðgerðum

- Fljót og góð þjónusta -



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði



Hafðu samband
Sími: 445 0100
Langholtiðvegur 126
104. Rvk.

Dú ert ráðin/n!
Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum
www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar,
tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og
tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er
ráðningin í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt
langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú
ekki ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni
okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn
fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum
og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina
hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-
mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og
hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á
þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi
þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Gjafakort Bónus



Gjöf sem kemur
að góðum notum fyrir alla

Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

BONUS EKKERT BRUÐL



Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Gómsætar jólagjafir

JÓLAGJÖF SÆLKERANS

Veldu milli sjö mismunandi karfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru. Við sjáum um pökkunina þér að kostnaðarlausu.

Frábær jólagjöf til viðskiptavina eða starfsmanna. Kíktu á ms.is - einfalt og fljótlegt.



Kristin Ýr með girnilega ostakörfu í miðstærð sem inniheldur jafnframt hnifasett. MYNDIR/ANTON BRINK

Gómsætar jólagjafir – ostakörfur og gjafabréf sem gleðja

Ostar eru frábærir í tækifæris- og jólagjafir og sívinsælir á veisluborðið. MS býður upp á fjölbreytt ostakörfuúrval þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ostakörfurnar frá MS henta mjög vel sem fyrirtækjagjafir.

Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum og öðru góðgæti er gómsæt gjöf sem gleður í aðdraganda jóla. „Í öllum körfunum frá MS eru mygluostar úr Dölunum í aðalhlutverki, t.d. Camembert og Kastali og þeim fjölga eftir því sem körfurnar stækka,“ segir Kristín Ýr Bjarnadóttir sem hefur yfirumsjón með ostakörfugerðinni.

Ostar vinsælir til fyrirtækjagjafa

„Stærri og veglegri körfurnar innihalda enn fremur aðra bragðgóða osta eins og Auði, Gullost og Óðals-Tind, ásamt kjöti og sælgæti og er óhætt að segja að þær hafi verið mjög vinsælar hjá íslenskum fyrirtækjum undanfarin ár.“

Kristín bendir á sérstaka nýjung sem verður boðið upp á í ár en um er að ræða ostakörfugjafabréf sem gerir fyrirtækjum og almenningi kleift að gefa körfur sem viðtakendur geta svo pantað og sótt þegar þeim hentar, hvort sem er fyrir eða eftir jóla. „Það er okkar von að gjafabréfunum verði vel tekið,“ segir Kristín. „Enda hafa viðskiptavinir okkar þá val um það hvenær þeir vilja gæða sér á ostaveislunni sinni.“

Til viðbótar er hægt að bæta við lítilli hnifaðskju, sem inniheldur tvo fallega ostahnifa, í allar körfur.

Sölumenn MS eru boðnir og búnir að aðstoða viðskiptavinina við val á körfum og þá er einnig hægt að setja saman sínar eigin körfur. „Við höfum það að leiðarljósi að í öllum körfunum, óháð stærð þeirra, er hugað sérstaklega vel að því að úrval osta og með-



Litil karfa með sex ljúffengum ostum.






Jólaaskjan inniheldur fjóra osta, kex og sultu.

lætis sé fjölbreytt og að ostarnir parist vel saman á ostabakka,“ segir Kristín að lokum og bendir áhugasömum á vef MS, ms.is, en sérstakur jólakörfuvefur verður opnaður þar þegar nær dregur jólum.

“Í öllum körfunum frá MS eru ostar úr Dölunum í aðalhlutverki.

VIÐ GEFUM ÞÉR
TILBOÐ
baldvin@hrim.is

FYRIRTÆKJA GJAFAHUGMYNDIR



Kringlunni / Laugavegi 25 / 553-3003 / www.hrim.is

Alltaf tími fyrir gott kaffi

Gjafakörfur Kaffitárs njóta mikilla vinsælda enda alltaf hægt að nota og njóta kaffis og kruðerís. Hægt er að velja á milli staðlaðra gjafakarfa eða sérsníða að óskum hvers fyrirtækis.

Kaffitár hefur boðið upp á gott úrval gjafakarfa fyrir fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum um margra ára skeið. Bæði er um að ræða staðlaðar gjafakörfur en ekki síður sérhannaðar eftir óskum hvers og eins fyrirtækis, segir Sólrún Björk Guðmundsdóttir, markaðs- og rekstrarstjóri Kaffitárs. „Körfurnar eru á breiðu verðbili og henta því öllum gerðum fyrirtækja við hvaða tilefni sem er. Sérhannaðar gjafakörfur njóta sívaxandi vinsælda



Hægt er að velja staðlaðar gjafakörfur hjá Kaffitári eða sérhanna þær með ýmsum hætti, allt eftir óskum og þörfum hvers og eins fyrirtækis.



VELDU ÍSLENSKA HÖNNUN Í JÓLAPAKKA FYRIRTÆKISINS

Nánari upplýsingar í s: 461 3449 eða á info@sveinbjorg.is

Sveinbjörg · Hafnarstræti 71 · Akureyri · www.sveinbjorg.is

hjá okkur enda þykir mörgum betra að velja innihaldið eftir smekk starfsmanna. Uppistaðan í körfunum er þó að sjálfsgöðu gott kaffi en einnig setjum við í þær úrvals te, gömsætar sultur, brjóstsykur og servéttur svo fátt eitt sé nefnt.“

Sælkeravörur eins og matur og drykkur er alltaf vinsæl gjöf til starfsmanna, segir Sólrún. „Sá sem tekur ákvörðun um kaup á gjöfum fyrir starfsmenn stendur oft frammi fyrir erfiðri ákvörðun, sérstaklega ef viðkomandi þekkir ekki smekk viðkomandi starfsmanna. Svo er alltaf einhver hópur starfsmanna sem á allt. Hins vegar er alltaf hægt að nota og njóta kaffis og kruðerís. Gjafakörfur Kaffitárs henta því fyrirtækjum alveg sérstaklega vel.“

Tært og einstakt

Að venju er lögd sérstök alúð og vandvirkni í að velja Hátíðakaffið sem er í öllum körfunum. „Aðalheiður, eigandi Kaffitárs, fór til Mjanmar í fyrra-vefur ásamt fleiri kaffisérfræðingum. Mjanmar hefur ekki endilega verið þekktast fyrir kaffi en þegar landið opnaðist 2011 fengu kaffibændur m.a. þróunarástod. Afraksturinn hefur vakið athygli í kaffiheiminum en kaffið þeirra þykir tært og einstakt. Kaffitár er fyrsta fyrirtækið í Evrópu sem kaupir kaffi millilíðalaust af bændum í Mjanmar sem hafa með nýrri þekkingu og starfsháttum nú tækifæri til að brjótast úr sárrí fátækt, þökk sé einstöku kaffi, mikilli elju og beinum viðskiptum. Auk Hátíðakaffisins má finna í körfunum góðgæti frá Kruðeríi, dótturfyrirtæki Kaffi-

“ **Körfurnar eru á breiðu verðbili og henta því öllum gerðum fyrirtækja við hvaða tilefni sem er. Sérhannaðar gjafakörfur njóta sívaxandi vinsælda hjá okkur enda þykir mörgum betra að velja innihaldið eftir smekk starfsmanna. Uppistaðan í körfunum er þó að sjálfsgöðu kaffi.**



társ sem framleiðir allar matvörur fyrir Kaffitár, og öðrum góðum framleiðendum.“ Fyrirtækjaþjónusta Kaffitárs nýtur sívaxandi vinsælda að sögn Sólrúnar og fyrirtækjunum sem nýta sér þjónustu þeirra fjólgar hratt. „Við bjóðum auðvitað upp á frábært hráefni og góðar vélar til að nota á vinnustöðum. Gott kaffi hefur ótrúlega mikið að segja upp á vinnustadamóral og almenna framleiðni. Við bjóðum upp á ólíkar þjónustuleiðir og sérsníðum þær jafnan að þörfum viðskiptavina okkar.“

Nánari upplýsingar má finna á www.kaffitar.is auk þess sem hægt er að senda fyrirspurn á kaffitar@kaffitar.is.

Jólagjafir 2017

Jólagjafirnar fyrir starfsfólkið og viðskiptavinum færðu hjá A4

Fyrirtækjapjónusta A4 markast af góðri þjónustu og miklu úrvali af gæðavörum. Hafðu samband og fáðu okkur til aðstoða þig við að velja réttu gjöfina. Hjá Fyrirtækjapjónustu A4 starfar fólk með víðtæka þekkingu og áratuga reynslu á sviði heildarlausna fyrir fyrirtækið.

Samsónite

LITE DLX

Glæsileg ný lína af töskum þar sem styrkleiki og sérlega falleg hönnun fara saman. Hörðu töskurnar eru úr hinu byltingarkennda Curve efni með leðurbyrddingum og mjúku töskurnar úr þéttofnu efni með leðurbyrddingum.



B-LITE 3

Sérlega léttar og meðfærilegar töskur á stórum hjólum. Gerðar úr sterkasta efni sem er í boði í mjúkum töskum og öll horn eru sérvarin.



MERKTAR BÆKUR

Sérmerktar dagbækur og minnisbækur eru vinsælar gjafir til viðskiptavina, og starfsmanna. Kynntu þér glæstilegt úrval okkar af dagbókum 2018 og fáðu vandaða ráðgjöf og persónulega þjónustu.



GJAFAKORT

Gjöf sem gleður og hentar öllum.



Kynntu þér enn meira úrval í bæklingnum okkar um jólagjafir fyrir starfsfólkið.



Fyrirtækjapjónusta A4 er í síma 580 0000
www.a4.is jolagjafir@a4.is

A4

Flestir starfsmenn fá jólagjafir

Sænsk könnun sýnir að 57 prósent launþega fá jólagjöf frá vinnuveitanda sínum á hverju ári. Um 22 prósent hafa aldrei fengið jólagjöf á vinnustað. Það var Manpower Work sem gerði könnunina.

Jólagjafir eru algengastar í bygginga- og mannvirkjagerð en þrír af hverjum fjórum í þeim bransa segjast alltaf fá jólagjafir. Öðru máli gegnir um heilbrigðisgeirann. Þar segja aðeins fjórir af hverjum tíu að þeir fái jólagjafir, eða 41 prósent.

Algengasta jólagjöfin virðist vera gjafakort af einhverju tagi. Þriðjungur svarenda fékk gjafakort í jólagjöf. Gjafakort geta verið peningagjafir, upphæð í matvöruverslun eða ákveðinni gjafavöruverslun. Næstvinsælasta gjöfin var matarkarfa, venjulega með kjöti og meðlæti. Eldhúshöld voru vinsælli til gjafa en fatnaður, rúmföt eða handunnin vara. Bækur voru vinsælar svo og áfengi. Það vakti athygli að einhvers konar góðgerðargjafir, það eru gjafir sem styrkja gott málefni, náðu ekki hátt á listann. Þrátt fyrir það hefur verið lögð mikil áhersla á það í Svíþjóð að gefa gjöf sem kemur fátækum til góða. Eitt sænskt fyrirtæki ákvað ein jólin að gefa þann pening sem átti að fara í jólagjafir til starfsmanna til SOS barnaþorpa. Ekki fylgdi sögunni hvort starfsmenn hafi allir verið sáttir við það.

Alls tóku 4.732 þátt í könnuninni. Einungis 42 prósent svarenda voru ánægð með síðustu jólagjöf



Með því að gefa starfsmanninum jólagjöf sýnir vinnuveitandinn þakklæti fyrir vinnuframlag. NORDICPHOTOS/GETTY

» Algengasta jólagjöfin virðist vera gjafakort af einhverju tagi. Þriðjungur svarenda fékk gjafakort í jólagjöf.

frá vinnuveitanda. Um helmingur var stundum ánægður með jólagjöfina en stundum ekki, gjafirnar voru sem sagt mismunandi á milli ára. Sjö prósent svarenda voru alltaf hundóánægð með jólagjöfina. Í sumum fyrirtækjum eru gefnar jólagjafir til starfsmanna og einnig góðra viðskiptavina.

Mörgum vinnuveitendum finnst erfitt að finna réttu gjöfina handa starfsmönnum sínum. Þeir hafa mismunandi þarfir og smekk. Flestir eru ánægðir með matarkörfu eða gjafakort. Vinnuveitendur segja að nauðsynlegt sé að gefa starfsmönnum jólagjafir, það eflir andann innan fyrirtækisins. Þær þurfa ekki að vera mjög dýrar heldur sýna að vinnuveitandinn kunnir að meta starfsmanninn og sýni þakklæti fyrir vinnuframlag hans.

SÆLKERAVÖRUR ÚR ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

SÉRMERKTAR JÓLAGJAFIR FYRIR STARFSMENN OG VIÐSKIPTAVINI

Við sérhæfum okkur í framleiðslu á matargjafarvöru úr íslenskum jurtum og berjum, sem hentar ákaflega vel sem jólagjöf fyrir starfsmanninn eða leynigjöf fyrir starfsfélagana.

Við útbúum gjafakörfur og jólapakka eftir þínum óskum.

Einstök jurta- og berjakryddsölt, jurtate, sultur og sýróp. Kíktu á úrvalið - www.urta.is.

Hægt er að fá allar vörur Urta með sérmerkingu, lógói fyrirtækisins eða jólakveðju.



URTA ISLANDICA - WWW.URTA.IS - URTA@URTA.IS - +354 4701300

GEFÐU UPPLIFUN

Í ÖSKJU

ÓSKASKRÍN ER
FRÁBÆR GJÖF VIÐ
ÖLL TÆKIFÆRI



LANGAR ÞIG AÐ GLEÐJA
SAMSTARFSFÓLK ÞITT EÐA
VIÐSKIPTAVINI EN VEIST EKKI HVERNIG?

VIÐ HÖNNUM
GJÖFINA FYRIR ÞIG



Kynntu þér úrvalið á www.oskaskrin.is

Sendu okkur fyrirspurn á info@oskaskrin.is

eða sláðu einfaldlega á þráðinn til okkar í síma 577 5600



Óskaskrín

Snúran í stærra húsnæði

Verslunin Snúran byrjaði sem netverslun árið 2014. Ári síðar var opnuð verslun undir sama heiti í Síðumúlanum. Nú hefur Snúran verið færð um set að Ármúla 38 og verslunin stækkuð enn meira.

Rakel Hlín Bergsdóttir, eigandi Snúrunnar, segir að nauðsynlegt hafi verið að stækka verslunina. „Við vorum búnar að sprengja utan af okkur húsnæðið í Síðumúla, aðeins þremur árum eftir opnun,“ segir hún en móttökur viðskiptavina hafa farið fram úr björtustu vonum. Snúran býður upp á mikið úrval af spennandi og fallegum gæðavörum fyrir heimilið.

„Með stækkuninni getum við boðið mun breiðari vörulínu og höfum bætt við húsgögnum. Í versluninni er mikið úrval fallegra húsgagna, meðal annars erum við með nýtt merki, Bolia, sem sérhæfir sig í sófum og stærri húsgögnum. Nú getum við sömuleiðis boðið upp á sérstakar deildir fyrir eldhús, bað og svefnherbergi ásamt miklu úrvali af glæsilegum gjafavörum,“ segir Rakel.

Verslunin býður mikið úrval fyrirtækjagjafa. „Við erum með alls kyns smávörur sem eru kjörnar sem jólagjafir handa starfsmönnum. Þar get ég nefnt Finnsdóttir, merki sem er með fallega vasa og jólastjaka. Einnig erum við með æðislega franska matvöru sem hefur verið griðarlega vinsæl í fyrirtækjagjafir. Þá bjóðum við gæða teppi, púða, lampa og margt fleira fallegt. Við aðstoðum viðskiptavini við að velja gjafir sem henta starfsmönnum þeirra og útbúum gjöfina að þörfum hvers og eins. Í fyrirtækjagjöfum hefur matvara, teppin, vönduð sængurverasett og eldhúsvörur verið vinsælast enda henta slíkar gjafir fyrir alla og koma að góðum notum,“ segir Rakel.

Snúran býður mikið úrval af þekktum dönskum vörumerkjum. Bolia er líklegast þekktasta merkið ásamt Finnsdóttir, Design By Us, Lucie Kaas, Reflections og fleirum. „Akkúrat núna eru fallegu Wave ljósín frá Design By Us vinsælasta



Rakel Hlín með starfsfólki sínu sem tekur vel á móti viðskiptavinunum Snúrunnar í Ármúla 38. MYND/ERNIR



Fallegt matarstell í Snúrunni. MYND/ERNIR

„Með stækkuninni getum við boðið mun breiðari vörulínu og við höfum bætt við húsgögnum.“

varan í versluninni,“ segir Rakel. „En verslunin er stútfull af nýjum, fallegum vörum.“ Snúran er í Ármúla 38, sími 537 5101 og er með heimasíðuna www.snuran.is. Snúran er einnig með mjög virka Facebook síðu.



Í Snúrunni fást glæsilegar gjafavörur og húsgögn. MYND/ERNIR



GJAFJAÖSKJUR

TILVALIN JÓLAGJÖF FYRIR MATGÆÐINGA

KOKKARNIR Á GALLERY RESTAURANT HAFA SETT SAMAN GJAFJAÖSKJUR ÚR ÞVÍ SEM ÞEIM ÞYKIR BEST YFIR HÁTÍÐIRNAR.

GJÖFIN ER PÖKKUÐ Í FALLEGAR OG VANDAÐAR UMBÚÐIR OG HENTAR BÆÐI FYRIR EINSTAKLINGA OG SEM FYRIRTÆKJAGJÖF.

ÖSKJURNAR SELDUST UPP FYRIR SEINUSTU JÓL OG BORGAR SIG ÞVÍ AÐ PANTA TÍMANLEGA.

EFTIRLÆTI FRIÐGEIRS - Fyrir fjóra

Innihald: Foie gras - Þurrkað brauð með apríkósum og trönuberjum - Rífsberjasulta Bleikjuhræra - Andalæra „rillet“ - Graflax og hunangssinnepssósa - Jólapp 9.900,-

Bættu við tagliatelle, truffluolíu og trufflusmjöri 12.900,-

Frekari upplýsingar og pantanir á gjafakorfur@galleryrestaurant.is

Framleitt af Gallery Restaurant - Hótel Holti

Gallery
Restaurant



SIÓNVARP BYLGJANIS ÚTVAÐIÐ FM 98.9

Rúnar Freyr og Logi Bergmann opna Bakarið á laugardögum.

ALLA LAUGARDAGA MILLI 09:00 OG 12:00.

BYLGJAN
98.9

Hlý og umvefjandi jólagjöf

Mjúkt, hlýtt ullarteppi og snotur húfa, trefill og ullarsokkar eru himnasending í jólapakkana þegar frostrósir prýða glugga. Íslensk ull fæst í dásamlegum sparibúningi fyrir konur og karla hjá Icewear.

Íslensk ull er dásamleg jólagjöf; hlý og umvefjandi,“ segir Guðrún K. Sigurðardóttir, yfirhönnuður ullarfatnaðar hjá Icewear.

„Íslenska ullin er alheimsundur og yndislegt efni. Hún hefur mjög sérstaka eiginleika og tvenns konar háragero, sem þekktist ekki á fé annars staðar í heiminum. Íslenska ullin samanstendur af stuttum, hrokknum og fingerðum hárum en líka grófum hárum sem hrinda frá sér vætu. Þegar háragerðirnar tvær koma saman er því hægt að vera lengi úti í rigningu án þess að verða gegndrepa í lopapeysu og manni verður mjög seint kalt því fingerðu hárin halda manni heitum þótt blási, því þá hitnar loftið á milli hárananna,“ útskýrir Guðrún um náttúrulega afurð íslensku sauðkindarinnar, sem er réttnefnt þjóðarstolt. „Íslensk lopapeysa er einfaldlega besta flik sem hægt er að klæðast; sumar, vetur, vor og haust. Það er ekki til neitt betra en íslensk ull.“

Verður margt að yrkisefni

Guðrún var með kennarapróf í mynd- og handmenntum og hafði nýlega útskrifast úr textílhönnun í Bandaríkjunum þegar hún sá auglýsta stöðu ullarhönnuðar hjá Icewear árið 1989.

„Í gegnum tíðina hafði ég alltaf þrjónað peysur og fyrsta kastið var ég lausráðin en svo fljótlega fast-ráðin við hönnun ullarfatnaðar hjá Icewear,“ segir Guðrún sem starfaði óslitið hjá Icewear til ársins 2000 en sneri sér þá að öðru til ársins 2014 þegar hún tók aftur við starfi aðalhönnuðar ullarfatnaðar hjá Icewear.

„Ég hef ekki tölu á þeim peysum eða flikum sem ég hef hannað fyrir Icewear en þær eru orðnar ansi margar,“ segir Guðrún og hlær.

„Fyrstu árin varð ég að koma með nýja línu á hverju ári því þá mátti ekki halda neinu áfram í sölu á milli ára, en í dag er vinsælum vörum haldið inni og meira að segja nýtur ullarhönnun frá því á síðustu öld enn mikilla vinsælda hjá Icewear!“

Guðrún er alltaf með augun opin fyrir hugmyndum að munstrum sem hún segir að komi héðan og þaðan.

„Mér verður margt að yrkisefni á þrjónunum en stundum hannar maður út frá áhrifum samtímans. Þannig urðu norsk munstur vinsæl í kjölfar vetrarólympíuleikanna í Noregi 1994 og við ákváðum að hoppa á vagninn og taka þátt í ævintýrinu með því að hanna okkar eigin línu, undir áhrifum frá norskum munstrum. Við keyptum norskt band í framleiðslu á peysum með norskum útliti og ósjaldan keyptu Íslendingar okkar peysur í Noregi og komu heim í þeirri trú að það væru norskar peysur!“ segir Guðrún og brosir.

Ullin er alltaf í tisku

Meðal nýjunga úr smíðju Guðrúnar eru þrjónuð ullarteppi sem notið hafa mikilla vinsælda til jólagjafa, enda jólaleg í svörtu, rauðu og hvítu.

„Teppin eru þrjónuð á bæði borð, með munstur beggja vegna, en þá er sinn liturinn ráðandi á hvorri hlið,“ útskýrir Guðrún sem teflir nú fram enn fleiri munstrum og litum í væðarvöðum Icewear, ásamt gullfallegri barnavöru og peysum úr léttlopa fyrir fullorðna, en þær þarf að vélþrjóna í útlöndum þar sem þrjónakonur á Íslandi anna ekki eftirspurninni.

„Ull er alltaf í tisku og hún á alltaf við. Sumir segja að þá klæi undan henni en ég segi fólki að klæðast



Guðrún K. Sigurðardóttir er yfirhönnuður ullarfatnaðar hjá Icewear.



Smávara frá Icewear er heillandi gjöf í jólapakkana. MYNDIR/EYÞÓR



Þrjónuðu teppin er eiguleg gjöf sem sýnir umhyggju og hlýju.



Teppi með norskum munstri er dásamlega falleg jólagjöf sem prýðir hvert heimili.

henni í tíu mínútur og sjá hvort kláðinn sé þá ekki úr sögunni, því þegar ullin hitnar hættir hún að valda kláða,“ segir Guðrún og veit upp á hár hvað hún veldi í jólapakkana.

„Ég mundi velja ullarteppi því allir þurfa að eiga teppi til að kúra með uppi í sófa. Mér finnst það sérlega hlýleg og vinalæg gjöf á jolum þegar vetur ríkir úti og það kemur sér alltaf vel að eiga hlýtt teppi.“

Þá er alltaf dásamlegt að fá ullarsokka, vettlinga, húfu eða trefill í jólapakkann. Það eru allt góðar og gagnlegar gjafir sem koma að góðum notum. Úrval mynstra og lita er ríkulegt og auðvelt að finna fallega hönnun sem klæðir alla.“

Hafið samband fyrir frekari upplýsingar og tilboð fyrir fyrirtæki í síma 555 7400 eða sendið póst á asgeir@icewear.is. Skoðaðu vöruúrvalið á icewear.is.



Húfur, ennisbönd, vettlingar, hanskar og treflar fást í úrvali lita og munstra hjá Icewear.



Bræddu hjörtu

Sörur eru með sparilegri jóla-smákökum og falla flestum í geð. Hvernig væri að gera vinnufélögum dagamun á adventunni og bjóða upp á Sörur með smá tvísti? Þessar eru af uppskriftasíðunni eldhus.is.

Daim-Sörur

Botn:

2 stk. eggjahvítur

2 dl sykur

¼ tsk. lyftiduft

50 g finkurlað Daim

Krem:

2 stk. eggjarauður

2 msk. síróp

100 g lint smjör

30 g finkurlað Daim

½ msk. kakó

Hjúpur:

200 g rjómasúkkulaði

Aðferð

Botn:

Eggjahvítur stífþeyttar. Sykur settur út í og hrært vel. Daim og lyftiduft hrært varlega saman við með sleif. Sett á bökunarpappír á plötu með teskeið. Bakað við 160°C í 8-10 mínútur.

Krem:

Eggjarauður og síróp hrært vel saman. Smjórið er linað og hrært saman við og að lokum Daim og kakó. Sett á hverja köku og sett í frysti (eða bara í kæli).

Hjúpur:

Brætt í vatnsbaði og kökurnar hjúp- aðar og geymdar í frysti.



Fjör í vinnunni

Ýmsum einföldum ráðum má beita til að fríska upp á stemninguna í vinnunni.

- Góður matur gerir kraftaverk fyrir lundina. Sameiginlegur morgunmatur á vinnustaðnum einu sinni í mánuði eða oftast getur verið kærkomið tækifæri samstarfsfélaga til að hittast og rabba saman í afslöppuðu umhverfi áður en annir dagsins hefjast.
- Óvænt fri. Allir hafa þörf fyrir fleiri klukkutíma í sólarhringnum. Skilaboð um að starfsfólk megi mæta klukkutíma eða tveimur seinna einhvern tiltekin mánudagsmorgun, eða fara fyrir einhvern föstudaginn ætti að gleðja flesta.
- Jóga og teygjur. Í kyrrsetuvinnu getur þreyta í baki og öxlum haft slæm áhrif á stemninguna og leitt til fleiri veikindadaga. Með því að smala hópnum saman í reglulegar hópæfingar, jóga eða teygjur í nokkrar mínútur á dag má bæta líðan.
- Tilbreyting. Vélræna daga í vinnunni gæti verið gott að brjóta upp. Til dæmis með því að fá danskennara í klukkustund einn mánuðinn til að hrista upp í hópnum. Þá mætti halda venjubundinn fund utan vinnustaðarins, til dæmis á kaffihúsi, veitingastað eða í almenningsgarði ef veðrið er gott.

Sælasta jólakveðjan

Sælla er að gefa en að þiggja, segir máltækið, og er mikið til í því. Þó er hrein sæla að taka upp persónulega og handskrifada kveðju frá vinnuveitanda sínum á aðfangadagskvöld. Ekki er saman að jafna áprentaðri og fjöldaframleiddri jólakveðju frá forstjóranum og hlýlegum og vel ígrunduðum orðum hans til starfsmanna sinna við þau kærleiksríku tímamót sem jólin eru. Hver og einn starfsmaður

hefur sitt einstaka framlag fram að færa til fyrirtækisins og verðskuldar persónulegar þakkir, vinalót og kveðjur frá vinnuveitanda sínum um jólin. Það tekur auðvitað lengri tíma að handskrifa persónulegar jólakveðjur, en þeim tíma er sannarlega vel varið, og jólakortið hittir starfsmanninn í hjartastað. Bæðir aðilar, sem og fyrirtækið, munu hagnast á kærleika jólanna í orði og verki.



Vandaðar gjafir sem gleðja góða starfsmenn

Við hjá Húsgagnahöllinni hjálpum þér að finna réttu gjöfina fyrir starfsmanninn þinn. Við erum með mikið úrval af fallegum og vönduðum vörum frá þekktustu hönnuðum heims. Kíktu á úrvalið á husgagnahollin.is eða komdu og fáðu ráðgjöf hjá starfsfólki okkar.



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bildshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

TIMEOUT

HAUSTTILBOÐ

STÓLL + SKEMILL

KR. 286.000

FULLT VERÐ KR. 357.600



CONFORM®



Asterix 3ja sæta sófi kr. 276.900



Cupid Marble
kr. 15.700

Cupid Black
kr. 23.400



Karetta stóll
kr. 88.600



Cast vasar
kr. 5.490



Glory púðar
kr. 6.700



Flower Lounge stóll
kr. 93.800



Palm motta 170x240 kr. 49.900
200x300 kr. 71.900



Bow gólf lampi
kr. 39.800



Salma Night sófi kr. 217.200

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f / linanehf](#) [/ linan.is](#)
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



Bakað blómkal á miðausturlenskan máta með flatbrauði.



Ferskur eftirréttur undir líbönskum áhrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þráinn Freyr Vigfússon rekur Sumac á Laugavegi við miklar vinsældir.

Miðausturlensk matarveisla

Þráinn Freyr Vigfússon kokkur á veitingastaðnum Sumac gefur lesendum uppskrift að miðausturlenskri veislu sem er einkar viðeigandi á haustin. Kryddaðar og hlýlegar krásir.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hasarinn, ástríðan og fá að skapa eitt-hvað nýtt," segir Þráinn Freyr Vigfússon spurður um hvað það er sem heillar svo mjög við matreiðslu. Þráinn Freyr rekur veitingastaðinn Sumac á Laugavegi við miklar vinsældir. Réttir staðarins eru undir áhrifum frá Líbanon og Marokkó. Þráni Frey fannst vanta nýja strauma í matarmenningu Reykjavíkur. Á meðal vinsælustu rétta staðarins er ofbakað blómkal sem hann gefur lesendum uppskriftina að. Hann er alls óhræddur við það að gestir hætti við að koma á veitingastaðinn þótt hann gefi upp leyndarmálin. „Það skiptir máli hvernig þetta er gert og andrúmsloftið er ekki síður mikilvægt þegar maður borðar góðan mat," segir Þráinn Freyr sem undirbýr opnun nýs veitingastaðar inn af Sumac. Þar sem gestir geta setið í ró og næði. „Hann mun eiga sitt nafn og maturinn er úr annarri átt en Sumac," segir Þráinn Freyr leyndardómsfullur.

Kryddjurta jógurtsósa

200 g grískt jógúrt
50 g dill
30 g mynta
Salt
Lime safi

Jógúrtið, dillið og myntan er unnið saman í blandara þar til sósan hefur fengið fallegan grænan lit, því næst er hún krydduð til með salti og lime safi.

Bakað blómkal

2 stk. blómkal

Blómkálið er sodið í 6 mínútur, því næst kryddað með kryddblöndunni og bakað inni í ofni á 190°C í 15 mínútur eða þar til blómkálið er orðið gullinbrúnt. Blómkálið er síðan borið fram með jógurtsósu, granateplum og ristudum möndluflögum.

Kryddblanda

10 g salt
5 g sykurl
5 g malað kúmeni
3 g ristuoð og möluð kórianderfræ

Öllu blandað saman.

Jógurtsósa

200 g grískt jógúrt
30 g kúmeni
30 g tahini
Salt, pipar, sítrónusafi
Jógúrt, tahini og kúmeni er blandað saman og smakkað til með salti, pipar og sítrónu.

Granatepla vinaigrette

1stk. granatepli
1stk. appelsína
50 ml ólífuolía
25 ml eplaedik
Salt, hunang

Granateplið er opnað og fræin tekin úr, safanum og berkinum af einni appelsínu er bætt við ásamt

olíunni og edikinu og því næst er það smakkað til með salti og hunangi.

Jógúrt ís

600 ml mjólk
200 g sykurl
160 g glúkósi
800 g jógúrt
6 g stabilizer /hægt að nota líka 3 stykki matarlímsblöð
Safi úr einni sítrónu

Mjólk, sykurl og glúkósi hitað að suðu, þá er stabilizerinn (eða matarlímsblöð) hrærður saman við og blandan kæld. Jógúrtið er svo hrært saman við kalda blönduna ásamt sítrónusafanum. Sett í ísvél og hrært upp.

Sumac Graníta

500 l vatn
100 g sykurl
1 blað matarlím
25 g sumac
250 g jarðarber

Leggið matarlímsblöðin í kalt vatn. Vatn og sykurl er sodið upp, svo er matarlími bætt út í og hrært saman við, kælið svo blönduna. Vinnið allt saman í blandara og sigtið. Frystið í staldalli og skafið svo upp með gaffli.

Sítrónukrem

100 g sítrónusafi
10 g sítrónubörkur
120 g sykurl
70 g eggjarauður
1 g salt
130 g smjör
Xantana
1 kanilstöng
1 stk. kardimomma

Setjið saman í pott sítrónusafa, börk, kanil, kardimommur, egg og sykurl. Vinnið yfir hita rólega þar til egginn hafa eldast og náð góðri þykkt. Setjið í blandara og takið frá kanilinn og kardimommuna. Vinnið blönduna smátt og smátt með smjöri. Smakkið til með sykri og salti. Skerið niður jarðarber og skreytið með þeim.

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT
KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

GLAMOUR

Ísland
október 2017

„Allar konur ættu að prófa að RAKA AF SÉR HÁRIÐ einu sinni á ævinni“

Ása Bríet og Tinna Rán segja það frelsandi að hafa sig við hárið.

Andlits-skyggingar út & LÁTLAUST INN!

Þóra Valdimars, Anitra Magnús og fleiri um fjórðunnir.

19

HLUTIR til að koma heimilinu í vetrargirnin.

Kristen STEWART

Tuffurinn í Hollywood mætir úg við Chanel.

52 blaðsíður um
FÖRDUN
FEGURD & HÁR

Nýtt og ferskt í vetur, beint af póllunum í snyrtibúðunum.



Takk

Á allra vörum þakkar öllum þeim sem
tóku þátt og styrktu söfnunarátakið í haust.

Ríflega 80 milljónir króna

söfnuðust fyrir Kvænnaathvarfið og verða þær nýttar til
byggingar langtímahúsnæðis fyrir konur og börn sem hafa
ekki í önnur hús að venda þegar dvöl í athvarfinu lýkur.

Þessi magnaði árangur hefði ekki náðst
án ykkar stuðnings, kæru landsmenn.

**Ástarþakkir til ykkar sem
gerðuð von að veruleika!**

Elísabet Anna Guðrún



Kvikmyndaborgin Reykjavík

Svokallaðir bransadagar eru hluti af dagskrá RIFF hátíðarinnar. Þar verður boðið upp á sérstaka dagskrá fyrir kvikmyndagerðarfólk. Vera Sölvadóttir heldur utan um bransadagana sem hefjast í dag með spjalli með Werner Herzog í Háskólabíói.

Þann 4. október verður svo haldið málþing í hátíðarsal Norræna hússins. Umfjöllunarefnið er kvikmyndaborgin Reykjavík. Þar verða umræður um möguleika Reykjavíkurborgar til að þjónusta og efla kvikmyndagerð og kvikmyndatökur borgarinnar.

„Málþingið er hugsað sem kynning og umræður um möguleika Reykjavíkur í að þjónusta og efla kvikmyndagerð. Það hvernig auka má aðráttarafl Reykjavíkurborgar sem kvikmyndaborgar,“ segir Vera Sölvadóttir kvikmyndagerðarkona sem heldur utan um bransadaga RIFF í ár. Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, stýrir umræðum og meðal þeirra sem taka þátt verða Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Kristinn Þórðarson, formaður Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Thomas Gammeltoft, forstöðumaður kvikmyndasjóðs Kaupmannahafnar, auk íslensks kvikmyndagerðarfólks.

Meðal þess sem verður rætt er þróun uppbyggingar kvikmyndaþorps í Gufunesi. Fyrir rúmu ári síðan var tilkynnt um byggingu RVK studios á kvikmyndaferi sem verður hluti af framtíðarmynd Gufunes. Þangað vilja smærri og stærri fyrirtæki stefna og samnýta krafta sína. Í vor var til dæmis tilkynnt um að tækjaleigan Kuki flytji í Gufunes innan tíðar.

„Uppbyggingin mun koma til með að gjörbreyta vinnuumhverfi kvikmyndagerðarmanna. Kannski verður hægt að búa til heila kvikmynd án þess að sækja þjónustu annað,“ segir Vera.

Henni finnst ekki mega missa sjónir á því að efla íslenskt hæfileikafólk til dáða. „Uppbyggingin má að mínu mati ekki bara verða þjónusta við erlenda aðila. Við eigum líka að efla innlenda kvikmyndagerð og alla sköpun sem tengist kvikmyndagerð. Við Thomas Gammeltoft ræddum einmitt um þetta og ég hlakka mikið til að hlusta á hvað hann hefur fram að færa á málþinginu,“ segir Vera.

Margt annað skemmtilegt verður um að vera á kvikmynda-hátíðinni tengt kvikmynda-gerð. „Ég get til dæmis nefnt skemmtilegan viðburð með Dr. Gunna sem fer í gönguferð um Reykjavík og sýnir tökustaði þar sem klassískar kvikmyndir hafa verið teknar upp ásamt því að stoppa við staði sem eiga sér skemmtilega menningarlega skirskotun,“ segir Vera en gönguferðin skemmtilega verður þann 5. október. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Riff, www.riff.is. – kbg



UPPBYGGINGIN MÁ AÐ

MÍNU MATI EKKI BARA

VERÐA ÞJÓNUSTA VIÐ

ERLEND AÐILA. VIÐ

EIGUM LÍKA AÐ EFLA

INNLEND KVIKMYNDA

GERÐ OG ALLA SKÖPUN.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Into the Inferno er nýjasta mynd Herzogs og því fjallar fyrsta spurningin um eldfjöll og hvað það sé við þau sem heilli hann svo mikið.

„Eldfjöll hafa heillað mig mjög lengi. Árið 1976 gerði ég myndina La Soufrière á eyjunni Guadeloupe og hún fjallaði um gríðarlega hættulegt ástand sem ríkti þar á þeim tíma. Það er gríðarlegur kostur við eldgos að þar birtist hrikalegur náttúrulegur kraftur sjónrænt og það er alls ekki hægt að hunsa hann sé maður kvikmynda-gerðarmaður.“

Við gerð Into the Inferno notaði ég svipmyndir sem ég fékk á Íslandi, frá Eyjagosinu. Það gos var mjög vel fest á filmu og var auðvitað gjörsamlega meiriháttar. Ótrúlegt að beint fyrir aftan húsið manns opnast logandi sprunga – það er mjög óflugt myndefni.“

Hann talar um Into the Inferno og við ræðum stuttlega um Konungsbók í tengslum við það hvernig menning, trú og eldfjöll geta tengst.

„Á áttunda áratugnum, stuttu eftir að Konungsbók hafði verið skilað aftur til Íslands, fékk ég að halda á henni – og allir í Reykjavík vissu af því á innan við tíu mínútum!“

Skjalafals órjúfanlegur hluti kvikmyndagerðar

Meðal námskeiða sem Werner Herzog kennir við Rouge Film School eru meðal annars skjalafals, það að dýrka upp lása og íþróttir kvikmyndagerðarinnar. Herzog segist glottandi afgreiða þessi námskeið á stuttum tíma í byrjun annar. En hann verður síðan alvarlegur þegar skjalafals berst í mál.

„Fitzcarraldo – þar sem ég flyt skip yfir fjall – hefði aldrei orðið að veruleika ef það væri ekki fyrir umtalsvert skjalafals. Ástæðan fyrir því er sú að á þeim tíma var einræði í landinu, herforingjastjórn, og ég fékk ekki að færa skipið. Ég lagði því fram fjögurra blaðsíðna leyfi fyrir þessum umsvifum og því fylgdi meira að segja undirskrift frá forseta Perú. Ég sjálfur útbjó auðvitað öll þessi skjöl og falsaði meira að segja undirskrift forsetans.“

Þetta eru nauðsynlegir hæfileikar til að komast fram hjá kerfinu. Kerfið býður ekki kvikmyndagerðarfólki að stunda list sína og raunar er kerfið og bjúrókrasían náttúrulegur óvinur kvikmynda-gerðarmannsins. Það er mjög nauðsynlegt að vera klárari en skrifræðið og kunna að nýta sér ákveðin glæpsamleg öfl – án þess að nokkur meiðist. Það er markmiðið – þú ferð á svig við kerfið, þú ferð á svig við herforingjastjórnina og enginn meiðist. Til þess þarf að kunna að falska eigin skjöl meðal annars – kvikmyndagerðin veltur á því og það er náttúrulegur

Lygar, skömm og leyndarmál

Elle Marja er 14 ára samisk stelpa sem gætir hreindýra. Þegar hún upplifir kynþáttafordóma í heimavistarskólanum sínum fer hana að dreyma um annað líf. Til að öðlast það þarf hún að verða önnur manneskja og slíta tengslin við fjölskyldu sína og menningu. Þetta er söguþráður kvikmyndarinnar Sami Blood sem Amanda Kernell leikstýrir. Myndin vann Europa Cinema Label og FEDEORA verðlaunin í Feneyjum og er sýnd á RIFF í ár.

Kvikmyndin er persónulegt verk Amöndu.

„Í fjölskyldu minni eru nokkrir af eldri kynslóð Sama sem afneita uppruna sínum og menningu. Þeir ólust upp í fjöllum og gættu hreindýrahjarða og töluðu samisku. Seinna fóru þeir í heimavistar-skóla þar sem þeim var eingöngu leyft að tala sænsku. Í dag bera þeir önnur nöfn og segjast sænskir

Eldfjöll, skjalafals & langir göngutúrar

Werner Herzog er stundum sagður vera eini eftirlifandi kvikmyndahöfundurinn (auteur) en hann hefur á ferlinum gert gríðarlegan fjölda kvikmynda. Herzog er nú staddur á landinu vegna RIFF og að því tilefni fékk Fréttablaðið að ræða stuttlega við hann.

réttur listamannsins, náttúrulegur réttur ljóðskáldsins.“

Náttúruétturinn minnti á söguna af Herzog þar sem hann fékk „lánaða“ myndavél úr Institute for Film Research í München. Hann segir að stofnunin hafi haft það hlutverk að lána út vélarnar til upprendandi kvikmynda-gerðarmanna en hafi ekki viljað lána honum vél af ein-

hverri ástæðu og því hafi hann bara tekið vélina. Ætlunin hafi allan tímann verið að skila henni.

„Þegar ég var búinn að skjóta fyrstu myndina kom sú næsta, svo sú næsta og svo koll af kolli. Ég áttáði mig á því að enginn tók eftir því að vélin var horfin. Sjálft hlutverk myndavélarinnar var að þjóna fólki eins og mér – svo að það var auðvitað náttúrulegur réttur minn að skjóta á hana kvikmyndir.“

Lesið bækur

Nokkur ráð fyrir unga kvik-



LESID. FERDIST

FÓTGANGANDI. FERDIST

FRÁ MADRÍÐ TIL KÍEV

ÉÐA FRÁ BOSTON TIL

GVATEMALABORGAR. ÞAÐ

MARGBORGAR SIG OG ER

MIKIÐ BETRA EN FJÖGUR

ÁR Í KVIKMYNDASKÓLA.

myndagerðarmenn:

„Lesið. Ferðist fótgangandi. Ferðist frá Madrid til Kíev eða frá Boston til Gvatemalaborgar. Það margborgar sig og er mikið betra en fjögur ár í kvikmyndaskóla. Haltu þig við eigin hugsjón því að það er engin ástæða til að hræðast nokkurn skapaðan hlut.“

Ég spyr hann hvað hann sé að lesa þessa dagana og hann segir mér að hann sé mest að lesa ljóð en fyrir utan það sé það aðallega „pragmatískur lestur“ á hnausþykkri endurminningabók Gorbatsjovs og tæknilegir hluti um Sovétríkin vegna næsta verkefnis síns sem hann hefur verið að vinna í Moskvu þáðan sem hann flaug beint til Íslands.

Áður en blaðamaður nær að spyrja hann betur út í það verkefni lýkur viðtalinu skyndilega þegar honum er tilkynnt að hann verði að hendast yfir í næsta stopp. Áður en hann fer staldrar hann þó við og talar eilítið um internetið og hvernig ungt fólk, mengi sem blaðamaður fellur undir, verði að vara sig á ýmsum fólkskum staðreyndum sem þar er að finna. Blaðamaður getur ekki annað en tekið undir það.



Kvikmyndin Sami Blood er persónulegt verk Amöndu Kernell.

og hafa ekki talað við systkini sín síðan á sjöunda áratugnum. Þetta er ekki einsdæmi. Þetta er það sem einkennir þessa kynslóð Sama,“

segir Amanda. „Ég hef alltaf velt því fyrir mér af hverju þeir ákváðu að slíta tengslin og breytast. Getur þú orðið önnur manneskja? Hvað

